

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B40-44

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

***B 40-44***

***Nr. 337-362***

***2005***

## Efnisyfirlit B 40–44 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
337	23. mars	Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu .....	489
338	29. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993 með síðari breytingum .....	490
339	23. mars	Reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga .....	490-499
340	29. mars	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	500
341	31. mars	Auglýsing (V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta .....	500-502
342	1. apríl	Reglugerð um fjárvörslureikninga fasteignasala .....	503-506
343	5. apríl	Reglugerð um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski .	507-508
344	5. apríl	Reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofnum 2005 .....	508-514
345	4. apríl	Reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu .....	514-520
346	21. mars	Lögreglusamþykkt fyrir Skaftárhrepp .....	521-529
347	23. mars	Samþykkt um fráveitur í Breiðdalshreppi .....	529-532
348	17. feb.	Auglýsing um skipulagsmál í Reykjanesbæ .....	533
349	1. mars	Gjaldskrá fyrir dóma á kynbótahrossum .....	533
350	31. mars	Auglýsing um deiliskipulag þjónustusvæðis við Þrastarlund í Grímsnes- og Grafningshreppi .....	534
351	30. mars	Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði .....	534
352	29. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001, með síðari breytingum .....	535
353	23. mars	Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Villingaholtshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna .....	535
354	29. mars	Reglugerð um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun .....	536-537
355	29. mars	Reglugerð um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar .....	537-539
356	29. mars	Reglugerð um tilkynningarfrést slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.....	539-540
357	29. mars	Reglugerð um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að framlengja bótagreiðslur þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða .....	540-542
358	23. mars	Samþykkt um búfjárhald í Grindavík .....	542-543
359	22. mars	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	543
360	30. mars	Auglýsing um deiliskipulag í Skaftárhreppi .....	544
361	10. mars	Reglugerð um flugvernd .....	544-591
362	5. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi .....	591-592

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 2005

---

23. mars 2005

489

Nr. 337

## AUGLÝSING

**um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi löndum um upprætingu á Avian Influensu í Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong, en Avian Influensa er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er framlengt bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum löndum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast gildi 31. mars og gildir til 30. september 2005.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*



## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

6. gr., sbr. reglugerð nr. 19 4. janúar 1996, orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. greiðist í ríkissjóð og skal vera sem hér segir:

1. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss fyrir 1. maí 1999, kr. 100.000.
  2. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999 í tilvikum þar sem aðilar eru sam-mála um að leggja matsbeiðni fyrir örorkunefnd án undanfarandi mats annarra, kr. 100.000.
  3. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999, þar sem óskað er endurskoðunar á mati sem aðrir hafa framkvæmt, kr. 180.000.
  4. Gjald fyrir mat í kjölfar beiðni um endurupptöku máls, kr. 60.000.
- Greiðsla skal fylgja beiðni um mat samkvæmt 1.– 4. tl. Sé beiðni um mat vísað frá skal endurgreiða þeim sem beiðid hefur um mat.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10 gr. skaðabótalaga nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 37/1999, öðlast gildi 1. apríl 2005.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## REGLUGERÐ

### um atvinnuréttindi útlendinga.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Um undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi gilda ákvæði III. kafla laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga og 3. gr. reglugerðar þessarar.

##### 2. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *Atvinnuleyfi.* Leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf.
2. *Tímabundið atvinnuleyfi.* Tímabundið leyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa.

3. *Atvinnuleyfi til sérhæfðra starfsmanna.* Tímabundið leyfi veitt útlendingi vegna sérhæfðra verkefna.
4. *Óbundið atvinnuleyfi.* Ótímabundið leyfi veitt útlendingi til að vinna á Íslandi.
5. *Atvinnuleyfi vegna námsdvalar og vistráðningar.* Atvinnuleyfi erlendra námsmanna í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi eða vegna samninga um vistráðningu á heimili.
6. *Fullt nám.* 75-100% samfelld nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. sex mánuði. Enn fremur er átt við 75-100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.
7. *Atvinnurekandi.* Einstaklingur eða fyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi er háttað.
8. *Búsetuleyfi.* Leyfi sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar skv. 15. gr. laga um útlendinga.
9. *Útlendingur.* Einstaklingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgarétt.
10. *Nánustu aðstandendur:*
  - a. Maki.
  - b. Samvistarmaki.
  - c. Sambúðarmaki, þegar aðilar geta sýnt fram á að hafa búið saman í skráðri sambúð eða sambúð sem er staðfest með öðrum hætti í að minnsta kosti tvö ár og hyggjast búa áfram saman.
  - d. Niðjar yngri en 18 ára.
  - e. Ættmenni útlendingis eða maka hans að feðgatali sem er á framfæri þeirra.

### 3. gr.

#### *Útlendingar sem undanþegnir eru kröfu um atvinnuleyfi.*

Eftirtaldir eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi:

- a. Ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- b. Maki launamanns sem er ríkisborgari í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ásamt börnum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. einnig lög nr. 47/1993, um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- c. Ættmenni launamanns sem er ríkisborgari í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og maka hans sem skyldir eru að feðgatali, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 1612/68/EBE, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. einnig lög nr. 47/1993, um frjálstan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- d. Útlendingur sem hefur verið íslenskur ríkisborgari frá fæðingu en hefur misst íslenskan ríkisborgarétt.
- e. Erlendur maki íslensks ríkisborgara og börn hans að 18 ára aldri.
- f. Útlendingur í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja.

## 4. gr.

*Útlendingar sem undanþegnir eru kröfu um atvinnuleyfi vegna skammrar dvalar.*

Eftirtaldir útlendingar eru undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi vegna vinnu í allt að fjórar vikur á ári hér á landi:

- a. Vísindamenn og fyrirlesarar að því leyti sem varðar kennslu eða hliðstæða starfsemi.
- b. Listamenn, að undanskildum hljóðfæraleikurum, sem ráða sig til starfa á veitingahúsum. Undanþága samkvæmt þessum lið tekur ekki til dansara sem koma fram á næturklúbbum, sbr. i-lið 9. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum.
- c. Íþróttþjálfarar.
- d. Fulltrúar í viðskiptaerindum fyrir fyrirtæki sem ekki hafa útibú hérlendis.
- e. Ökumenn fólksflutningabifreiða sem skráðar eru í erlendu ríki, enda hafi þeir komið með erlenda ferðamenn í bifreiðunum til landsins.
- f. Bláða- og fréttamenn erlendra fjölmiðla sem eru í þjónustu fyrirtækja sem ekki hafa starfsstöð á Íslandi.
- g. Starfsmenn, ráðgjafar og leiðbeinendur sem vinna að sérhæfðri samsetningu, uppsetningu, eftirliti eða viðgerð tækja. Aðallega er hér átt við tilvik þegar tæki eru með ábyrgð seljanda á hinu selda og ábyrgðin háð því skilyrði að uppsetning, prófanir og tímabundið eftirlit sé í höndum sérhæfðra starfsmanna seljanda eða annarra sem hann viðurkennir í þessu skyni.

## 5. gr.

*Tilkynningar.*

Atvinnurekandi, sem fær útlending í þjónustu sína, sendir útlending á sínum vegum hingað til starfa eða ræður útlending til starfa hér á landi skal tilkynna um það skriflega til Útlendingastofnunar skv. 110. gr. reglugerðar nr. 53/2003, um útlendinga, sbr. 54. gr. laga um útlendinga.

## II. KAFLI

**Umsókn og veiting atvinnuleyfis.**

## 6. gr.

*Almennt.*

Vinnumálastofnun annast veitingu atvinnuleyfa í umboði félagsmálaráðherra.

Atvinnuleyfi veitir rétt til að vinna hér á landi samkvæmt þeim lögum og reglum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnuleyfið skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur í fyrsta skipti til starfa á Íslandi. Frá þessu má þó víkja ef sá sem sótt er um atvinnuleyfi fyrir er samvistarmaki eða sambúðarmaki íslensks ríkisborgara eða ríkisborgara aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Hið sama á við þegar um er að ræða maka, samvistarmaka, sambúðarmaka eða barn, yngra en 18 ára, útlending sem fengið hefur búsetuleyfi eða dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum samkvæmt lögum um útlendinga. Enn fremur er heimilt að veita undanþágu þegar aðrar ríkar sanngirniskröfur en þær sem tilgreindar eru í ákvæði þessu eru fyrir hendi.

## 7. gr.

*Umsókn um atvinnuleyfi.*

Atvinnurekandi sem óskar eftir tímabundnu atvinnuleyfi til að ráða útlending til starfa skal sækja um leyfið á þar til gerðum eyðublöðum Vinnumálastofnunar. Umsókn skulu fylgja

öll þau gögn og vottorð sem Vinnumálastofnun gerir kröfu um til staðfestingar á að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem lög um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerð þessi kveða á um. Hið sama gildir er útlendingur sækir um óbundið atvinnuleyfi eða atvinnuleyfi skv. 10. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Útlendingastofnun veitir umsókn um atvinnuleyfi viðtöku og áframsendir til Vinnumálastofnunar.

8. gr.

*Staðfesting á veittu atvinnuleyfi.*

Vinnumálastofnun skal tilkynna ákvarðanir sínar um veitingu atvinnuleyfa og synjanir til Útlendingastofnunar.

Þegar Vinnumálastofnun ákveður að veita atvinnuleyfi á grundvelli umsóknar að uppfylltum skilyrðum laga um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerðar þessarar skal stofnunin tilkynna atvinnurekanda og Útlendingastofnun um ákvörðun sína. Við móttöku tilkynningar gefur Útlendingastofnun formlega út skilríki um atvinnuleyfið.

Þegar Vinnumálastofnun synjar um veitingu atvinnuleyfis á grundvelli umsóknar skal Vinnumálastofnun tilkynna atvinnurekanda um þá ákvörðun skriflega. Í tilkynningu stofnunarinnar skal meðal annars leiðbeina atvinnurekanda um kæruheimild skv. 24. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Vinnumálastofnun skal senda Útlendingastofnun afrit af tilkynningunni.

### III. KAFLI

#### **Tímabundið atvinnuleyfi.**

9. gr.

*Tímabundið atvinnuleyfi.*

Heimilt er að veita atvinnurekanda tímabundið atvinnuleyfi til að ráða útlending til starfa að uppfylltum skilyrðum a–f-liðar 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, III. kafla reglugerðar þessarar og í samræmi við stefnu stjórnvalda hverju sinni.

Við mat á því hvort skilyrðum a-liðar 1. mgr. 7. gr. laganna sé fullnægt skal Vinnumálastofnun meðal annars líta til:

- a. aðstæðna á innlendum vinnumarkaði,
- b. skuldbindinga íslenskra stjórnvalda samkvæmt samningnum um Evrópska efnahags-svæðið,
- c. langtímaáhrifa útgáfu tímabundinna atvinnuleyfa á innlendan vinnumarkað,
- d. hæfni starfsmannsins sem sótt er um leyfi fyrir þegar hæfnisskilyrði eru sett fyrir ráðningu í starfið,
- e. annarra atriða sem geta haft þýðingu um veitingu atvinnuleyfis.

Umsögn stéttarfélags skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. laganna er ekki bindandi fyrir Vinnumálastofnun við ákvörðun um veitingu atvinnuleyfis. Stéttarfélagið eða landssambandið er veitir umsögn vegna atvinnuleyfis skal jafnframt sérstaklega rökstyðja neikvæða umsögn.

10. gr.

*Sjúkratrygging.*

Þegar sótt er um tímabundið atvinnuleyfi skal atvinnurekandi sýna fram á að starfsmaður sé sjúkratryggður með því að leggja fram tryggingaskírteini um sjúkratryggingu að lágmarki 2.000.000 kr. frá váttryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi.

## 11. gr.

*Fullnægjandi heilbrigðisvottorð.*

Fullnægjandi heilbrigðisvottorð varðandi starfsmann sem sótt er um atvinnuleyfi fyrir skal fylgja með umsókn um tímabundið atvinnuleyfi. Þegar um erlent vottorð er að ræða skal jafnframt fylgja með þýðing á vottorðinu á íslensku eða ensku frá löggiltum skjalapýðanda. Heilbrigðisvottorðið skal byggjast á læknisrannsókn á hlutaðeigandi starfsmanni og skal koma fram hvort starfsmaðurinn er haldinn smitsjúkdómi. Vinnumálastofnun skal senda sóttvarnalækni vottorðið sem metur það með tilliti til sóttvarna, sbr. sóttvarnalög og verklagsreglur sóttvarnalæknis. Heilbrigðisvottorðið skal ekki vera eldra en þriggja mánaða þegar umsókn berst Vinnumálastofnun.

Sóttvarnalæknir tilkynnir Vinnumálastofnun um niðurstöðu matsins skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá móttöku vottorðsins. Þegar þörf er á frekari læknisrannsókn hér á landi að mati sóttvarnalæknis skal Vinnumálastofnun gera það að skilyrði við leyfisveitinguna að útlendingur gangist undir læknisrannsókn innan fjögurra vikna frá komu hans til landsins. Gerðar eru sérstakar kröfur til læknisrannsóknar þegar útlendingurinn hefur dvalið lengur en þrjá mánuði samfelt á síðastliðnum 10 árum á landsvæðum þar sem alvarlegir smitsjúkdómar eru landlægir, sbr. verklagsreglur sóttvarnalæknis.

Ákvæði þetta hefur engin áhrif á skyldu starfsmannsins til að fylgja fyrirmælum sóttvarnalæknis er hann kann að gefa á grundvelli sóttvarnalaga, svo sem um opinberar sóttvarnaráðstafanir.

Kostnaður vegna heilbrigðisvottorðs greiðist af umsækjanda um atvinnuleyfi.

## 12. gr.

*Lögverndaðar starfsgreinar.*

Þegar atvinnurekandi sækir um leyfi til að ráða erlendan starfsmann í starf sem krefst formlegra starfsréttinda eða starfsleyfis lögum samkvæmt skal fylgja umsókninni viðurkenning hlutaðeigandi íslensks stjórnvalds um að starfsmaðurinn fullnægi þeim reglum er gilda um starfsréttindin eða starfsleyfið fyrir hlutaðeigandi starf.

Heimili lög eða reglugerðir um tiltekin starfsréttindi að starfsmönnum sé heimilt að sinna ákveðnum störfum án tilskilinna starfsréttinda á skilyrði 1. mgr. ekki við, enda megi ráða af gögnum málsins að undanþáguákvæði laganna eða reglugerðarinnar eigi við um það starf sem sótt er um atvinnuleyfi fyrir.

## 13. gr.

*Starfstengd réttindi.*

Þegar atvinnurekandi sækir um leyfi til að ráða erlendan starfsmann í starf þar sem tilteknir þættir starfsins krefjast þess að starfsmaður hafi ákveðin starfstengd réttindi, svo sem aukin ökuréttindi eða vinnuvélaréttindi, skal Vinnumálastofnun gera það að skilyrði við leyfisveitinguna að útlendingur sannreyni hæfni sína og/eða fái viðurkennd réttindi sín hér á landi í samræmi við þær reglur sem um réttindin gilda. Skal atvinnurekandinn sjá til þess að starfsmaður hans leiti til hlutaðeigandi stjórnvalds er annast veitingu réttindanna innan viku frá komu starfsmannsins til landsins. Að öðru leyti skal fara að þeim reglum sem um réttindin gilda, þar á meðal hvenær starfsmanni er heimilt að hefja störf við þá þætti starfsins er krefjast starfstengdra réttinda.

Enn fremur skal Vinnumálastofnun tilkynna hlutaðeigandi eftirlitsstjórnvaldi um veitingu atvinnuleyfisins.

Ákvæði þetta á ekki við um störf innan lögverndaðra starfsgreina.

## 14. gr.

*Atvinnuleyfi fyrir nánustu aðstandendur útlendinga.*

Heimilt er að víkja frá skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga þegar sótt er um tímabundið atvinnuleyfi fyrir nánustu aðstandendur útlendinga sem hefur fengið búsetuleyfi og óbundið atvinnuleyfi. Skilyrði er að áður hafi jafnframt verið veitt dvalarleyfi fyrir þá útlendinga sem í hlut eiga samkvæmt ákvæðum laga um útlendinga er eiga við um dvalarleyfi fyrir aðstandendur.

## 15. gr.

*Atvinnuleyfi fyrir hælisleitendur og þá sem hefur verið vísað úr landi.*

Heimilt er að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna ráðningar útlendinga sem sótt hefur um hæli, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hælisumsóknina, svo og vegna útlendinga sem fengið hefur endanlega synjun um hæli eða dvalarleyfi, þar til brottvísun kemur til framkvæmda, ef rík mannúðarsjónarmið standa til þess. Skilyrði er að útlendingi hafi áður verið veitt bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Við veitingu atvinnuleyfis skv. ákvæði þessu er heimilt að víkja frá skilyrðum a-, b- og e-liðar 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Vinumálastofnun skal tilkynna samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, um atvinnuleyfi sem veitt eru skv. 1. mgr.

## 16. gr.

*Gildistími tímabundins atvinnuleyfis.*

Atvinnuleyfi sem veitt er í fyrsta skipti skal eigi veitt til lengri tíma en til eins árs en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi.

Tímabundið atvinnuleyfi til að starfa sem heimilishjálpari skal að jafnaði ekki vera veitt til lengri tíma en til sex mánaða í senn. Umsækjandi um leyfi fyrir heimilishjálpari skal sýna fram á getu til að standa straum af greiðslu launa og launatengdra gjalda vegna ráðningarinnar.

## 17. gr.

*Framlenging á tímabundnu atvinnuleyfi.*

Heimilt er að framlengja gildistíma atvinnuleyfis að uppfylltum skilyrðum a–c-liðar 1. mgr. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga um allt að tvö ár í senn en þó aldrei til lengri tíma en sem nemur ráðningartímanum samkvæmt ráðningarsamningi.

Við umsókn um framlengingu getur Vinnumálastofnun krafist þess að atvinnurekandi leggi fram gögn um launagreiðslur og greiðslu lögboðinna gjalda vegna útlendinga.

## 18. gr.

*Nýr atvinnurekandi.*

Heimilt er að uppfylltum skilyrðum laga um atvinnuréttindi útlendinga og reglugerðar þessarar að veita atvinnurekanda leyfi til að ráða útlending sem komið hefur til landsins til starfa hjá öðrum atvinnurekanda. Sækja skal um tímabundið atvinnuleyfi skv. 7. gr. laganna áður en útlendingurinn hefur störf hjá hinum nýja atvinnurekanda og skal yfirlýsing frá fyrri atvinnurekanda um að ráðningarslit hafi átt sér stað og ástæður þeirra fylgja umsókninni. Vinnumálastofnun er heimilt þegar ríkar ástæður eru fyrir hendi að víkja frá skilyrðinu um að yfirlýsing frá fyrri atvinnurekanda skuli fylgja umsókn.

## 19. gr.

*Atvinnuleyfi til sérhæfðs starfsmanns.*

Heimilt er við sérstakar aðstæður að veita útlendingi, sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi, tímabundið atvinnuleyfi þegar skilyrði g-liðar 15. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og g-liðar 4. gr. reglugerðar þessarar eiga ekki við.

Skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis skv. 1. mgr. eru:

- a. Að fyrir liggja undirritaður ráðningarsamningur milli erlenda fyrirtækisins og starfsmannsins þar sem honum eru tryggð laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
- b. Að hinn erlendi starfsmaður sé sjúkratryggður hér á landi og hann njóti verndar til jafns við ákvæði almannatryggingalaga, sbr. 10. gr. reglugerðar þessarar.
- c. Að lagðar séu fram tryggingar fyrir greiðslu á heimflutningi starfsmanns að starfstíma loknum.
- d. Að lagt hafi verið fram fullnægjandi heilbrigðisvottorð, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar.

Þjónustusamningur við fyrirtæki hér á landi skal liggja fyrir. Í samningnum skal meðal annars koma fram að skilyrði viðskiptanna sé að starfsmaður hins erlenda fyrirtækis annist þjónustuna. Í þjónustusamningi eða umsókn um atvinnuleyfi á grundvelli hans skal gera grein fyrir ástæðum þess að gerð er krafa um að hlutaðeigandi útlendingur vinni hið umsamda verk.

Þegar um er að ræða starf sem krefst formlegra starfsréttinda eða starfsleyfis lögum samkvæmt skal fylgja umsókninni viðurkenning hlutaðeigandi innlends stjórnvalds um að starfsmaðurinn fullnægi þeim reglum er gilda um starfsréttindin eða starfsleyfið fyrir hlutaðeigandi starf, sbr. 12. gr. reglugerðar þessarar.

Atvinnuleyfi skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða á grundvelli sama þjónustusamnings. Atvinnuleyfi skal liggja fyrir áður en útlendingur kemur til landsins.

Vinumálastofnun skal tilkynna samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga, sbr. 25. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, um atvinnuleyfi sem veitt eru samkvæmt þessu ákvæði.

## IV. KAFLI

**Óbundið atvinnuleyfi.**

## 20. gr.

*Almennt.*

Útlendingi, sem hefur átt lögheimili og dvalið samfellt á Íslandi í þrjú ár, má veita óbundið atvinnuleyfi hafi hann áður fengið búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga og áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi skv. 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Óbundið atvinnuleyfi felur í sér rétt til ótímabundins leyfis til að starfa hér á landi. Leyfið gildir meðan útlendingur hefur lögheimili hérlendis.

## 21. gr.

*Undanþágur vegna maka Íslendinga eða útlendinga sem hefur óbundið atvinnuleyfi.*

Heimilt er að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og 20. gr. reglugerðar þessarar fái íslenskur ríkisborgari lögskilnað eða slíti sambúð eða samvist við erlendan maka sinn. Skilyrði er að hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð hafi varað í a.m.k. tvö ár og erlendi makinn hafi átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. sama tíma.

Enn fremur er heimilt að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og 20. gr. reglugerðar þessarar vegna erlends maka ef um andlát íslensks maka er að ræða eða í hlut á maki útlendingss sem hefur óbundið atvinnuleyfi eða börn hans 18 ára og eldri.

22. gr.

*Undanþága vegna námsmanna.*

Heimilt er að veita útlendingi, sem verið hefur í námi hér á landi að lágmarki í þrjú ár og lokið náminu, óbundið atvinnuleyfi að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og 20. gr. reglugerðar þessarar að undanskildu því að honum hafi áður verið veitt tímabundið atvinnuleyfi skv. 7. gr. laganna.

23. gr.

*Flóttamenn.*

Heimilt er að veita útlendingi óbundið atvinnuleyfi sem fengið hefur landvist hér á landi sem flóttamaður.

## V. KAFLI

### **Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.**

24. gr.

*Atvinnuleyfi vegna námsdvalar.*

Heimilt er að veita útlendingi sem stundar fullt nám hér á landi samkvæmt vottorði frá hlutaðeigandi skóla, leyfi til að stunda vinnu sem hluta af námi, með námi eða í námsleyfum, enda sé námsframvinda eðlileg að mati hlutaðeigandi skóla.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er framvísun innritunarvottorðs hlutaðeigandi skóla. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en sex mánaða í senn. Heimilt er að framlengja atvinnuleyfi vegna námsdvalar gegn innritunarvottorði og vottorði um námsframvindu.

25. gr.

*Hámarksfjöldi vinnustunda.*

Miðað skal við að vinnustundafjöldi útlendingss sem fengið hefur atvinnuleyfi vegna námsdvalar sé að jafnaði ekki umfram 15 stundir á viku nema þegar um er að ræða vinnu í námsleyfi eða í verknámi.

## VI. KAFLI

### **Atvinnuleyfi vegna vistráðninga.**

26. gr.

Heimilt er að veita leyfi til að ráða útlending á aldrinum 18–26 ára í vist á íslenskt heimili.

Atvinnuleyfið er takmarkað við vinnu á heimili vistfjölskyldu.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að fyrir liggja skriflegur samningur milli aðila þar sem fram komi meðal annars gildistími samnings, hlunnindi að því er varðar fæði og húsnæði, daglegur vinnutími, daglegur og vikulegur hvíldartími, réttur til að stunda nám og ákvæði um sjúkra- og slysatryggingar. Fæði og húsnæði skal vera án endurgjalds og skal hinn vistráðni hafa sérherbergi til afnota. Virkur vinnutími skal ekki vera lengri en 5 tímar á dag eða 30 vinnustundir á viku.

Vistfjölskylda skal tryggja að hinn vistráðni fái nægjanlegan tíma til íslenskunáms og til að geta sinnt menningarlegum og faglegum áhugamálum.



Óheimilt er að veita leyfi til ráðningar sama einstaklings í vist til lengri tíma en eins árs.

Vinnumálastofnun skal gefa út nauðsynleg eyðublöð vegna samninga um vistráðningu. Einnig ákveður stofnunin lágmarksfjárhæð vasapeninga fyrir hinn vistráðna og skal það gert fyrir 1. febrúar ár hvert. Skal fjárhæðin auglýst í Lögbirtingablaði.

Vinnumálastofnun er heimilt að fela stofnun eða fyrirtæki alla milligöngu og eftirlit með vistráðningum.

Verði slit á vistráðningu áður en vistráðningartíma samkvæmt samningi aðila er lokið skulu bæði hinn vistráðni og vistfjölskyldan tilkynna það til þess aðila sem hafði milligöngu um ráðninguna og til Útlendingastofnunar.

## VII. KAFLI

### Afturköllun atvinnuleyfis og viðurlög.

27. gr.

*Afturköllun.*

Vinnumálastofnun er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi ef útlendingur eða atvinnurekandi hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum.

Skal Vinnumálastofnun sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst og þess gætt að aðili máls eigi þess kost að tjá sig um efni þess áður en ákvörðun um afturköllun er tekin enda liggja ekki fyrir afstaða hans til gagna málsins. Að öðru leyti fer um málsmeðferð stofnunarinnar samkvæmt stjórnsýslulögum.

28. gr.

*Viðurlög.*

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar geta varðað viðurlögum skv. 17. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, með síðari breytingum.

29. gr.

*Heimflutningur.*

Um heimflutning vegna brota á reglugerð þessari fer skv. 18. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

## VIII. KAFLI

### Málsmeðferð.

30. gr.

*Almennar reglur um málsmeðferð.*

Stjórnsýslulögin gilda um meðferð mála nema annað leiði af lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

31. gr.

*Málshraði.*

Vinnumálastofnun skal taka ákvörðun um veitingu atvinnuleyfa svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsókn berst stofnuninni.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýst um ástæðu tafarinnar og hvenær ákvörðunar er að vænta.

32. gr.

*Leiðbeiningarskylda.*

Í máli er varðar synjun eða afturköllun atvinnuleyfis skal stjórnvald leiðbeina útlendingi um kæruehimild skv. 24. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga.

33. gr.

*Kæruehimild.*

Ákvörðun Vinnumálastofnunar um synjun eða afturköllun atvinnuleyfis má kæra til félagsmálaráðuneytis, sbr. 24. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga. Kærufrestur er fjórar vikur frá því að tilkynning barst um ákvörðun Vinnumálastofnunar. Að öðru leyti fer um kæru skv. VII. kafla stjórnslulaga.

## IX. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

34. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 1. mgr. 4. gr., 5. gr., 4. mgr. 7. gr., 4. mgr. 12. gr., 8. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að því er varðar þátt sóttvarnalæknis í tengslum við fullnægjandi heilbrigðisvottorð.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði a–c-liðar 3. gr. taka þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrr en 1. maí 2006, sbr. þó lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

*Félagsmálaráðuneytinu, 23. mars 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 2005

Nr. 340

500

29. mars 2005

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Reitur 1.555.2, Starhagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 deiliskipulag fyrir reit 1.555.2 vegna lóða við Starhaga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bitruháls 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 23. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bitruháls 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reitur 1.170.3, Þingholtsstræti 3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 16. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.170.3, vegna lóðarinnar Þingholtsstræti 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Klettasvæði, Klettagarðar 8 – 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 9. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Klettasvæði, lóðirnar Klettagarða 8 – 10.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. mars 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

Nr. 341

31. mars 2005

## AUGLÝSING

### (V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið úthlutunarreglur þessa sveitarfélags:

**Bolungarvík.**

1. Úthlutun tekur mið af afla sem landað er til fiskvinnslu í Bolungarvík skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 75% eða 75 þorskígildistonn. Skilyrði til úthlutunar:
  - a) Úthluta skal til aflamarksskipa og krókaaflamarksbáta.
  - b) Heimahöfn Bolungarvík.
  - c) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu útgerðaraðila, telst með í viðmiðun.
  - d) Einungis afli sem fer til fiskvinnslu í Bolungarvík skv. skráningu á hafnarvog telst með í viðmiðun (fyrsti kaupandi).
  - e) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
  - f) Hámarksúthlutun á bát er 20 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 1. tölulið. Miða skal við slægðan fisk.
  - g) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. lönduðum afla í Bolungarvík til vinnslu í Bolungarvík á því tímabili almanaksársins 2004 sem báturinn var í hans eigu.
  - h) Úthlutun er samkvæmt hlutfalli afla skv. ofangreindum skilyrðum af grunntölunni hér að neðan.
  - i) Grunntalan sem hér er áætluð skv. vigtarskýrslum en breytist í samræmi við rökstuddar umsóknir er 3.274.591 kg.
2. Úthlutun tekur mið af afla sem landað er í Bolungarvík og fer ekki til vinnslu skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 20% eða 20 þorskígildistonn. Skilyrði úthlutunar:
  - a) Krókaaflamarks-, aflamarksbátur/-skip.
  - b) Heimahöfn Bolungarvík.
  - c) Einungis afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn, meðan bátur er í eigu viðkomandi útgerðaraðila, og fer ekki til vinnslu í Bolungarvík, telst með í viðmiðun.
  - d) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
  - e) Hámarksúthlutun á bát er 7 tonn en lágmarksúthlutun 100 kg. Það magn sem skorið er af vegna þessara takmarkana fer aftur í „pottinn“ og er úthlutað til annarra sem uppfylla skilyrði til úthlutunar skv. 2. tölulið. Miða skal við slægðan fisk.
  - f) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. lönduðum afla bátsins í Bolungarvík á því tímabili almanaksársins 2004 sem báturinn var í hans eigu, að frádregnum afla lönduðum til vinnslu í Bolungarvík.
  - g) Úthlutun er samkvæmt hlutfalli afla skv. ofangreindum skilyrðum af grunntölunni hér að neðan.
  - h) Grunntalan sem hér er áætluð skv. vigtarskýrslum en breytist í samræmi við rökstuddar umsóknir er 4.421.496 kg.
3. Úthlutun til nýrra útgerða tekur mið af skráningu báts í Bolungarvík skv. eftirfarandi reglum: Úthlutað hlutfall og magn af byggðakvóta er 5% eða 5 þorskígildistonn. Skilyrði til úthlutunar:
  - a) Krókaaflamarks-, aflamarksbátur/-skip.
  - b) Útgerðaraðili hóf útgerð á almanaksárinu 2004.
  - c) Útgerðaraðili sem vill nýta viðmiðun frá öðrum bát sem hefur verið seldur getur ekki fengið úthlutun skv. þessari reglu.
  - d) Umsóknaraðili þarf að hafa verið í útgerð 1. september 2004.
  - e) Hámarksúthlutun á bát er 1,8 tonn en lágmark 100 kg. Miða skal við slægðan fisk.

- f) Hámarksúthlutun fyrir hvern mánuð sem bátur er skráður í eigu útgerðaraðila á almannasárinu 2004 er 0,15 tonn.
  - g) Útgerðaraðili sækir um úthlutun skv. tímabili sem báturinn var í hans eigu á árinu 2004.
  - h) Úthlutun er skv. þeim fjölda mánaða sem bátur var í eigu útgerðar árið 2004.
4. Bátar/skip geta átt rétt á úthlutun skv. 1., 2. og 3. tl.  
Leggst þá saman úthlutunin skv. hverjum tölulið fyrir sig. Hámarksúthlutun á hvern bát er sjáfstæð skv. hverjum tl. af 1. til 3. tl., þ.a. úthlutun skv. einum tölulið hefur engin áhrif á úthlutun, eða hámark skv. einhverjum öðrum tölulið.
5. Byggðakvótinn er ekki framseljanlegur.
6. Ef magn til úthlutunar skv. 3. tl. er ekki fullnýtt, þá leggst það við magn í 2. tl.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. mars 2005.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 2005

1. apríl 2005

503

Nr. 342

## REGLUGERÐ

### um fjárvörslureikninga fasteignasala.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til allra sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu, þar með talið lögmanna sem hafa með höndum fasteignasölu.

##### 2. gr.

##### *Orðskýringar.*

Orðið fasteignasali er í reglugerð þessari notað um þá, sem fengið hafa löggildingu til sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Orðið fasteignasala tekur einnig til fyrirtækja- og skipasölu. Orðin fasteignasala, fasteignakaup og fasteignaviðskipti taka einnig til sömu ráðstafana með fyrirtæki og skip.

##### 3. gr.

##### *Ábyrgð og skyldur.*

Nú er fasteignasala rekin í nafni félags og skal þá fasteignasali sá, sem þar hefur starfsstöð og á meiri hluta í félaginu, bera þær skyldur, sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

Skyldur sem fasteignasali hefur vegna fasteignasölu sinnar og kveðið er á um í reglugerð þessari taka einnig til útibúa, sem hann kann að reka eða eiga meirihluta í. Forstöðumaður útibús ber sameiginlega ábyrgð á því með eiganda (meirihlutaeiganda) fasteignasölu að fylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar að því er útibú varðar.

Nú er fasteignasala í eigu og er rekin sameiginlega af fleirum en einum fasteignasala og skulu þeir þá báðir eða allir bera þær skyldur, sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

##### 4. gr.

##### *Aðgreining fjármuna.*

Fasteignasala er skylt að halda þeim fjármunum, sem hann tekur við í þágu annarra, aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum fjárvörslureikningi.

Fasteignasala er jafnframt skylt að veita eftirlitsnefnd Félags fasteignasala upplýsingar um meðferð fjármuna viðskiptamanna svo sem kveðið er á um í 21. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

## II. KAFLI

### Vörslufé.

#### 5. gr.

##### *Viðskiptareikningur vegna vörsluffjár.*

Fasteignasali, sem varðveitir fé viðskiptamanns síns eða viðsemjanda hans, skal færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýni inneign viðskiptamannsins eða viðsemjandans á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem fasteignasalinn tekur við til varðveislu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu kostnaðar og tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og þóknunar fasteignasalans, svo og greiðslur sem ætlaðar eru viðsemjanda viðskiptamanns, lánardrottnum hans eða öðrum. Fasteignasala er ekki skylt að færa á reikninginn fé, sem hann tekur við og skilar samdægurs.

Þá skal fasteignasali færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra viðskiptamanna hans og annarra á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra viðskiptamanna.

#### 6. gr.

##### *Fjárvörslureikningur í viðskiptabanka eða sparisjóði.*

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi fasteignasala, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni fasteignasala og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Fasteignasali er ekki eigandi innstæðu á reikningi skv. þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé fasteignasala og stendur innstæðan á honum utan skuldaraðar við skipti á búi fasteignasala. Hið sama á við ef fasteignasala er rekin í nafni félags.

#### 7. gr.

##### *Sérstakar reglur um fjárvörslureikninga.*

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala, er hún metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við fasteignasala eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum umbjóðendum hans.
- Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá fasteignasala. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun með sama hætti og bókhaldsgögn.
- Banka eða sparisjóði er skylt að senda eftirlitsnefnd Félags fasteignasala staðfest yfirlit um stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem eftirlitsnefndin kallar eftir slíku yfirliti.
- Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að eftirlitsnefnd Félags fasteignasala stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem eftirlitsnefnd Félags fasteignasala tilnefnir.

#### 8. gr.

##### *Skylða til að leggja fé á fjárvörslureikning.*

Fasteignasali skal þegar eftir að hann hefur móttekið fjármuni frá viðskiptamanni sínum eða öðrum, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu skv. 4. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

## 9. gr.

*Heimild til greiðslu af fjárvörslureikningi.*

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a. Fé greiðist til viðskiptamanns eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd;
- b. Fasteignasali á fé hjá viðskiptamanni sínum vegna gjaldfallinnar þóknunar eða útlagðs kostnaðar samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c. Rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

## 10. gr.

*Skylda til að stemma af reikninga.*

Fasteignasali skal á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal hann bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda hans samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum fasteignasala skv. fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna að fjárvörslureikningur í banka og bókhaldi hafi verið stemmdir af, skal fasteignasali varðveita með sama hætti og önnur bókhaldsgögn.

## III. KAFLI

**Verðbréf í vörslu fasteignasala.**

## 11. gr.

*Skrá um fjármálagerninga o.fl.*

Fasteignasali, sem varðveitir og hefur umsýslu með fjármálagerningum fyrir viðskiptamenn sína eða aðra og hefur heimild til að ráðstafa þeim, innstæðum á bankareikningum o.þ.h. í eigu þriðja aðila, skal halda skrá um verðmæti þessi. Skráningarskyldan nær til allra fjármálagerninga og inn- og útlánsreikninga í hvers kyns inn- og útlánastofnunum og nær því m.a. til skuldabréfa, hlutabréfa, hlutdeildarskírteina, svo og banka-, sparisjóða- og gíróreikninga, þ.m.t. yfirdráttareikninga.

Skrá skv. 1. mgr. skal vera nákvæm og í henni skýr sundurgreining verðmætanna, þar sem glöggst megi sannreyna frá hverjum þau stafa og hver sé eigandi þeirra. Verðmæti þessi skulu aðgreind frá eigin fé fasteignasala.

## 12. gr.

*Upplýsingaskylda um fjármálagerninga o.fl.*

Fyrir 1. mars ár hvert skal fasteignasali senda þeim viðskiptamönnum sínum, sem hann annast umsýslu fyrir skv. 10. gr., skrá og upplýsingar um verðbréf þessi og fjármunahreyfingar vegna þeirra. Gögnin skulu vera fyrir síðastliðið almanaksár og staðfest með dagsetningu og nafnritun fasteignasala. Fasteignasali skal varðveita afrit af útsendum upplýsingum skv. þessari grein með sama hætti og önnur bókhaldsgögn.

## IV. KAFLI

**Eftirlit.**

## 13. gr.

*Yfirlýsing til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala.*

Fasteignasali skal fyrir 1. september ár hvert senda eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, á þar til gerðu eyðublaði, sem eftirlitsnefndin lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á liðnu ári. Staða



vörslufjár á reikningnum skal ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi. Á sama tíma skal fasteignasali senda eftirlitsnefnd Félags fasteignasala samantekt og niðurstöðutölur skrár skv. 10. gr., staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

Fasteignasali skal hafa frumkvæði að því að yfirlýsing samkvæmt 1. mgr. sé send, en geti hann það ekki innan þess frests, sem þar greinir, skal hann með rökstuddum hætti óska eftir fresti til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala til að skila síðar. Skal beiðni um frest hafa borist eftirlitsnefndinni áður en upphaflegur skilafrestur rennur út hinn 31. ágúst ár hvert.

14. gr.

*Skyldur við upphaf rekstrar eða yfirtöku fasteignasölu.*

Áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að fasteignasali hóf rekstur fasteignasölu skal hann senda eftirlitsnefnd Félags fasteignasala yfirlýsingu um heildarfjárhæð vörslufjár fyrir umbjóðendur sína, miðað við dagsetningu sem eftirlitsnefndin ákveður.

Nú tekur fasteignasali við fasteignasölu, sem annar fasteignasali hefur rekið, eða eignast meirihluta í félagi um rekstur fasteignasölu, sem annar fasteignasali hefur átt. Skal hann þá auk yfirlýsingar samkvæmt 1. mgr. tilkynna eftirlitsnefnd Félags fasteignasala, innan mánaðar frá því eignaraðild var breytt, að hann hafi yfirfarið og sannreynt rétta stöðu fjárvörslureikninga og fjármálagerninga skv. III. kafla, sem hann tók við en ella tilkynna um frávik.

Tilkynningar skv. þessari grein skulu gerðar og staðfestar með sama hætti og tilkynningar skv. 12. gr.

15. gr.

*Heimild eftirlitsnefndar til að krefjast upplýsinga og gagna.*

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala getur hvenær sem er krafist þess að fasteignasali láti henni í té, með fyrirvara sem eftirlitsnefndin ákveður, yfirlýsingu og fylgigögn, sem getið er í 12. og 13. gr.

16. gr.

*Gildi reglna um fjárvörslureikninga.*

Reglur um fjárvörslureikninga og verðbréf gilda þar til innstæðu á reikningi skv. 4. gr. og verðbréfum hefur að fullu verið ráðstafað í samræmi við reglugerð þessa.

V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

17. gr.

*Reglugerðarheimild og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt f lið 26. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, nr. 99 frá 9. júní 2004, öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Í þeim tilvikum sem fjallað er um í 1. gr. laga um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 17 frá 22. mars 2005, hvíla þær skyldur sem kveðið er á um í reglugerð þessari á þeim fasteignasala sem hefur starfsstöð á fasteignasölnunni. Hafi fleiri en einn fasteignasali starfsstöð á fasteignasölnunni hvíla skyldurnar á þeim báðum eða öllum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. apríl 2005.*

**Björn Bjarnason**

*Bryndís Helgadóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 2005

5. apríl 2005

507

Nr. 343

## REGLUGERÐ

### um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.

#### 1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til veiða á bláuggatúnfiski á samningssvæði Atlantshafstúnfiskveiðiráðsins (ICCAT), þar með talið hafsvæði utan lögsögu ríkja og enn fremur innan lögsagna þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum eða veiðileyfum þess efnis. Um er að ræða veiðiheimildir úr stofni Austur-Atlantshafs bláuggatúnfisks en útbreiðslusvæði hans eru talin ná frá Grænhöfðaeyjum til Noregs. Vestari mörk stofnsins markast við línu sem liggur frá norðri eftir 45°V til suðurs að 10°N. Þaðan liggur markalínan til austurs að 35°V, til suðurs að 0°N, til austurs að 25°V og þaðan suður eftir Atlantshafi.

#### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að veiða bláuggatúnfisk á samningssvæði ICCAT nema þau hafi fengið til þess leyfi sem Fiskistofa gefur út. Leyfisveitingin er bundin við þau skip sem sækja um veiðiheimildir á bláuggatúnfiski til sjávarútvegsráðuneytisins innan frests sem auglýstur hefur verið til 12. apríl 2005.

#### 3. gr.

Á árinu 2005 er íslenskum skipum heimilt að veiða 50 tonn af bláuggatúnfiski miðað við afla upp úr sjó. Fiskistofa skal stöðva veiðar skipanna þegar þeim afla er náð með því að senda þeim tilkynningu þess efnis.

#### 4. gr.

Skipstjórar skulu skrá í aflaskýrslur sem Fiskistofa og Hafrannsóknastofnunin leggja til, nákvæmar upplýsingar um veiðarnar í því formi sem skýrslunar gera ráð fyrir og skila inn til Fiskistofu þegar skip kemur næst til hafnar eftir að hafa stundað veiðar samkvæmt reglugerð þessari.

#### 5. gr.

Þau íslensku fiskiskip sem heimild hafa fengið til að stunda veiðar á samningssvæðinu skulu vera búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin,

um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur bún-  
aður starfi eðlilega.

## 6. gr.

Skip sem stundar veiðar samkvæmt reglugerð þessari skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftir-  
farandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „afltilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð í kílógrömmum miðað við afla upp úr sjó.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við afla upp úr sjó, eða frá því skipið kom inn í fisk-  
veiðilandhelgi Íslands, sé um skemmri tíma að ræða.

Fiskistofu er heimilt að breyta tíðni aflatilkynninga samkvæmt þessari grein ef ástæða  
þykir til.

## 7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151,  
27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí  
1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fisk-  
veiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með  
síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga  
að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 120 frá 21. febrúar 2003 um veiðar á Austur-  
Atlantshafs bláugatúnfiski 2003.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2005.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um veiðar úr úthafskarfastofnum 2005.

## 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samn-  
ingssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem  
falla undir fiskveiðilögsögu sammingsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í sam-  
ræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi  
hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu  
utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N – 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00'N – 26°00'V
3. 62°00'N – 27°00'V
4. 60°22'N – 24°20'V

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1f, 2g, 2h, 2j og 3k og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3. gr. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 63, 25. janúar 2005, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005. Fiskistofu er heimilt að stöðva veiðar íslenskra skipa á ofangreindum svæðum þegar heildarafli skipa frá aðildarríkjum NEAFC nær 15.670 lestum.

### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrr en Fiskistofu hefur borist yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5. – 10. gr. gilda um þessar veiðar.

### 3. gr.

Á árinu 2005 er þeim íslensku fiskiskipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 28.200 lestir af úthafskarfa á „deilissvæði“ innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N – 29°45'V
2. 63°00'N – 26°00'V
3. 62°00'N – 27°00'V
4. 60°22'N – 24°20'V
5. 60°14'N – 30°00'V
6. 62°55'N – 34°00'V

Þá er þeim íslensku fiskiskipum sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á árinu 2005, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 6.270 lestir af úthafskarfa á „deilissvæði“ utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 60°22'N – 24°20'V
2. 60°14'N – 30°00'V
3. 62°55'N – 34°00'V
4. 65°20'N – 29°45'V

Heimilt er að veiða úthafskarfa sem fjallað er um í 1. mgr. 3. gr. á því svæði sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess, annars vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og hins vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. í þeim hlutföllum sem í 1. og 2. mgr. þessarar greinar segir.

Stundi skip veiðar með flotvörpu á svæðum, sem skilgreind eru í 1.-2. mgr. þessarar greinar, reiknast allur karfaafli skipsins til aflamarks skipsins í úthafskarfa samkvæmt reglugerð þessari.

## 4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ákvæði 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

## 5. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 6 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar. Einnig skulu tilkynningar skv. 6. og 7. gr. innihalda upplýsingar um staðsetningu skipsins.

## 6. gr.

Við úthafskarfaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. málslíð 1. gr., við úthafskarfaveiðar í fiskveiðilögsögu Grænlands og eftir því sem við á á alþjóðlegu hafsvæði, skal senda eftirgreindar tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar:

**Komutilkynning:** Skylt er skipstjóra að tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með mest 12 klukkustunda og minnst 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á veiðisvæði sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða veiðisvæði sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæðið skv. 1. mgr. 3. gr. eða „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara inn á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
10. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
11. Dagsetning og tími.

**Aflatilkynning:** Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags, til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Hafi skip verið skemur en viku á veiðisvæðinu skal gefa upp afla frá því skipið hóf veiðar á svæðinu. Ennfremur skal senda aflatilkynningu áður en

farið er milli svæða sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkyning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem aflatilkyningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem aflinn er veiddur á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuaflí í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða en frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send.
9. Dagsetning og tími.

**Lokatilkyning:** Þegar veiðiskip yfirgefur svæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða svæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni með mest 8 klukkustunda og minnst 6 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur aflí frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkyning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkyningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. „UKX“ fyrir úthafskarfasvæði samkv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara útaf: „NEA“ fyrir samningssvæði, „ISL“ fyrir íslenska lögsögu eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuaflí í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða en frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send.
9. Löndunarhöfn (áætlaður tími og dagsetning þar).
10. Dagsetning og tími.

#### 7. gr.

Við úthafskarfaveiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), er skipstjórum heimilt að senda eftirgreindar tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar í stað tilkynninga skv. 6. gr. Í tilkynningum skv. þessari grein er skipstjórum heimilt að senda komu- og lokatilkyningar með 1 klukkustundar fyrirvara, jafnframt þurfa skipstjórar að senda daglegar aflatilkyningar á meðan á veiðum á samningssvæðinu stendur.

Eftirlitskipum, sem stödd eru á svæðinu, er heimilt að óska eftir því að veiðiskip hefji ekki veiðar eða sigli ekki af svæðinu fyrr en að lokinni skoðun. Ef slík ósk berst er skipstjóra skylt að bíða eftir að skoðun fari fram, þó ekki lengur en 6 klukkustundir.

**Komutilkyning:** Skylt er skipstjóra að tilkynna til Eftirlitsstöðvarinnar með að minnsta kosti 1 klukkustundar fyrirvara áður en farið er inn á samningssvæði Norðaustur-Atlants-

hafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæðið skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara inn á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC.
6. Kallmerki skipsins.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
10. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
11. Dagsetning og tími.

**Aflatilkynning:** Daglega skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðasta sólarhrings, þ.e. frá kl. 00.00 til 24.00, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem aflinn er veiddur á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC.
6. Kallmerki skipsins.
7. Afli í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
9. Dagsetning og tími.

**Lokatilkynning:** Þegar veiðiskip yfirgefur samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni með að minnsta kosti 1 klukkustundar fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur afli frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn ef við á. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara útaf: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC.
6. Kallmerki skipsins.
7. Afli í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.

9. Löndunarhöfn ef við á (áætlaður tími og dagsetning þar).

10. Dagsetning og tími.

8. gr.

Tilkynningar skv. 6. og 7. gr. skulu sendar með þeim hætti er lýst er í viðaukum I og II við reglugerð nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

Um tilkynningar við úthafskarfa veiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

9. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða ef afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 1. mgr. 3. gr.

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,45.

10. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafli á viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að



máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 271 frá 17. mars 2004 um veiðar úr úthafskarfa-  
stofninum 2005, með síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2005.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUR

### um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

#### I. KAFLI

#### Skráning og réttindi.

##### 1. gr.

*Aðilar sem heimildin nær til.*

Einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er heimilt að reka fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu með eftirfarandi skilyrðum, enda tilkynni þeir Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða starfsemi sína áður en hún hefst, sbr. 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

##### 2. gr.

*Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild.*

Fjarskiptafyrirtæki sem hafa almenna heimild eiga rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og að leggja fram umsóknir um heimild til að koma upp aðstöðu skv. 69. gr. laga nr. 81/2003.

Almenn heimild veitir fyrirtækjum sem bjóða eða hyggjast bjóða almenna fjarskiptaþjónustu og almenn fjarskiptanet rétt til að semja um samtengingu og þar sem það á við að fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Almenn heimild veitir sömuleiðis rétt til þess að koma til greina sem alþjónustuveitandi.

##### 3. gr.

*Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi.*

Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skal innihalda;

- nafn, kennitölu, starfsstöð, símanúmer, faxnúmer og netfang viðkomandi fjarskiptafyrirtækis,
- nafn, kennitölu, og netfang fyrirvarsmanns fjarskiptafyrirtækisins,
- greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og fjarskiptavirkjum fyrirtækisins,
- nöfn þeirra sem eiga 5% hlut eða meira í fyrirtækinu,
- áætlaðan upphafstíma starfseminnar.

## 4. gr.

*Skráning hjá Póst- og fjarskiptastofnun.*

Fjarskiptafyrirtæki sem heimilt er að starfa á grundvelli almennrar heimildar má hefja starfsemi þegar fullnægjandi tilkynning hefur borist Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar.

Að beiðni fjarskiptafyrirtækis skal Póst- og fjarskiptastofnun innan viku frá því að beiðni barst stofnuninni gefa út staðfestingu þess efnis að fyrirtækið hafi tilkynnt sig til skráningar. Staðfestingin skal innihalda tilvísun til lágmarksréttinda skv. 1. og 2. mgr. 2. gr.

## II. KAFLI

**Skilyrði.**

## 5. gr.

*Gjöld.*

Til þess að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu skulu fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu greiða gjald í jöfnunarsjóð í hlutfalli við veltu þessarar starfsemi. Um innheimtu og álagningarhlutfall fer eftir 22. gr. laga nr. 81/2003.

Um önnur gjöld sem fjarskiptafyrirtækjum ber að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar fer samkvæmt 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

## 6. gr.

*Skylda til samtengingar.*

Fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu, sbr. 24. gr. laga nr. 81/2003.

Póst- og fjarskiptastofnun getur fyrirskipað samtengingu almennra fjarskiptaneta að eigin frumkvæði ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni endanotenda.

Fjarskiptafyrirtæki skal senda Póst- og fjarskiptastofnun afrit af öllum samningum sem það gerir um samtengingu neta eigi síðar en viku frá undirritun samnings.

## 7. gr.

*Neyðarhringingar.*

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenna talsímaþjónustu, farsímaþjónustu eða fjarskiptanet sem slík þjónusta er boðin á ber að tryggja að allir endanotendur sem tengdir eru þjónustunni eða netinu geti hringt án endurgjalds í neyðarnúmerið 112.

## 8. gr.

*Númer og kóðar.*

Fjarskiptafyrirtæki er einungis heimilt að nota númer og númeraraðir sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar því í samræmi við IV. kafla laga nr. 81/2003 og reglur sem stofnunin setur.

Fjarskiptafyrirtæki skal úthluta áskrifendum númerum úr þeim númeraröðum sem það hefur til úthlutunar en skal þó taka tillit til óska áskrifenda varðandi val á númerum.

Fjarskiptafyrirtæki sem býður almenna talsímaþjónustu eða farsímaþjónustu skal tryggja að öllum fyrirspurnum um símanúmer áskrifenda þess sé svarað allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að allir notendur þess hafi aðgang að upplýsingaþjónustunni.

Fjarskiptafyrirtæki skal ekki hindra að áskrifendur þess eigi aðgang að upplýsingaþjónustu í öðrum fjarskiptanetum og ber að tryggja aðgang þeirra að upplýsingaþjónustu um öll símanúmer sem rekin er sem hluti af alþjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki skal verða við öllum eðlilegum beiðnum um að láta í té símaskrár-upplýsingar skv. 4. mgr. 45. gr. laga nr. 81/2003.

9. gr.

*Umhverfisvernd og sameiginleg afnot.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu ávallt haga gerð fjarskiptavirkja á þann hátt að þau hafi sem minnst áhrif á umhverfi.

Í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtæki hefur rétt til að staðsetja fjarskiptavirki á afréttum, almenningi eða eignarlöndum skv. 69. gr. laga nr. 81/2003 eða getur tekið eign eignarnámi skv. 70. gr. sömu laga, getur Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við 25. gr. sömu laga ákveðið að fjarskiptafyrirtækið skuli veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að aðstöðu sinni á því svæði sem um ræðir ef það er tæknilega mögulegt.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um samnýtingu á aðstöðu í öðrum tilfellum vegna sérstakra landfræðilegra aðstæðna eða umhverfissjónarmiða.

10. gr.

*Skylda til dreifingar útvarpsdagskrár.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt á fjarskiptafyrirtæki skyldu til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 81/2003.

11. gr.

*Skráning og meðferð upplýsinga.*

Ekki skal nota upplýsingar um notendur í öðrum tilgangi en að skrá þá, veita þeim þjónustu og til reikningagerðar nema með skriflegu samþykki viðkomandi.

Skráning og vinnsla upplýsinga um notendur skal vera í samræmi við lög um Persónuvernd nr. 77/2000, IX. kafla laga nr. 81/2003 og í samræmi við reglugerð sem samgöngu-ráðherra er heimilað að setja skv. 4. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003.

12. gr.

*Skilmálar og gjaldskrár.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrár fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt. Skilmálar skulu að lágmarki innihalda þau atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003.

Áskrifendur á einstaklingsmarkaði eiga rétt á að gerður sé við þá samningur sem inniheldur að lágmarki þau atriði sem talin eru í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og gjaldskrár og breytingar á þeim, eigi síðar en við gildistöku þeirra.

Fjarskiptafyrirtæki skulu verða við öllum lögmætum beiðnum um áskrift að þjónustu sinni með sanngjörnum og jafnræðislegum hætti. Ekki skal neita aðila um að gerast áskrifandi nema lögmætar ástæður séu fyrir hendi. Fjarskiptafyrirtæki skulu útbúa þjónustusamning þar sem tiltekið er hvaða þjónusta verður veitt eða að öðrum kosti vísað í viðeigandi skilmála. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á þjónustusamningi ef talið er að ákvæði hans samræmist ekki lögum og reglum.

Við reikningagerð skal hafa að markmiði að reikningsupphæðir séu eins nákvæmar og kostur er. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að reikningagerð sé gæðavottuð og mælitæki löggilt.

## 13. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu verða við öllum kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um upplýsingar vegna eftirlits í samræmi við 5. gr. laga nr. 69/2003. Upplýsingarnar skal veita á því formi sem stofnunin óskar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

## 14. gr.

*Hlerun og gagnaöflun.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja möguleika á löglegri hlerun og annarri löglegri gagnaöflun yfirvalda í fjarskiptanetum sínum.

## 15. gr.

*Fjarskipti á hættutímum.*

Í þeim tilgangi að tryggja fjarskipti milli björgunarsveita og yfirvalda og útvarpssendingar til almennings þegar stórslys og hamfarir verða, skulu fjarskiptafyrirtæki í samræmi við 72. gr. laga nr. 81/2003 samkvæmt fyrirmælum samgönguráðherra stöðva eða takmarka fjarskipti, leggja til fjarskiptavirki og fjarskiptaþjónustu í þágu björgunaraðgerða eða setja upp ný fjarskiptavirki.

## 16. gr.

*Rafsegulgeislun.*

Fjarskiptafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá fjarskiptanetum. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Fjarskiptafyrirtæki skulu fara eftir fyrirmælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja varðandi rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal fjarskiptafyrirtæki bæta úr því ástandi án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis. Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun búnaðar.

## 17. gr.

*Heildstæði og rekstraröryggi neta.*

Fyrirtæki sem bjóða almenna talsímaþjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan, þ.m.t. neyðarþjónusta, rofni ekki. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki sem ber að veita alþjónustu geri áætlun um viðbrögð við hættuástandi. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um öryggisráðstafanir sem alþjónustuveitandi skal gera til þess að tryggja órofna starfsemi talsímanetsins. Slík fyrirmæli geta m.a. kveðið á um notkun varasambanda og annars varabúnaðar og tryggðan lágmarksuppitíma netsins. Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að ákveðin símanúmer njóti forgangs ef hættuástand skapast.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka talsíma- eða gagnaflutnings sambönd til útlanda skulu nota til þess fleiri en eina leið og skulu fyrirtækin gera ráðstafanir til þess að flytja talsíma- og gagnaflutningsþjónustu við útlönd af bilaðri eða rofinni leið yfir á aðra nothæfa leið innan tímamarka sem stofnunin setur. Notendum skal gerð grein fyrir varaleiðum og tímamörkum sem fjarskiptafyrirtæki býður.

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að fjarskiptavirki í umráðum þess valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum kerfum.

Fjarskiptafyrirtæki ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þær truflanir sem því eru kunnar hvort sem þær eru af völdum þess kerfis eða á því.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á fjarskiptavirkjum í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana. Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir-mælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr truflanavanda sem stafar af fjarskipta-kerfum þess.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda alvarlegum truflunum eða bannað notkun þeirra sbr. 64. gr. laga nr. 81/2003.

#### 18. gr.

##### *Leynd og vernd fjarskipta.*

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að leyndar sé gætt í fjarskiptum í samræmi við viðkomandi löggjöf.

Fjarskiptafyrirtæki skal kynna starfsmönnum sínum þær reglur sem gilda um leynd og vernd fjarskipta.

Fjarskiptafyrirtæki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi almennrar fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta sem þau reka og verja þau gegn ólögmaetum aðgangi. Ef sérstök hættu er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandinn upplýsa notendur um hættuna.

#### 19. gr.

##### *Notkun tíðna.*

Almennt gildir að uppsetning hvers konar radiósenda sem eru leyfis skyldir, samkvæmt lögum og reglum, er háð sérstöku leyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun veitir að fenginni umsókn frá fjarskiptafyrirtæki. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radiósendi þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, sendistyrk og ráðgerða notkun. Fjarskiptafyrirtæki skal einungis nota þær tíðnir sem það hefur fengið úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef fjarskiptanet er eingöngu starfrækt á opnu tíðnisviði (t.d. 2,4 GHz) er ekki þörf á útgáfu sérstaks leyfisbréfs fyrir tíðnir eða radiósenda. Allur búnaður slíks fjarskiptanets skal vera í samræmi við tilmæli CEPT REC T/R 70-03 (Annex 3).

#### 20. gr.

##### *Tæknikröfur.*

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sér í lagi staðla og tæknilýsingar sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB sem birtur er á grundvelli 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svó<sup>8</sup> og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu.

Allir radiósendar skulu vera í samræmi við tilskipun 99/5/EB og bera CE merki því til staðfestingar.

Tæknilögir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu birta opinberlega upplýsingar um tækni-lega eiginleika í nettengipunktum.

## 21. gr.

*Efnahagur fjarskiptafyrirtækja.*

Eigendum fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild er óheimilt að rýra efnahag fyrirtækisins eða gera aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem draga verulega úr möguleikum til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum nr. 81/2003.

Fjarskiptafyrirtæki ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaða ráðstöfun eigna sem notaðar eru til að uppfylla skyldur fyrirtækisins, sem og aðrar ráðstafanir sem hugsanlega geta dregið úr möguleikum þess til að uppfylla skyldur sínar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun vafa leika á um hvort fyrirhuguð ráðstöfun fjarskiptafyrirtækis samrýmist ákvæðum þessarar greinar getur hún krafist þess að fyrirtækið fresti viðkomandi ráðstöfun um allt að einn mánuð á meðan stofnunin leggur mat á hana.

Póst- og fjarskiptastofnun skal kynna fjarskiptafyrirtæki afstöðu sína til fyrirhugaðrar ráðstöfunar innan þess frests sem ákveðinn er skv. 3. mgr. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fyrirhuguð ráðstöfun muni brjóta í bága við ákvæði þessarar greinar er fyrirtækinu eða eigendum þess óheimilt að framkvæma hana.

## 22. gr.

*Álagning annarra skilyrða og kvaða.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, í samræmi við V. og VII. kafla laga nr. 81/2003 varðandi aðgang og samtengingu og í samræmi við VI. kafla sömu laga varðandi alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett fyrirtækjum sérstök skilyrði, skv. 10. gr. laga nr. 81/2003, fyrir notkun númera og fyrir notkun tíðna sem háð er einstakri úthlutun.

## III. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

## 23. gr.

*Breytingar á skilyrðum.*

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun í undantekningartilvikum heimilt að breyta skilyrðum almennra heimilda. Breytingar skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en einn mánuður.

## 24. gr.

*Viðurlög.*

Brjótí fjarskiptafyrirtæki gegn skilyrðum almennra heimilda getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á það dagsektir skv. 12. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 69/2003 og 74. gr., sbr. 73. gr. laga nr. 81/2003.

Við alvarleg og endurtekin brot getur stofnunin stöðvað rekstur fjarskiptanets eða fjarskiptaþjónustu skv. 74. gr. laga nr. 81/2003 og 5. gr. laga nr. 69/2003.

## 25. gr.

*Lög.*

Um rekstur fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu gilda að öðru leyti lög nr. 81/2003 og lög nr. 69/2003, ásamt reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir því sem við á.

26. gr.

*Varnarþing.*

Varnarþing vegna almennra heimilda til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skal vera í Reykjavík.

27. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 81/2003, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu nr. 86/2002.

*Póst- og fjarskiptastofnun, 4. apríl 2005.*

**Hrafnkell V. Gíslason.**

*Sigurjón Ingvason.*

## LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Skaftárhrepp.

### I. KAFLI

#### Um reglu, hreinlæti og góða umgengnishætti á almannafæri.

##### 1. gr.

###### *Skilgreiningar.*

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur, vegi og svæði, ætluð til almenningsnota, og eftir því sem við á aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o.fl.

Með þéttbýli er í samþykkt þessari átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 m, með tilvísun til 3. greinar laga nr. 36/1988.

##### 2. gr.

###### *Um reglu og næði.*

Bannað er að valda ónæði sem raskar næturró manna. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að slík tæki geti valdið ónæði eða truflun.

##### 3. gr.

###### *Hlýðniskylda almennings við lögreglu.*

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur til að segja til nafns síns og heimilis þegar lögreglan krefst þess. Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur.

##### 4. gr.

###### *Um biðraðir.*

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri og bíður þar eftir afgreiðslu eða aðgangi svo sem við miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

##### 5. gr.

###### *Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.*

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um og gæta fyllsta hreinlætis á almannafæri. Enginn má þar skemma né færa úr stað hluti, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.



Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

Bannað er að fleygja rusli nema í þar til gerð ílát.

6. gr.

*Um auglýsingar og skilti.*

Á hús og önnur mannvirki sem liggja að almannafæri sem og hluti á almannafæri má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Auglýsingar á fjölfölduðum veggspjöldum má einungis festa á skiltastanda eða þar til gerða auglýsingafleti sem leyfi er fyrir. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brotnám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi skipulags- og byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar sem eru stærri en 1,0 m<sup>2</sup>. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Umhverfisráðuneytið setur á grundvelli náttúruverndarlaga nánari reglur um skilti utan þéttbýlis.

7. gr.

*Friðhelgi heimila og annarra híbýla.*

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum, í eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

*Um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma muni eða úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhuta, báta, skips-skrokka o.fl.

Kappkosta skal að geyma muni og húsdýraáburð á snyrtilegan hátt og á afmörkuðum svæðum þannig að hverskyns mengun verði sem minnst.

Heimilt er starfsmönnum Skaftárhrepps að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta eða mengun stafar af. Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Skaftárhrepps í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, þ.m.t. dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með trygglegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna sbr. 39. gr. samþykktar þessarar. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Óheimilt er að dreifa húsdýraáburði á yfirborð jarðvegs innan þorpsmarka Kirkjubæjarklausturs á tímabilinu 1. júní til og með 31. ágúst. Heimilt er þó að dreifa húsdýraáburði á áðurnefndu tímabili sé hann plægður niður í svörðinn.

Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum, sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögbýla, og þá einungis samkvæmt leyfi sýslumanns.

#### 9. gr.

##### *Um gengnisreglur.*

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

#### 10. gr.

##### *Dýravernd og veiðar.*

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um.

Skotveiðimenn skulu í hvívetna gæta fyllstu varúðar við veiðarnar. Óheimilt er að stunda skotveiðar í eða við þéttbýli.

Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um dýravernd, nú lög nr. 15/1994 og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

#### 11. gr.

##### *Búfjárhald og lausaganga húsdýra.*

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár fer eftir gildandi samþykktum sveitarfélagsins um það efni.

Um hundahald og lausagöngu hunda fer eftir samþykkt um hundahald í Skaftárhreppi nr. 55/1995.

## II. KAFLI

### **Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.**

#### 12. gr.

##### *Skyldur húsráðenda.*

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggaþvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennslí á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturuasi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum, spilliefnum o.s.frv. Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af skipulags- og byggingarnefnd Skaftárhrepps og kynntar með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir mælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

## 13. gr.

*Um skipulagðar hópgöngur og útifundi.*

Tilkynna skal lögreglustjóra um skipulagðar hópgöngur og útifundi. Þátttakendur skulu hlýða fyrirmælum lögreglu svo gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

## 14. gr.

*Um meðferð elds og skotvopna.*

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum, kveikja í eldfimur efnum eða sprengiefnum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót og á þrettándanum.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður, sbr. 21. og 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Heimilt er þó að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hættu er því samfara.

Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, sem hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

## 15. gr.

*Um umgengni við ísilögð vötn.*

Ef ís á vötnum eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn.

## 16. gr.

*Um jarðrask og aðrar framkvæmdir.*

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg sveitarfélagsins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi sveitaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði.

Að öðru leyti geta sveitarstjórn og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir er þykja þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Lögreglustjóri getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götum séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá geta sveitarstjórn og lögreglustjóri, ef þau telja framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

## 17. gr.

*Um töku jarðefna.*

Hvers kyns umtalsverð taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan sveitarfélagsins, þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki landeiganda og/eða umráðamanns lands, sveitaryfirvalda.

## 18. gr.

*Um losun úrgangs.*

Losun hvers kyns úrgangs, sorps og annars af því tagi er bönnuð innan sveitarfélagsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn vísar á til þeirra nota.

Losun jarðefna í þéttbýli er bönnuð, nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn ákveður.

## 19. gr.

*Um byggingarframkvæmdir og niðurrif mannvirkja.*

Þegar hús eða annað mannvirki er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verk-taka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþæg-indi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það er fjarlægt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

## 20. gr.

*Um leyfisskyldu fyrir byggingarframkvæmdum.*

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi skipulags- og byggingarnefndar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hvers konar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augskýtlega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóð-arhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingaryfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar og VI. kafla skipu-lags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

## III. KAFLI

**Um ökutæki, umferð o.fl.**

## 21. gr.

*Almennar reglur varðandi umferð á almannafæri.*

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð.

Hámarkshraði vélknúinna ökutækja í þéttbýli ákvarðast af almennum ákvæðum umferð-arlaga og gildandi auglýsingu um umferð í Skaftárhreppi á hverjum tíma.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu.

Vöru- og flutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hóp-bifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einka-lóðum í íbúðahúshverfum eða almenningsbifreiðastæðum sveitarfélagsins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja eru bannaðar á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda almenningi ónæði.

Óheimilt er að gista í húsbílum, hjólhýsum og öðrum gistifarartækjum utan sérmerktra svæða.

22. gr.

*Takmörkun á umferð stórvirkra vinnuvéla.*

Lögreglustjóri eða sveitarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

23. gr.

*Bann við umferð tiltekinna farartækja.*

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, fjórhjóra, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í sveitarfélaginu og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr þéttbýlinu stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýtrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarks- hraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

Allur akstur vélknúinna ökutækja, utan vega og slóða er bannaður í sveitarfélaginu nema við aðstæður sem krefjast þess, svo sem smalanir búfjár, enda skal forðast landspjöll eins og frekast er kostur. Bann þetta gildir ekki um umferð björgunartækja í neyðartilfellum. Undanskilin þessu banni eru sjávarfjörur, austan Blautukvíslar að sveitarfélagsmörkum austan Núpsvatna.

Öll óviðkomandi umferð um landgræðslusvæði er bönnuð.

24. gr.

*Takmörkun á gangi bifvéla.*

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annars konar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur, svo komast megi hjá loftmengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

25. gr.

*Skyldur farmflytjenda.*

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur og þjóðvegi sveitarfélagsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutnings-tækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

26. gr.

*Afgreiðsla þjónustubifreiða o.fl.*

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem skipulags- og byggingarnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Nefndin getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

## 27. gr.

*Um börn í umferðinni.*

Börn yngri en fimmtán ára skulu nota hlífðarhjálms við hjólreiðar.

Á götum, eða annars staðar þar sem hættu getur stafað af, má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

## IV. KAFLI

**Um götuspjöld, húsnúmer og önnur opinber skilti.**

## 28. gr.

*Um nöfn á götum.*

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum eða nafni þar sem það á við, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar. Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

## 29. gr.

*Um meðferð opinberra skilta.*

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan stjórnsýsluumdæmis sveitarfélagsins.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu sveitarfélagsins.

## V. KAFLI

**Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.**

## 30. gr.

*Um sölu varnings.*

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi háð þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðum verslunarлага, og ákvæðum sem sveitarstjórn kann að setja um farandsölu í samþykkt sbr. 7. gr. laga um verslunaratvinnu nr. 28/1998.

Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má hver sem er selja, en áskilið er að sótt sé um leyfi sveitaryfirvalda ef ætlunin er að vera með aðra farandsölu á almannafæri. Í umsókn um leyfi skal greint frá staðsetningu og því hvernig staðið verður að sölnunni á annan hátt.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

## 31. gr.

*Um slit á skemmtunum.*

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 02.00. Veitingastaði með skemmtanaleyfi er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00.

Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótélum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma. Lögreglustjóri getur heimilað að skemmtanir standi lengur en til 23.30. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

## 32. gr.

*Um skyldur þeirra sem standa fyrir skemmtunum.*

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

## 33. gr.

*Um opnunartíma sölubúða.*

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Sveitarstjórn getur takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, sbr. 31. grein laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.

## 34. gr.

*Reglur um útivistartíma og skyld atriði.*

Um útivistartíma barna og unglinga, aðgang þeirra að dansleikjum og öðrum skemmtunum og önnur atriði er lúta að öryggi þessara aldurshópa í sveitarfélaginu gilda reglur XVII. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem hafa til þess leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 22.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum/forráðamönnum eða maka.

Forstöðumönnum danshúsa, dansleikja og veitingahúsa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

## 35. gr.

*Um takmarkanir á aðgangi að leiktækjum.*

Óheimilt er að selja börnum yngri en 14 ára aðgang að leiktækjum í leiktækjasölum. Miðað skal við fæðingarár.

Börnum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur að söfnunarkössum.

Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

## 36. gr.

*Um takmarkanir á sölu efna sem fallin eru til misnotkunar.*

Eigendur bensínstöðva, og aðrir verslunareigendur skulu ekki selja börnum eða unglingum, kveikjaragas eða önnur þau rokgjörn efni, sem fallin eru til misnotkunar, ef minnsti vafi leikur á því í hvaða skyni óskað er eftir kaupum á efninu, sbr. reglugerð nr. 196/1987 um takmörkun sölu á kveikjaragasi.

## VI. KAFLI

**Um staðgildi samþykktarinnar, viðurlög við brotum o.s.frv.**

## 37. gr.

*Um gildissvið.*

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnsluumdæmi Skaftárhrepps. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. almennum hegningarlögum, skipulags- og byggingarlögum, umferðarlögum, vopnalögum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir o.s.frv.

## 38. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem sakborningur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 39. gr.

*Önnur viðurlagaákvæði.*

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt lögreglusamþykkt þessari eða reglum sem settar eru samkvæmt þessari lögreglusamþykkt, má lögreglustjóri láta gera það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber reynist eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

## 40. gr.

*Gildistaka.*

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi í sveitarfélaginu lögreglusamþykkt fyrir V-Skaftafellssýslu nr. 261/1972.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. mars 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.*

**SAMÞYKKT****um fráveitur í Breiðdalshreppi.**

## 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur í Breiðdalshreppi.

## 2. gr.

Sveitarfélagið starfrækir fráveitur á Breiðdalsvík.

Sveitarsjóður kostar rekstur þeirra og framkvæmdir við þær. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitur og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við þær.



Sveitarfélagið getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu. Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins fara með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitna sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

### 3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

### 4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Byggingarfulltrúi og sveitarstjóri, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda er holræsi sveitarfélagsins varðar og ákveða legu götuholræsa og tengigreina. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins.

### 5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

### 6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að rotþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

### 7. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skulu vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins, að jafnaði annað hvert ár, og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsaheinsunar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina.

## 8. gr.

Þegar tengja skal fráveitu húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró skal sækja um það til byggingareftirlits sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins. Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 11. gr.

## 9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

## 10. gr.

Byggingareftirlit sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða rotþrær.

## 11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

## 12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

## 13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráæsislagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlökum við gölfniðurföll.

## 14. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

## 15. gr.

Af þeim fasteignum í sveitarfélaginu sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

## 16. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

## 17. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjaldþaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

## 19. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera herra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lökkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

## 20. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

## 21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 210/2001 um holræsi í Breiðdalshreppi.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. mars 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

*Deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 15. febrúar 2005 samþykkt deiliskipulag við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Deiliskipulagið afmarkast af Iðjustíg og Krossmóa til suðurs, vesturmörkum lóðarinnar Krossmóa 2 og Hafnargötu til vesturs, Víkurbraut til norðurs og Bakkastíg til austurs.

Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hafnargötu 91 og 93, dags. 25. október 2003. Þá er í gildi deiliskipulag fyrir Víkurbraut 29, Iðjustíg 1 og Krossmóa 2 ásamt opnu svæði á bæjarlandi dags. 17. desember 2003, breytt 20. febrúar 2004.

Þessar skipulagstillögur falla úr gildi við gildistöku auglýsingar þessarar.

*Reykjanesbæ, 17. febrúar 2005.*

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs,

**Viðar Már Aðalsteinsson.**

1. mars 2005

Nr. 349

## GJALDSKRÁ

### fyrir dóma á kynbótahrossum.

1. gr.

Gjald fyrir dóma á kynbótahrossum skal vera sem hér segir:

- |                                    |           |
|------------------------------------|-----------|
| a) Gjald til búnaðarsambanda       | kr. 4.000 |
| b) Gjald til Bændasamtaka Íslands: |           |
| – launahluti                       | kr. 1.500 |
| – rekstur tækja                    | kr. 283   |
| c) Vallaraðstaða                   | kr. 1.300 |

2. gr.

Á gjöld skv. a- og b-lið 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%. Heildardómagjald fyrir kynbótasýningar er því kr. 8.500.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir dóma á hrossakynbótasýningum nr. 368/2002.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 1. mars 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag þjónustusvæðis við Þrastarlund í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag þjónustusvæðis við Þrastarlund.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þjónustumiðstöð, byggingarreit fyrir síðari viðbætur við þjónustumiðstöð, sýningarsal og tveimur starfsmannahúsum. Einnig bílastæði og framtíðar bensínafgreiðslu.

Aðkoma að svæðinu er frá Biskupstungnabraut.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 31. mars 2005.*

**Margrét Sigurðardóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Óseyrarbraut 16b og 18b.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Óseyrarbraut 16b og 18b í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að lóðirnar nr 16b og 18b við Óseyrarbraut á reit 5.4a verða sameinaðar í eina lóð: Óseyrarbraut 20. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Óseyrarbraut 8b.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 8. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Óseyrarbraut 8b í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að lóðinni nr 8b við Óseyrarbraut verður skipt í tvær lóðir, 8b og 8c við Óseyrarbraut. Eftir breytinguna verður lóð 8b 12.892 m<sup>2</sup> og lóð 8c verður 3867,6 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur lóðar 8c er stækkaður til austurs, en nýtingarhlutfall lóðar er 0,4. Aðkoma að lóð 8c verður frá Suðurbakka. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. mars 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, nr. 374/2001, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Afgreiði sveitarstjórn fjárhagsáætlun, ársreikning eða þriggja ára áætlun með halla skal hún senda eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga greinargerð um ástæður hallans, aðgerðir til að bæta þar úr og áætlun um framtíðarhorfur í rekstri sveitarfélagsins. Greinargerðin skal fylgja fjárhagsáætlun, ársreikningi og þriggja ára áætlun sem send er félagsmálaráðuneyti, sbr. 66. og 72. gr. sveitarstjórnarlaga.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 74. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Árni Magnússon.**

---

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli Villingaholtshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið hinn 23. mars 2005 staðfest samkomulag, sem undirritað er af sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps hinn 22. febrúar 2005 og oddvita Villingaholtshrepps hinn 18. mars 2005, um færslu stjórnsýslumarka sveitarfélaganna á mörkum jarðanna Kílhrauns og Skálmholts.

Í breytingunni felst að sveitarfélagamörkin færast til norðurs inn á svæði Skeiða- og Gnúpverjahrepps þannig að hnitpunktur merktur 2001 (x420129.459 y385349.921) fellur út og mörkin liggja eftir breytinguna beint á milli hnitpunktanna 2002 (x420069.841 y385513.505) og 2000 (x420861.656 y384749.704). Breytingin er sýnd á uppdrætti frá Landformi ehf., dags. 16. nóvember 2004, í mælikvarðanum 1:2.500/10000. Staðarmörkin eru einnig sýnd með hnitum á sérblaði, sem telst hluti samkomulagsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 23. mars 2005.*

**Árni Magnússon.**

---

*Guðjón Bragason.*

## REGLUGERÐ

### um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

#### 1. gr.

##### *Greiðslur vegna sjúkratryggðra einstaklinga.*

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 80% af kostnaði við nauðsynlega þjálfun fyrir sjúkratryggð börn og unglunga yngri en 18 ára, einstaklinga með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrisþega. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu hefur gert. Ef nauðsyn ber til að þjálfunarskipti séu fleiri en 20 á einu ári greiðir Tryggingastofnun ríkisins þjálfunina að fullu út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti fyrir sjúkratryggð börn og unglunga yngri en 18 ára, einstaklinga með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir þá sem ekki fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins greiðir stofnunin áfram 80%. Með lífeyrisþegum í reglugerð þessari er átt við sjómannalífeyrisþega, einstaklinga 67 ára og eldri og einstaklinga með örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 40% af kostnaði við nauðsynlega þjálfun fyrstu 25 skiptin á ári fyrir aðra sjúkratryggðra einstaklinga og ef nauðsyn ber til að þjálfunarskipti séu fleiri greiðir Tryggingastofnun ríkisins eftir það 75% kostnaðarins út árið, þ.e. í 365 daga talið frá fyrsta þjálfunarskipti. Þjálfunin skal fara fram á stofu þjálfara, sem starfar samkvæmt samningi sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu hefur gert.

Ef samið er um hærrí greiðslur fyrir tilskilda hópa/meðferð greiðir Tryggingastofnun ríkisins að fullu það sem er umfram almennt meðferðargjald sjúklings. Þetta á þó ekki við um sérstakt umsamið skoðunargjald.

Tilskilinn skiptafjöldi einstaklings til aukinnar hlutdeildar Tryggingastofnunar ríkisins skal staðfestur með útgáfu skírteinis (þjálfunarkorts) sem sækja þarf um til stofnunarinnar. Miðað er við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

#### 2. gr.

##### *Heimameðferð.*

Með heimameðferð er átt við nauðsynlega sjúkraþjálfunarmeðferð fyrir sjúkratryggðan sjúkling í heimahúsi sem er þannig líkamlega á sig kominn að hann kemst ekki í meðferð á sjúkraþjálfunarstofu.

Sjúkraþjálfari þarf að sækja fyrirfram um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við heimameðferð.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir viðbótarstyrk fyrir samþykkt heimameðferð hjá sjúkraþjálfara sem starfar samkvæmt samningi samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu þannig að sjúklingur greiðir sama gjald og vegna sjúkraþjálfunar á stofu, sbr. 1. gr. Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að samþykkja að stofnunin greiði að fullu fyrir heimasjúkraþjálfun í sérstökum tilvikum ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand (t.d. krabbamein eða sjúkdóm Parkinsons á lokastigi) eða mjög alvarlega fötlun er að ræða.

## 3. gr.

*Hópmeðferð og stutt meðferð.*

Hver tvö skipti í hópmeðferð hjá þjálfara sem starfar samkvæmt samningi samninga-nefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu teljast svara til eins skiptis í annarri sjúkraþjálfun við útgáfu þjálfunarkorts. Það sama gildir um stutta meðferð.

## 4. gr.

*Þjálfun á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana.*

Greiðslukvittanir þar sem fram kemur staðfesting á skiptafjölda í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og talþjálfun sem veitt er á göngudeildum opinberra sjúkrastofnana, þ.m.t. Heyrnar- og talmeinstöð, geta nýst til öflunar skírteinis fyrir þjálfun (þjálfunarkorts) enda séu greiðslufjárhæðir svipaðar og þegar um er að ræða sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun, sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu hefur gert samninga um.

## 5. gr.

*Vottorð.*

Tryggingastofnun ríkisins getur þegar þurfa þykir krafist vottorðs frá þjálfara eða lækni sjúklings um nauðsyn þjálfunar, einkum vegna þjálfunarskipta umfram 25 á ári og vegna annarrar langtímameðferðar.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 33. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 33. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. maí 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

## 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt í samræmi við reglugerð þessa að endurgreiða að hluta útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja, sjúkraþjálfunar, iðjuþjálfunar og talþjálfunar enda teljist þau umtalsverð miðað við tekjur sjúkratryggðs eða fjölskyldu hans.

## 2. gr.

Endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari taka til eftirfarandi lækni-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlendis:



1. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálp, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar samkvæmt 4.-6. gr, 1.og 3. mgr. 9. gr., 12. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 1030/2004 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.
2. Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf samkvæmt 5., 6. og 12. gr. reglugerðar nr. 712/2004 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.
3. Lyf vegna barna til 18 ára aldurs, sem afgreidd eru út á lyfseðil.
4. Hluta sjúkratryggðs í sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun samkvæmt reglugerð nr. 354/2005 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun.

## 3. gr.

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

<b>Árstekjur fjölskyldu næsta almanaksár á undan</b>	<b>Grunnkostnaður 3 mánuðir</b>	<b>Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins umfram grunnkostnað</b>
Undir 1.749.999	0,7% af tekjum	90%
1.750.000-2.649.999	0,7% af tekjum	75%
2.650.000-3.749.999	0,7% af tekjum	60%
3.750.000 og yfir		0%

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 260.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.750.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 1.000.

## 4. gr.

Sjúkratryggður skal sanna útgjöld sín vegna læknis-, lyfja- og þjálfunarkostnaðar með framlögðum kvittunum sem bera með sér nafn útgefanda, tegund þjónustu, fjárhæð og greiðsludag, ásamt nafni og kennitölu hins sjúkratryggða. Einnig er unnt að sanna útgjöld vegna lyfja með því að framvísa tölvuútskrift frá apótekum.

## 5. gr.

Við mat á því hvort endurgreiða skuli sjúkratryggðum útgjöld vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar skal leggja til grundvallar kostnað sjúkratryggðs skv. 2. gr., eða fjölskyldu, að teknu tilliti til vergra heimilistekna.

Áður en endurgreiðslur eru ákvarðaðar er heimilt að draga frá heildarkostnaði uppbót sem viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi nýtur vegna lyfja og/eða þjálfunar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

## 6. gr.

Umsóknum um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari skulu berast Tryggingastofnun ríkisins eða umboðum hennar. Endurgreiðslur miðast við útgjöld vegna læknis-

hjálp, lyfja og þjálfunar þrjá mánuði í senn, þ.e. 1. janúar – 31. mars, 1. apríl – 30. júní, 1. júlí – 30. september og 1. október – 31. desember ár hvert.

## 7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálp, lyfja og þjálfunar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um tilkynningarfrést slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

## 1. gr.

*Tilkynning um slys.*

Þegar að höndum ber slys sem ætla má bótaskyldt samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, (slysatryggingar) skal atvinnurekandi eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins. Tilkynningin skal vera í því formi sem stofnunin ákveður. Utan Reykjavíkur má þó senda tilkynningu til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

Hinum slasaða eða þeim öðrum sem vilja gera kröfu til bóta vegna slyssins ber að fylgjast með því að tilkynningarskyldunni sé fullnægt og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna.

## 2. gr.

*Tilkynningarfréstur.*

Ef sá sem átti að tilkynna um slys hefur vanrækt það skal það eigi vera því til fyrirstöðu að sá sem fyrir slysinu varð eða eftirlátnir vandamenn hans geti gert kröfu til bóta ef það er gert áður en ár er liðið frá því að slys bar að höndum. Tilkynningarfréstur er því eitt ár frá slysdegi. Heimilt er þó að greiða bætur samkvæmt reglugerð þessari þótt liðið sé ár frá því að slys bar að höndum ef atvik eru svo ljós að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði er máli skipta.

## 3. gr.

*Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrésts.*

Skilyrði þess að fallið sé frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrésts er að fyrir liggja öll nauðsynleg gögn sem varpað geta ljósi á málið, þar með talið gögn frá þeim lækni sem sá slasaða fyrst eftir slys eða þeirri sjúkrastofnun sem hann leitaði fyrst til, svo

og gögn um fyrra heilsufar slasaða. Jafnframt er skilyrði að fyrir liggi læknisfræðilegt mat á orsakasambandi, þ.e. að unnt sé að meta orsakasamband slyssins og heilsutjóns slasaða.

Almennt skal ekki fallið frá kröfu um að slys sé tilkynnt innan tilkynningarfrests þegar liðið hafa meira en 10 ár frá því að slys bar að höndum og þar til það er tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins.

4. gr.

*Fyrning bótaréttar.*

Bætur slysatrygginga almannatrygginga eru sjúkrahjálpar, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

Bætur vegna sjúkrahjálpar, dagpeninga og dánarbætur skal aldrei úrskurða lengra aftur í tímann en tvö ár frá þeim tíma þegar slysið var tilkynnt til Tryggingastofnunar ríkisins. Tímamark þetta gildir ekki að því er varðar slysalífeyri.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 709/1999 um tilkynningarfrestart slysa samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um heimild Tryggingastofnunar ríkisins til að framlengja bótagreiðslur þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða.

1. gr.

*Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður.*

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfelld á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Hið sama gildir þegar um er að ræða dvöl á hjúkrunarheimili fyrir aldraða eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum fyrir aldraða sem ekki eru á föstum fjárlögum fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar.

Þrátt fyrir tímamörk í 1. og 2. mgr. er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða lífeyri og bætur honum tengdar þegar sérstaklega stendur á í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglugerð þessa. Við mat á framlengingu á bótagreiðslum skal hafa hliðsjón af tekjum skv. 10. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

## 2. gr.

*Mánaðarleg greiðslubyrði.*

Framlenging á bótagreiðslum skv. 3. mgr. 1. gr. skal heimiluð ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda er hærri en mánaðarlegar tekjur hans að frádreginni staðgreiðslu skatta og eftir að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins hafa fallið niður.

## 3. gr.

*Tekjur.*

Ef heildartekjur umsækjanda eru lægri en sem nemur óskertum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka einhleypings skal heimila framlengingu skv. 3. mgr. 1. gr. Sé umsækjandi í hjónabandi eða skráðri sambúð er heimilt að framlengja bótagreiðslur ef sameiginlegar tekjur umsækjanda og maka hans eða sambúðaraðila eru ekki hærri en sem nemur tvöföldum grunnlífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka á mánuði.

## 4. gr.

*Eignir í peningum eða verðbréfum.*

Framlengja skal bótagreiðslur skv. 3. mgr. 1. gr. ef umsækjandi eða maki eða sambúðaraðili hans á eignir í peningum eða verðbréfum undir þeim viðmiðunarmörkum sem notuð eru hverju sinni vegna frekari uppbótar á lífeyri skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

## 5. gr.

*Sérstakar aðstæður.*

Við afgreiðslu umsókna um framlengingu bótagreiðslna skv. 3. mgr. 1. gr. er heimilt að taka tillit til sérstakra aðstæðna umsækjanda og maka eða sambúðaraðila hans. Skal einkum litið til þess hvort framlenging bótagreiðslna sé nauðsynleg vegna afborgana eða annars rekstrarkostnaðar húsnæðis.

## 6. gr.

*Framlenging í þrjá mánuði.*

Ákvörðun um framlengingu bótagreiðslna skv. 3. mgr. 1. gr. getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um það sérstaklega.

## 7. gr.

*Hvenær er hægt að leggja fram umsókn aftur.*

Sá sem fær lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og hefur þegar fengið framlengingu bótagreiðslna í samtals sex mánuði á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnu einu ári frá samþykkt síðustu framlengingar.

## 8. gr.

*Brottfall framlengingar.*

Hafi framlengingartími bótagreiðslna ekki verið nýttur til fullnustu, t.d. vegna útskriftar af stofnun, fellur sá tími sem eftir er niður einu ári eftir að framlenging var veitt.

## 9. gr.

*Umsóknir.*

Sækja skal um framlengingu á eyðublöðum sem Tryggingastofnun ríkisins leggur til. Í umsókn skal gerð grein fyrir áætluðum legutíma, fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum umsækjanda og öðrum þeim atriðum sem máli geta skipt varðandi afgreiðslu umsóknar.

## 10. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 29. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 968/2001 um afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta, þrátt fyrir sjúkrahúsvist skv. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**SAMÞYKKT****um búfjárhald í Grindavík.**

## 1. gr.

Í Grindavík er búfjárhald heimilt að fengnu leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn veitir leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

Til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari, telst hald dýra sem talin eru upp í 2. gr. laga nr. 103/2002, með síðari breytingum, hvort sem þau eru haldin til búnyttja, tómsunda-  
iðju eða annarra nota.

## 2. gr.

Umsókn um leyfi til búfjárhalds skal senda til bæjarstjórnar ásamt yfirlýsingu um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda.

Sumarbeit sauðfjár úr Grindavík skal vera í beitarhólfi í Krísuvík. Sauðfjáreigendur skulu annast alla smölun og réttarhald í beitarhólfinu, ásamt öðrum sem það nota.

## 3. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni, að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfé líði vel í þeim. Hús skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um aðbúnað búfjár. Húsunum skal haldið vel við, þau máluð utan og innan og haldið hreinum. Tað og annan úrgang frá búfé skal fjarlægja.

## 4. gr.

Bæjarstjórn veitir einungis þeim leyfi til búfjárhalds sem ekki hafa brotið gegn lögum um dýravernd eða lögum um búfjárhald eða reglugerðum settum samkvæmt framangreindum lögum og að fenginni umsögn búfjárefntirlitsmanns.

Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. uppfyllir ekki skilyrði um vörslu, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið að undangenginni aðvörun.

Leyfið miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda, þannig að ekki er heimilt að framselja leyfið. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til ákveðins tíma eða ákveðið tiltekinn frest til afturköllunar.

## 5. gr.

Búfjárefntirlitsmaður svæðis 3, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 743/2002, um búfjárefntirlit o.fl., annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna eftir atvikum, búfjáreigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur.

Lausagöngufénaður skal handsamaður og skráður. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

Búfjáreigendum er skylt að tryggja búfé frjálstri ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni þriðja aðila og skal búfjáreigandi geta sýnt fram á að hann hafi slíka tryggingu sé eftir því leitað.

#### 6. gr.

Full vörsluskylda og ábyrgð er á höndum allra búfjáreigenda og er viðkomandi skylt að halda fénaði sínum í vel afgirtum hólfum í heimalöndum. Allar girðingar skulu vera gripaheldar og uppfylla skilyrði 13. gr. reglugerðar nr. 748/2002, um girðingar og er landeigendum eða umráðamönnum skylt að annast viðhald þeirra í samræmi við vörslukröfur bæjarstjórnar.

Grindavíkurbær hefur umsjón með viðhaldi beitarhólfa.

#### 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002, ásamt síðari breytingum.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 103/2002 um búfjánhald o.fl. og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands, staðfestist samþykkt þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Grindavíkur, hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjánhald sitt og sótt um leyfi til búfjánhalds. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjánhalds.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. mars 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

22. mars 2005

Nr. 359

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Íslenskrar olíumiðlunar hf., kt. 510204-3010, Naustahvammi 53, 740 Neskaupstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. apríl 2015.

*Umhverfisstofnun, 22. mars 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

*Deiliskipulag frístundahúsabyggðar í Hrífunesi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 23. mars 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístundahúsabyggðar í Hrífunesi. Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 30. mars 2005.*

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

**Oddur Bjarni Thorarensen.**

# REGLUGERÐ

## um flugvernd.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á og framkvæma viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir sem beinast gegn almenningssflugi.

Reglugerð þessi innleiðir flugverndaráætlun Íslands eins og við á auk þess sem hún innleiðir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins eins og nánar greinir í 41. gr. með þeim breytingum sem lúta að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004, merkt fylgiskjal I.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið o.fl.*

Reglugerð þessi gildir um allt millilandaflug um flugvelli sem jafnframt eru landamæra-stöðvar á Íslandi.

Samþykkja má innlendar verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd aðgreindum flugverndarsvæðum flugvallarinnar, þar sem einungis er um að ræða almannaflyg eða þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minni en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti.

##### 3. gr.

##### *Orðskýringar.*

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Aðflugsstjórnarþjónusta* (Approach control service): Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

*Aðgreint flugverndarsvæði* (Demarcated area): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarinnar með stjórnunum aðgangi.

*Almannaflug* (General Aviation): Áætlunarflug eða óreglubundið flug sem stendur ekki til boða eða er ekki aðgengilegt almenningi.

*Almenningsflug* (Civil aviation): Flug í samræmi við reglur sem settar eru af flugmálayfirvöldum og starfrækt undir eftirliti eða stjórn Flugmálastjórnar Íslands sem fer með flugumferðarþjónustu fyrir allt flug annað en herflug. Almenningsflug tekur hvort tveggja til atvinnuflugs og einkaflugs.

*Áningarfarþegi* (Transit Passenger): Farþegi sem fer frá borði loftfars og heldur áfram ferð sinni með flugi sem hefur sama flugnúmer og það sem hann kom með.

*Áningarsalur/svæði* (Transit Hall): Salur þar sem áningarfarþegar og aðrir framhaldsfarþegar bíða þess að halda áfram ferð sinni.

*Bakgrunnsathugun* (Background check): Athugun á því hver einstaklingurinn er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaférlit að baki sem lið í mati á því hvort óhætt er að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar.

*Bannaður hlutur* (Prohibited article): Hlutur sem nota má til að fremja ólöglegt athæfi og sem hvorki hefur verið gerð grein fyrir á viðeigandi hátt né hann meðhöndlaður samkvæmt lögum og reglum. Viðmiðunarskrá yfir bannaða hluti af því tagi er að finna í viðauka við reglugerð þessa.

*Boðsending* (Courier parcels/mail): Skjöl eða pakkar sem fluttir eru undir sömu flutningsskilyrðum og hraðsendingar, eða fluttar sem innritaður farangur eða handfarangur með sendiboða, sem ekki er víst að sé kunnugt um innihald sendingarinnar.

*Flugafgreiðsluaðili* (Ground handling agent): Aðili sem á grundvelli samnings við flugrekanda annast hvers kyns afgreiðslu og þjónustu við loftför og farþega sem flugrekandi þarfnast á jörðu niðri. Í henni felst m.a. tækni- og flugrekstrarþjónusta við loftför, öll afgreiðsla vegna farþega, póst- og farmflutninga auk þess að afla aðfanga og flugvista fyrir loftför.

*Flugskiptafarþegi* (Transfer passenger): Farþegi sem skiptir um flugvél á flugvelli og heldur áfram för sinni í flugi með öðru flugi á sama flugvelli eða öðrum flugvelli í sama ríki.

*Flugturnsþjónusta* (Aerodrome control service): Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

*Flugvernd* (Aviation Security): Sambland af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólöglegum aðgerðum.

*Flugverndarathugun á loftfari* (Aircraft Security Check): Skoðun á loftfarinu innanverðu þar sem farþegar geta haft aðgang og skoðun á lestinni með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

*Flugverndaráætlun* (Aviation Security Programme): Skipulag og reglur samkvæmt því um varúðarráðstafanir, viðbrögð og tækjaviðbúnað sem settar eru fyrir tiltekið svæði, t.d. ríki eða einstaka flugvelli og ætlað er að vernda almenningsflug gegn ólöglegum afskiptum.

*Flugverndarfulltrúi* (Security Officer): Fulltrúi eftirlitsskylds aðila sem samþykktur er af flugmálayfirvöldum og ábyrgur er fyrir að leiðbeina, innleiða og framfylgja flugverndaráætlun. Flugverndarfulltrúi starfar sem sérstakur trúnaðarmaður flugmálayfirvalda varðandi flugverndarmál.

*Flugverndarleit í loftfari* (Aircraft Security Search): Nákvæm skoðun á loftfarinu að utan og innan með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

*Flugverndarstarfsmenn* (Security staff): Starfsmenn sem starfa við hvers konar flugverndareftirlit.

*Flugvistir, birgðir og aðföng* (Air carrier catering, stores and supplies): Neysluvörur eða vörur sem eru til sölu um borð í loftfari.



*Fyrirtækisþóstur* (Company-Mail (Co-mail)): Fyrirtækisþóstur flugrekanda sem er fluttur á milli stöðva hans.

*Haftasvæði flugverndar* (Security Restricted Area): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningflugum. Þessi svæði ná að jafnaði m.a. yfir öll brottfararsvæði farþega á mili skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunar-svæða farangurs, farangursskála, pósthöndva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

*Hraðþóstur* (Express mail): Þóstur sem fluttur er með forgangshraða.

*Hraðsending* (Express parcel): Farmur sem fluttur er með forgangshraða í flugi.

*Hugsanlegur ólátafarþegi* (Potentially disruptive passengers): Farþegi sem hugsanlega getur sýnt af sér óæskilega hegðun, t. a. m. einstaklingur sem vísað er úr landi, einstaklingur sem ekki er heimil landganga, einstaklingur sem er í lögreglufylgd eða sætir lögregluá-gerðum.

*Landgangur* (Finger): Yfirbyggður gangur sem liggur út úr flugstöðvarbyggingu til að veita aðgang að flugvélastæðum.

*Landgöngubrú* (Jetway): Yfirbyggð, færanleg brú sem tengir flugstöðvarbyggingu eða landgang við dyr flugvélar þannig að innangengt er á milli.

*Lest* (Hold): Sá hluti loftfars sem notaður er undir farm þess, venjulega undir farþeg-arýminu.

*Lestfarangur* (Hold Baggage): Farangur sem er ætlaður til flutnings í lest loftfars.

*Póstrekandi*: Aðili sem veitir hvers kyns pósthjónustu.

*Póstur*: Sendingar bréfa og annarra hluta, með eða án áritunar á umbúðir, sem eru afhentar og ætlaðar til afhendingar til póstrekkanda. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og böggjar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

*Rekstrarvörur* (Company Material (Co-mat)): Rekstrarvörur flugrekanda sem eru fluttar um stöðvanet hans.

*Samþykki vegna flugverndar* (Security Approval): Sérstakt samþykki útgefið af Flug-málastjórn Íslands vegna flugverndar, þar sem staðfest er að fullnægjandi flugverndará-gerðum sé lýst í viðeigandi flugverndaráætlun.

*Skimun* (Screening): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

*Stöðugar úrtakskannanir* (Continuous Random Checks): Kannanir sem eru gerðar af handahófi allan starfstímann.

*Viðkvæmasti hluti haftasvæðis flugverndar á flugvelli* (Critical part of security restricted areas of airport): Skilgreint og afmarkað svæði innan haftasvæðis flugverndar á flug-velli, t.d. landgangur, landgöngubrú, hreint svæði innan flugstöðvar o.s.frv.

*Viðurkennur umboðsaðili* (Regulated Agent): Umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og hefur með höndum flugverndareftirlit sem Flug-málastjórn Íslands viðurkennir eða krefst þegar um er að ræða farm, boðsendingar og hrað-sendingar eða pósthöndva.

*Þekktur sendandi* (Known Consignor):

- (a) farms; sendandi farms til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkenndan umboðsaðila eða flugrekanda á grundvelli viðmið-ana sem eru nánar tilgreindar í þessari reglugerð
- (b) pósts; sendandi pósts til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkenndan póstrekkanda.

## 4. gr.

*Innlend flugverndaráætlun í almenningsflugi.*

Flugmálastjórn Íslands skal sjá um gerð og viðhalda Flugverndaráætlun Íslands til að tryggja framfylgni við ákvæði reglugerðar þessarar. Stofnunin ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd Flugverndaráætlunarinnar. Jafnframt skal stofnunin sjá um gerð og framkvæmd áætlunar um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi. Flugmálastjórn Íslands skal sjá til þess að millilandaflugvellir, flugumferðarþjónusta og flugrekendur sem fljúga til og frá Íslandi geri flugverndaráætlanir fyrir sína starfsemi sem uppfylla kröfur Flugverndaráætlunar Íslands. Þessar áætlanir skulu samþykktar af Flugmálastjórn Íslands og sæta eftirliti stofnunarinnar.

Þá skal stofnunin sjá um að gerð sé innlend þjálfunaráætlun um flugvernd í almenningsflugi. Stofnuninni er heimilt að setja frekari fyrirsmáli um verklag einstakra þátta í Flugverndaráætlun í almenningsflugi sem aðeins verður birt viðeigandi aðilum.

## 5. gr.

*Gæðaeftirlit.*

Flugmálastjórn Íslands skal innleiða og annast gæðaeftirlit með flugvernd og gera viðeigandi úttektir með aðferðum gæðastjórnunar og samkvæmt bestu starfsvenjum.

Í hverri flugverndaráætlun flugvallar skal kveðið á um að allir millilandaflugvellir sem jafnframt eru landamærastöðvar, skuli teknir út reglulega. Við slíka úttekt skal beita sameiginlegri aðferðafræði og skulu úttektarmenn sem eru hæfir til þess, annast hana og fara eftir sameiginlegum viðurkenndum viðmiðunum.

## II. KAFLI

**Flugvernd á flugvöllum.**

## 6. gr.

*Aðgreind flugverndarsvæði.*

Aðgreind flugverndarsvæði skulu tilgreind í flugverndaráætlun flugvallar.

Hvert flug sem hefst frá aðgreindu flugverndarsvæði skal senda upplýsingar þar að lútandi til ákvörðunarstaðar (komuflugvallar) fyrir lendingu.

## 7. gr.

*Viðkvæmasti hluti haftasvæðis flugverndar*

Á flugvöllum þar sem fleiri en 40 starfsmenn hafa útgefnar aðgangsheimildir að haftasvæði flugverndar, skal viðkvæmasti hluti haftasvæðisins meðal annars vera:

- a. þau svæði flugvallar sem brottfararfarþegar ásamt handfarangri hafa aðgang að, eftir skimun,
- b. þau svæði flugvallar við brottför sem lestarfarangur farþega getur farið um eða kann að vera geymdur á, eftir skimun, hafi ekki verið tryggilega frá honum gengið.

Eftirtalin svæði flugvallar skulu talin viðkvæmasti hluti haftasvæðis, í skilningi 1. mgr., ef:

- a. brottfararfarþegar ásamt handfarangri, eftir skimun, eru staddir á því svæði,
- b. lestarfarangur til brottfarar, eftir skimun, er að fara um svæðið eða er geymdur á svæðinu, hafi ekki verið tryggilega frá honum gengið.

Í skilningi 1. og 2. mgr. skal loftfar, hópferðabifreið, farangurskerra eða annað samgöngutæki eða göngubrú/gangvegur eða landgöngubrú talið hluti flugvallar.

Tryggilega frágenginn farangur samkvæmt þessari grein merkir farangur við brottför sem skimaður hefur verið og er gætt, til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu settir í hann.

Á flugvöllum þar sem færri en 40 starfsmenn hafa útgefnar aðgangsheimildir að haftasvæði flugverndar er heimilt að skilgreina viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar sem þau svæði flugstöðvar sem brottfararfarþegar ásamt handfarangri hafa aðgang að, eftir skimun.

8. gr.

*Aðgangur í heimildarleysi.*

Ef talið er að aðili hafi í heimildarleysi farið inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar eða haftasvæði flugverndar skal framkvæma nákvæma skoðun á svæðunum.

9. gr.

*Skimun á starfsfólki og öðru á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar.*

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugstöðvar, þar sem innritaðir farþegar og handfarangur þeirra hafa aðgang.

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugvallar, þar sem innritaðir farþegar og handfarangur þeirra hafa aðgang.

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugvallar, þar sem innritaður farangur og lestarfarmur er fluttur um.

### III. KAFLI

#### **Samþykki vegna flugverndarráðstafana.**

10. gr.

*Samþykki vegna flugverndar.*

Rekstraraðilar flugvalla með útgefin starfsleyfi af Flugmálastjórn Íslands og flugrekendur með útgefin flugrekendaskírteini af Flugmálastjórn Íslands skulu hafa samþykki vegna flugverndar frá stofnuninni.

11. gr.

*Samþykki flugverndaráætlunar rekstraraðila flugumferðarþjónustu.*

Rekstraraðilar flugumferðarþjónustu skulu leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar til Flugmálastjórnar Íslands.

Rekstraraðilar flugumferðarþjónustu skulu undanþegnir skilyrði 1. mgr. ef fyrir hendi er samþykkt flugverndaráætlun rekstraraðila flugvallar með útgefið starfsleyfi af Flugmálastjórn Íslands sem einnig greinir flugverndaráætlun vegna aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnspjónustu.

12. gr.

*Samþykki flugverndaráætlunar erlendra flugrekenda.*

Flugrekendur með útgefið flugrekendaskírteini frá erlendum ríkjum sem fljúga áætlunarflug milli Íslands og erlendra ríkja skulu leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar til Flugmálastjórnar Íslands með hæfilegum fyrirfara, áður en flug er hafið.

Flugrekendur með útgefið flugrekendaskírteini frá erlendum ríkjum sem fljúga óreglu-

bundið flug milli Íslands og erlendra ríkja, fleiri en 4 flug yfir tveggja mánaða skeið, skulu einnig leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar með hæfilegum fyrirvara, fyrir áætlað flug.

## 13. gr.

*Heimildir til að sækja um samþykki.*

Eftirtaldir aðilar skulu hafa heimild til að sækja um samþykki vegna flugverndar:

- a. umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og öðlast vill stöðu sem „viðurkenndur umboðsaðili“,
- b. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugvistum, birgðum og aðföngum (Catering companies),
- c. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugafgreiðslu á jörðu niðri (Ground handling agents),
- d. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir ræstingarþjónustu um borð í loftförum og sjá flugvöllum fyrir ræstingarþjónustu innan haftasvæðis flugverndar,
- e. póstrekendur og fyrirtæki sem annast hraðsendingar og/eða boðsendingar.

Flugrekandi sem hefur samþykki Flugmálastjórnar Íslands vegna flugverndar telst hafa stöðu sem viðurkenndur umboðsaðili.

## 14. gr.

*Umsókn um samþykki.*

Umsókn um samþykki skal senda viðkomandi flugmálayfirvaldi með eftirfarandi upplýsingum:

1. opinberu nafni, firmanafni, heimilisfangi og pósthfangi umsækjanda, auk símanúmera og tölvupósthfanga,
2. lýsing á rekstri aðila eða viðeigandi deildar eða einingar sem sækir um samþykki,
3. nafni og samskiptaupplýsingum um þann aðila sem tilnefndur er sem flugverndarfulltrúi.

## 15. gr.

*Flugverndar- og þjálfunaráætlun.*

Aðilar sem sækja um samþykki vegna flugverndar skulu leggja fram flugverndaráætlun með þjálfunaráætlun sem greinir hvernig viðkomandi aðili uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar. Samþykki vegna flugverndar skv. 12. og 13. gr. tekur einnig til samþykkis flugverndaráætlunar.

## 16. gr.

*Skilyrði samþykkis.*

Heimilt er að veita samþykki vegna flugverndar þegar:

- a. tilnefndur flugverndarfulltrúi hefur hlotið viðurkennda þjálfun vegna flugverndar,
- b. flugverndar- og þjálfunaráætlun aðila hefur verið samþykkt af viðkomandi flugmálayfirvaldi,
- c. aðili hefur staðfest skriflega að hann muni framfylgja flugverndar- og þjálfunaráætlun sinni sem hlotið hefur samþykki flugmálayfirvalda, ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum ákvörðunum og fyrirmælum á þessu sviði,
- d. engin frávik eða áhættur hafa verið greindar út frá flugverndarlegum sjónarmiðum er snerta starfsemi aðila, hvorki í úttektum né að öðru leyti.

Heimilt er að veita samþykki vegna flugverndar til allt að 5 ára í senn. Um umsóknir um endurnýjun samþykkis fer samkvæmt ákvæði 14. gr. og skulu þær berast eigi síðar en 30 dögum áður en gildandi samþykki fellur niður.

## 17. gr.

*Svipting samþykkis.*

Heimilt er að svipta handhafa samþykkis samkvæmt kafla þessum, samþykki vegna flugverndar ef handhafi verður uppvís að brotum gegn ákvæðum laga og reglna og talið er, með hliðsjón af eðli brotsins og atvikum öllum, eða annars framferðis aðila eða starfsmanna hans, varhugavert að samþykki vegna flugverndar sé neytt. Heimilt skal að svipta handhafa samþykki tímabundið eða að fullu og öllu leyti við ítrekuð brot.

Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og handhafa samþykkis gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin í samræmi við ákvæði stjórnýslulaga. Heimilt skal að svipta samþykki vegna flugverndar tímabundið á meðan meðferð máls stendur.

## 18. gr.

*Flugverndarfulltrúi.*

Aðili með samþykki vegna flugverndarráðstafana skal tilnefna flugverndarfulltrúa sem ábyrgur er fyrir að innleiða og framfylgja flugverndaráætlun. Flugverndarfulltrúi skal vera sérstakur trúnaðarmaður flugmálayfirvalda, hvað varðar flugverndarmál.

Tilkynna skal með minnst 10 daga fyrirvara sé ætlunin að skipta um tilnefndan flugverndarfulltrúa og allar breytingar á upplýsingum og samskiptaupplýsingum um hann.

Flugverndarfulltrúi skal hafa undirgengist bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari fyrir tilnefningu.

## IV. KAFLI

**Aðgangsheimildir.**

## 19. gr.

*Almennt um aðgangsheimildir.*

Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á flugsvæði flugvallar, þ.m.t. haftasvæði, að undanskildum sérstökum starfssvæðum séu slík svæði skilgreind innan flugsvæðis, hafi þeir gildar aðgangsheimildir útgefnar af viðeigandi flugvallaryfirvöldum.

Slíkar heimildir eru:

- a. auðkennisspjöld fyrir einstaklinga,
- b. leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar.

Undanþegnir skilyrði 1. mgr. eru:

- a. flugfarþegar og áhafnir loftfara í flutningaflugi á eðlilegri leið til og frá loftfari enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðandi loftfars eða umboðsmaður hans gefur út,
- b. gestir á ábyrgð og í umsjá aðila með gilda aðgangsheimild,
- c. aðilar sem fljúga til og frá flugvelli í fylgd með eða í umsjón flugafgreiðsluaðila með samþykki vegna flugverndar og/eða rekstraraðila flugvallar.

Undanþágan tekur til komu og brottfarar á flugvellingum og eðlilegra hreyfinga loftfara innan flugsvæðis svo sem við akstur á stæði, í flugskýli eða til verkstæðis.

Heimilt er viðeigandi flugvallaryfirvaldi að kveða á um að áhafnir loftfara í flutningaflugi skuli hafa útgefnar aðgangsheimildir að flugvelli og setja skilyrði um útgáfu og meðferð aðgangsheimilda þar að lútandi.

Aðgangsheimildir skulu gefnar út með tiltekinn gildistíma, að hámarki 5 ár. Takmarka má heimild við tiltekna vikudaga og tilgreindan hluta sólarhrings. Almennt skal heimildin bundin ákveðnu starfi eða starfsemi og er handhafa þá einungis heimilt að nýta heimildina í þeim tilgangi. Láti handhafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi, fellur heimildin úr gildi.

Aðgangsheimild skal skilað þegar gildistími er útrunninn, heimild hefur verið afturkölluð eða handhafi lætur af störfum eða lögð hefur verið niður sú starfsemi sem var tilefni heimildar. Notkun útrunninna heimilda er bönnuð.

#### 20. gr.

##### *Auðkennisspjöld.*

Á auðkennisspjaldi skal vera ljósmynd af handhafa, nafn hans, nafn starfsaðila/fyrirtækis, gildistími og áritun um hvaða svæði handhafi hafi aðgang að. Gildistími skal ritaður með áberandi hætti á auðkennisspjaldið.

Umsókn um auðkennisspjald skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem liggja skal frammi á skrifstofu viðeigandi flugvallaryfirvalda. Í umsókn skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt 23. gr., til að staðfesta megi bakgrunn viðkomandi. Vinnuveitendur skulu sækja um auðkennisspjöld fyrir starfsmenn sína.

Handhafi auðkennisspjalds skal jafnan bera það þannig að það sé vel sýnilegt við störf.

#### 21. gr.

##### *Þjálfun handhafa aðgangsheimilda.*

Handhafar aðgangsheimilda skulu hafa lokið viðeigandi námskeiði/þjálfun í umgengi um flugsvæði. Þeir skulu hafa kynnt sér reglur sem gilda um aðgang að flugvelli áður en aðgangsheimild er gefin út. Þeir skulu undirrita yfirlýsingu þar að lútandi og skuldbinda sig til að hlíta þeim reglum.

#### 22. gr.

##### *Leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar.*

Leyfisbréf ökutækja og vinnuvéla skulu gefin út fyrir tiltekið ökutæki eða vinnuvél af viðeigandi flugvallaryfirvaldi. Í leyfisbréfi skal tilgreint skráningarnúmer, nafn eiganda og/eða umráðanda (starfsaðila/fyrirtækis), gildistíma heimildar, áritun um hvaða svæði er heimill aðgangur að og undirritun/stimpill viðeigandi yfirvalds. Gildistími leyfisbréfs skal ritaður með áberandi hætti.

Vinnuveitendur skulu sækja um leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar. Aðilar sem hafa heimild til aksturs innan flugsvæðis (umferðarsvæðis loftfara) skulu hafa lokið viðeigandi námskeiði/þjálfun í akstri um svæðið og í samskiptum við flugturn.

Ökutæki sem þarf að nota á flugsvæði, skal hafa innan flugsvæðis eftir því sem við verður komið.

Ökutæki sem þarf að færa á milli almenningssvæðis og flugsvæðis skulu hafa sérstök leyfisbréf sem festa skal á ökutækið á vel sýnilegum stað. Önnur ökutæki sem þurfa að fá aðgang að flugsvæði skulu áður skoðuð og fá útgefið leyfisbréf til bráðabirgða.

Undanþegin 4. mgr. eru ökutæki og vinnuvélar sem eru í erindum vegna neyðartilvika.

#### 23. gr.

##### *Bakgrunnsathugun.*

Athuga skal a.m.k. 5 ár aftur í tímann, frá dagsetningu umsóknar, bakgrunn alls starfsfólks sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar til að unnt sé að leggja mat á hvort heimila eigi aðgang án fylgdar. Athugunin skal m.a. felast í skoðun á viðkomandi í

skrá m lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Að auki skal viðeigandi flugvallaryfirvald gera úrtaksathugun á þeim aðilum sem staðist hafa bakgrunnsathugun.

Með bakgrunnsathugun skal kanna og staðfesta:

- a) deili á viðkomandi,
- b) heimili eða dvalarstað sl. 5 ár,
- c) feril viðkomandi undanfarin 5 ár,
- d) þá hættu sem kann að stafa af viðkomandi innan haftasvæðis flugverndar, sbr. 24. og 25. gr.

Með umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar skal leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar skv. 3. mgr. og skriflega heimild viðkomandi fyrir öflun þeirra svo sem frá lögreglu. Heimilt er að óska frekari upplýsinga ef nauðsynlegt þykir.

Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum skal hann leggja fram þau gögn sem óskað er til þess að unnt sé að leggja mat á umsókn vegna hans svo sem saka-vottorð eða sambærileg vottorð frá erlendum stjórnvöldum þar sem hann hefur verið búsettur eða dvalið. Nú eru ekki lögð fram gögn sem nægileg teljast til að hægt sé að meta viðkomandi og skal þá hafna umsókn.

24. gr.

*Mat á afbrotiferli.*

Við ákvörðun um hvort veita beri aðgangsh Heimild að haftasvæði flugvallar skal sérstaklega athuga brotaferil einstaklings sem sótt er um heimild fyrir. Leggja skal til grundvallar upplýsingar úr sakaskrá og eftir atvikum öðrum skrá m lögreglu um viðkomandi.

Hafi einstaklingur verið dæmdur til refsingar skal synja um aðgang að haftasvæði flugverndar, sbr. þó ákvæði 25. gr., enda séu brotin stórfelld og/eða gefa vísbendingar um að öryggi ríkisins, flugstarfsemi og almannahagsmunum kunni að stafa hætta af.

Við mat á brotaferli umsækjanda skal leggja til grundvallar hvort öryggi flugsamgangna stafi hætta af einstaklingi. Sérstaklega skal meta hugsanlega hættu sem af viðkomandi kann að stafa gagnvart íslenska ríkinu og erlendum ríkjum, öryggi þeirra, flugstarfsemi og öðrum almannahagsmunum.

Ennfremur skal heimilt að taka tillit til eftirfarandi atvika:

- a) ef komin er fram kæra á hendur einstaklingi fyrir refsivert brot sem ætla má að varði fangelsisrefsingu,
- b) ef einstaklingur er eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

25. gr.

*Tímafrestrir.*

Nú hefur einstaklingur lokið afplánun og/eða innt sektargreiðslur af hendi vegna brota samkvæmt 2. mgr. 24. gr. og skal þá heimilt að taka tillit til þess í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar 5 ár eru liðin frá lokum afplánunar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða lokum reynslulausnar
- b) þegar 3 ár eru liðin frá greiðslu sektar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar, enda þyki sýnt að af viðkomandi stafi ekki lengur hætta fyrir íslenska ríkið eða erlend ríki, öryggi þeirra, flugstarfsemi eða almannahagsmuni.

## 26. gr.

*Kæruheimild vegna synjunar umsóknar um aðgang.*

Nú er umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar synjað á grundvelli bakgrunnsathugunar vegna flugverndar og má kæra þá ákvörðun í samræmi við ákvæði stjórnslulaga.

## 27. gr.

*Svipting aðgangsheimilda.*

Heimilt er viðeigandi flugvallaryfirvaldi að svipta einstakling aðgangsheimild að flugsvæði, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans, varhugavert að hann neyti heimildarinnar. Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnslulaga.

## V. KAFLI

**Farþegar og handfarangur.**

## 28. gr.

*Skimun farþega.*

Að frátöldum þeim sem eru tilgreindir í 3. mgr. hér á eftir skulu allir brottfararfarþegar skimaðir (þ.e. farþegar sem hefja ferð og flugskiptafarþegar nema þeir sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessari reglugerð), til að hindra að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftför. Farþegar skulu skimaðir með eftirfarandi aðferðum:

- a) handleit eða
- b) skimun í málmleitarhliði. Þegar málmleitarhlið er notað skal einnig samhliða leitað með handleit á slembiúrtaki þeirra farþega sem eru skimaðir. Handleit skal ná til allra farþega sem framkalla viðvörðun frá tækinu og einnig skal samhliða leitað á slembiúrtaki þeirra farþega sem framkalla ekki viðvörðun frá tækinu og ef:
  - i) viðvörðun fer í gang skal einstaklingurinn skimaður aftur í málmleitarhliðinu eða
  - ii) handleitað þar sem nota má handvirkt málmleitartæki.

Þegar málmleitarhlið er notað skal það stillt þannig að öruggt sé að smærri málmhlutir finnast.

Flugmálastjórn Íslands getur skipt einstaklingum í flokka þannig að þeir skuli sæta sérstakri skimunarmeðferð eða vera undanþegnir henni. Flugmálastjórn Íslands skal setja sérstök fyrirmæli vegna hugsanlegra ólátafarþega, svo sem einstaklinga sem vísað er úr landi, einstaklinga sem ekki er heimil landganga og einstaklinga sem eru í lögreglufylgd.

## 29. gr.

*Líkamsleit og sérstök meðhöndlun við leit.*

Leit skal framkvæmd með svo mikilli tillitssemi sem unnt er og má hún aldrei vera víðtækari en nauðsynlegt er. Sá sem sætir leit getur krafist þess að vitni sé tilkvatt. Líkamsleit skal ætíð framkvæmd af einstaklingi af sama kyni.

Leit á farþegum sem krefjast sérstakrar meðhöndlunar t.d. farþegum með mikil verðmæti, farþegum með gangráð, hreyfihömluðum eða fötluðum farþegum, skal fara fram á svæði sem er úr augsyn annarra farþega. Í slíkum tilvikum skal farþeginn og handfarangur hans skoðaður:

- a) með handleit eða gegnumlýsingu á öllum handfarangri,



- b) með því að nota handmálmleitartæki eða ef um farþega með gangráð eða fatlaðan farþega er að ræða sem ekki geta sætt venjulegri málmleit skal gerð handleit og
- c) af fólki sem hefur hlotið sérstaka þjálfun til slíks.

Strax að lokinni skoðun skal farþeganum fylgt á öruggt áningarsvæði.

30. gr.

*Leit hafnað.*

Sérhverjum aðila sem neitar að undirgangast leit í samræmi við þessar reglur eða neitar að láta leita í eða skoða handfarangur sinn skal synjað um brottför með loftfari.

31. gr.

*Vernd farangurs.*

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að unnt sé að eiga við skimaðan farangur sem meðhöndlaður er af starfsfólki sem ekki hefur verið skimað samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, áður en farangurinn er settur um borð í loftfar. Frestur til að hefja ráðstafanir eftir grein þessari eru samkvæmt bráðabirgðaákvæði I.

32. gr.

*Meðferð bannaðra hluta.*

Nú hefur fundist bannaður hlutur eða hlutir í fórum farþega í handfarangri eða á farþega sem ekki eru ólögmatir og skal þá farþega gefinn kostur á að:

- a) innrita bannaða hluti sem lestarfarangur, enda sé bannaður hlutur eða hlutir heimiladír til flutnings sem lestarfarangur,
- b) geyma í viðeigandi aðstöðu fyrir bannaða hluti til endurkomu farþega eða
- c) heimsenda bannaða hluti í pósti.

Framangreindar ráðstafanir skulu gerðar á kostnað farþega.

Um meðferð bannaðra hluta sem lagt er hald á og ekki er ráðstafað í samræmi við 1. mgr. skal farið með sem óskilamuni.

VI. KAFLI

**Ræstingarvörur flugrekanda.**

33. gr.

*Framkvæmd og markmið.*

Flugrekandi og ræstingafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem gætu teflt öryggi loftfarsins í tvísýnu, séu í ræstingavörum sem farið er með um borð.

34. gr.

*Flugverndareftirlit með ræstingavörum flugrekanda.*

Fyrirtæki sem sjá flugrekanda fyrir ræstingarþjónustu skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur sem flytja á um borð.

Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:

- a) tilnefna skal flugverndarfulltrúa sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu,
- b) kanna skal áreiðanleika fólks sem ráðið er til starfa,

- c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari og skulu fara að fyrirmælum um flugvernd settum af viðeigandi yfirvöldum,
- d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,
- e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að loftfarinu í læstum eða innsigliðum ökutækjum,
- f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt og
- g) ræstingavörur skulu skimaðar áður en þær eru sendar með fyrirtækispósti til annarra ákvörðunarstaða.

Eftir afhendingu skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi.

Vörur frá fyrirtæki, sem gerir ekki verndarráðstafanir sem er lýst í 1. mgr., skulu ekki teknar um borð í loftfar.

## VII. KAFLI

### Ræsting innan haftasvæðis flugverndar.

#### 35. gr.

##### *Framkvæmd og markmið.*

Rekstraraðili flugvallar og eða flugstöðvar og ræstingafyrirtæki skulu í samráði við viðkomandi flugvallaryfirvald gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem teftu gætu öryggi flugsamgangna í tvísýnu, séu í ræstingavörum og tækjum sem farið er með um haftasvæði flugverndar innan flugstöðvar og flugvallar.

#### 36. gr.

##### *Flugverndareftirlit með ræstingafyrirtækjum innan flugvallar og flugstöðva.*

Fyrirtæki sem sjá flugvelli og flugstöð fyrir ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur eða tæki sem flytja á um haftasvæði flugverndar innan flugstöðvar og flugvallar.

Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:

- a) tilnefna skal flugverndarfulltrúa sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu,
- b) kanna skal áreiðanleika fólks sem ráðið er til starfa,
- c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari og skulu fara að fyrirmælum um flugvernd settum af viðeigandi yfirvöldum,
- d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,
- e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að flugvelli og flugstöð í læstum eða innsigliðum ökutækjum og
- f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt.

Eftir komu inn á haftasvæði flugverndar skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi,

Fyrirtæki sem starfrækir ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar sem ekki gerir verndarráðstafanir sem er lýst í 1. mgr., skal óheimilt að starfrækja ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar innan flugvallarsvæðis og flugstöðvar.

VIII. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

37. gr.

*Skrá yfir samþykktu eða viðurkennda aðila vegna flugverndar.*

Flugmálastjórn Íslands skal birta á heimasíðu sinni skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa samþykki eða viðurkenningu vegna flugverndar.

38. gr.

*Frekari kröfur.*

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja frekari fyrirmæli og verklagsreglur varðandi flugverndarráðstafanir. Stofnuninni er heimilt að ákveða að þau fyrirmæli og verklagsreglur skuli einungis birtar viðeigandi aðilum.

39. gr.

*Keflavíkurflugvöllur.*

Með vísan til laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. og samkvæmt 10. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 3 frá 1. febrúar 2004, um Stjórnarráð Íslands, framkvæmir Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli eða sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli eftir atvikum, verkefni og fer með vald er varðar Keflavíkurflugvöll, sem viðkomandi flugmála-, eða flugvallaryfirvöldum eru falin samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar stjórnvaldshafar fara með vald eða framkvæma verkefni á Keflavíkurflugvelli er það í umboði og eftir ákvörðun utanríkisráðherra.

40. gr.

*Refsingar.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

41. gr.

*Gildistaka og innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1. um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal II, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal I.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal IV, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 62/2004 frá 26. apríl 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal III.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal VI, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 109/2004 frá 9. júlí 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal V.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 849/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flug-

vernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal VIII, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 155/2004 frá 29. október 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal VII.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 70. gr., 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Skimun starfsfólks og hluta skv. 2. mgr. 9. gr. skal hefjast eigi síðar en 1. janúar 2006 en skv. 3. mgr. 9. gr. eigi síðar en 1. janúar 2009.

Vernd farangurs skv. 31. gr. skal hefjast eigi síðar en 1. júlí 2009.

*Samgönguráðuneytinu, 10. mars 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**VIÐAUKI**  
**við reglugerð um flugvernd.**

*Til skýringar.*

Upptalning hér á eftir yfir bannaða hluti er ekki tæmandi. Um er að ræða viðmið varðandi mögulega lögun vopna og hluta sem eru bannaðir eða háðir takmörkunum en leggja ber mat á það hverju sinni hvort unnt er að nota hlut sem vopn.

1. gr.

Almennt.

Bannaðir hlutir sem vísað er til í 2. gr. mega aðeins vera fluttir á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar af starfsfólki, þar með töldum áhöfnum loftfara, ef það hefur tilskilið leyfi frá þar til bærum yfirvöldum, þar sem slíkir munir teljast nauðsynlegir fyrir starfrækslu flugvallarins eða loftfara eða skyldustarfa um borð.

Bannaða hluti sem vísað er til í viðbætinum má skilja eftir á haftasvæðum flugverndar eða um borð í loftfari ef þeir eru geymdir í öruggu ástandi.

Flugverndarstarfsmönnum er heimilt að synja hvaða starfsmanni sem er aðgang að haftasvæði flugverndar sem hefur undir höndum bannaðan hlut sem veldur þeim áhyggjum.

2. gr.

Bannaðir hlutir.

Farþegar mega ekki flytja með sér eftirtalda hluti inn á haftasvæði flugverndar og í farþegaklefa loftfars en ekki er um tæmandi talningu að ræða:

**a) Byssur, skotvopn og vopn.**

Sérhver hlutur sem skot getur eða virðist geta hlaupið úr eða sem getur eða virðist geta valdið skaða, þ.m.t.:

öll skotvopn (skammbyssur, riffar, haglabyssur o.s.frv.),  
eftirlíkingar eða stælingar skotvopna,  
íhlutir skotvopna (undanskilin eru sjónaukamið og önnur mið),  
loftbyssur, -riffar og -haglabyssur,  
merkibyssur,  
rásbyssur,  
leikjabyssur af öllum gerðum,  
kúlubyssur (ball bearing guns),  
bolta- og naglabyssur til nota í iðnaði,  
krossbogar,  
teygjubyssur og slöngvur,  
skutul- eða spjótbyssur,  
tæki til að aflífa dýr/pinnabyssur,  
rafmagnsvopn af öllum gerðum, einnig í byssulíki (taser),  
kveikjarar í byssulíki.

**b) Oddhvöss eða beitt vopn og hlutir.**

Oddhvassir eða beittir hlutir sem geta valdið skaða, þ.m.t.:

axir,  
krókar, mannbroddar,  
örvar og kastpílur,  
skutlar og spjót,  
ísaxir og stingar,  
skautar,  
láshnífar eða fjaðurhnífar, óháð lengd blaðs,  
hnífar (úr málmum eða öðru efni sem er nógu stíft til að hægt sé að nota það sem hugsanlegt vopn, einnig hnífar sem eru notaðir við síða- og trúarathafnir), (íslensk yfirvöld leyfa ekki neina oddhvassa eða beitta hnífa, aðeins rúnnaða, bitlaus smjörhnífa)  
kjötaxir,  
sveðjur,  
rakhnífar og rakblöð (undanskilin eru rakblöð í skiptihylkjum),  
höggsverð, sverð og korðar,  
skurðhnífar,  
skæri, með lengra en 6 cm blað,  
(íslensk yfirvöld leyfa ekki nein oddhvöss, beitt skæri),  
skíða- og göngustafir,  
kaststjörnur,  
verkfæri iðnaðarmanna sem hugsanlega má nota sem oddhvasst eða beitt vopn, t.d. borvélar, lausir borar, pappahnífar, hnífar til atvinnu, allar sagir, skrúfjám, kúbein, hamrar, tangir, skiptilyklar/skrúflyklar, blússlampar.

**c) Bitlaus áhöld og tól.**

Bitlaus áhöld sem geta valdið skaða, þ.m.t.:

hafnaboltakylfur,  
kylfur og stafir af öllum gerðum, stífir eða sveigjanlegir,  
krikketkylfur,

golfkylfur,  
 ísknattleikskylfur,  
 baglar („Lacrosse“-kylfur),  
 kajak- og kanóárar,  
 hjólabretti,  
 kjuðar fyrir ballskák, veiðistangir,  
 búnaður fyrir sjálfsvarnaríþróttir, svo sem hnúajárn, rotkylfur og aðrar kylfur, þreskijárn  
 o.s.frv.

**d) Sprengiefni og eldfim efni.**

Sérhver sprengiefni eða eldfim efni sem eru hættuleg heilsu farþega og áhafnar eða vernd/öryggi loftfars eða eigna, þ.m.t.:

skotfæri,  
 sprengihettur,  
 hvellhettur og sprengiþræðir,  
 sprengiefni og sprengibúnaður,  
 eftirlíkingar og stælingar sprengiefna og sprengibúnaðar,  
 jarðsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,  
 handsprengjur af öllum gerðum,  
 gas og gaskútar t.d. bútan, própán, kolvetnisgas (acetylene) og súrefni – í stórum umbúðum,  
 skoteldar, blys af öllum gerðum og annar skotelda- og hvellbúnaður, þ.m.t. samkvæmis- og leikjasprengjur,  
 eldspýtur, aðrar en venjulegar,  
 reykhyliki og reykðósir,  
 fljótandi eldsneyti, t.d. bensín, díeselolía, kveikjaralögur, alkóhól og etanól  
 málning í úðabrúsum,  
 terpentína og þynnir  
 áfengir drykkir með meira en 70% vínanda miðað við rúmmál,

**e) Íðefni og eiturefni.**

Öll íðefni og eiturefni sem eru hættuleg heilsu farþega og áhafnar eða flugvernd/öryggi loftfars eða eigna, þ.m.t.:

sýrur og lútarefni, t.d. vökvafylltar rafhlöður,  
 tærandi og bleikiefni, t.d. kvikasilfur og klór,  
 lamandi úðafefni, t.d. úðavopn (Mace), piparúði og táragas,  
 geislavirk efni, þ.m.t. samsætur (ísótópar) til nota við lækningar og sem verslunarvara,  
 eitur,  
 smitefni eða hættuleg lífefni, t.d. smitað blóð, bakteríur og veirur,  
 sjálfsíkveikjandi og eldfim efni,  
 slökkvitæki.

3. gr.

Heimilt er að undanþiggja farþega ákvæðum 2. gr. svo framarlega sem:

- a) viðeigandi yfirvald hafi áður verið upplýst um það og veitt samþykki sitt fyrir því að farþeginn hafi hlutinn eða hlutina með sér, og
- b) flugstjóra loftfarsins hafi verið skýrt frá farþeganum og þeim bannaða hlut eða hlutum sem hann hefur með sér.

Þar sem við á skal gengið tryggilega frá bannaða hlutum.

## 4. gr.

Listi yfir bannaða hluti.

Skrá yfir hina bönnuðu hluti, sem um getur í 2. gr. og 7. gr. skal vera tiltæk almenn-  
ingi hjá umboðsmönnum flugfélaga og við innritunarborð.

## 5. gr.

Aðrar ráðstafanir.

Viðeigandi yfirvaldi er heimilt að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem um getur í 2.  
gr. og 7. gr.

Viðeigandi yfirvald skal gera viðhlítandi ráðstafanir til að upplýsa farþega um þessa  
hluti áður en þeir hafa lokið innritun lestarfarangurs.

## 6. gr.

Hluti, sem eru bannaðir skv. 2. gr. eða 5. gr. en ekki skv. 7. gr., má flytja í lestarfar-  
angri svo framarlega sem farþegar hafi ekki aðgang að farangrinum án eftirlits frá því að  
hann er innritaður og þar til hann er endurheimtur við komu.

Flugverndarstarfsfólki er heimilt að synja farþega um aðgang að haftasvæðum flug-  
verndar og farþegaklefa loftfars hafi hann undir höndum hlut sem ekki fellur undir 2. gr. og  
telji það hlutinn grunsamlegan.

Flugverndarstarfsfólki er heimilt að synja um flutning á lestarfarangri sem innheldur  
hlut sem ekki er getið um í 7. gr. en sem það telur grunsamlegan.

## 7. gr.

Hlutir sem eru bannaðir í lestarfarangri.

Eftirfarandi hluti skal *ekki* setja í lestarfarangur:

sprenghæfni þ.m.t. hvellhettur, sprengipráður, handsprengrur, jarðsprengjur og aðrar  
sprengjur,

gös, própan og bútan,

eldfimir vökvar, þ.m.t. bensín og tréspíritus (metanól),

eldfim, föst efni og hvarfgjörn efni, þ.m.t. magnesíum, kveikjarar, skoteldar og bly,  
oxandi og lífræn peroxíð, þ.m.t. bleikiefni og efni til viðgerða á yfirbyggingum bifreiða,

eiturefni eða smitefni, þ.m.t. rottueitur og smitað blóð,

geislavirk efni, þ.m.t. samsætur til nota við lækningar og sem verslunarvara,

tærandi efni, þ.m.t. kvikasilfur og rafgeymar farartækja,

fhlutir eldneytiskerfa ökutækja sem hafa innhaldið eldsneyti.

## 8. gr.

Tilkynna skal þegar í stað til flugvallaryfirvalda, lögreglu eða Ríkislögreglustjóra um  
hluti ef merki sjást um að þeir innihaldi efnafræðileg eða líffræðileg efni eða grunur vaknar  
um slíkt og skulu þeir einangraðir frá almennum flugstöðvar- og flugvallarsvæðum.

**Fylgiskjal I.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 61/2004****2004/EES/43/26****frá 26. apríl 2004****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hlíðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Sökum hnattstöðu Íslands og strjálbýlis landsins, svo og samsetningar flugvélaflotans sem notaður er í innanlandsflugi á Íslandi, er nauðsynlegt að undanþiggja innanlandsflug á íslensku yfirráðasvæði ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2320/2002. Fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi á Íslandi samkvæmt landslögum.
- 4) Vegna sérstakra aðstæðna í Liechtenstein, sem stafa af því að yfirráðasvæðið er mjög lítið og staðhættir óvenjulegir og af þeirri staðreynd að heildarflugumferð í landinu er mjög lítil, ekkert reglulegt millilandaflug er stundað frá Liechtenstein og aðstaða til almenns flugs takmarkast við einn þyrflugvöll, er rétt að láta reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ekki gilda um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.
- 5) Sökum þess að flestir norskir héraðsflugvellir eru afskekktir og fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi í Noregi samkvæmt landslögum er rétt að breyta deginum sem reglugerð (EB) nr. 2320/2002 kemur til framkvæmda á tilteknum héraðsflugvöllum í Noregi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB):

„66h. **32002 R 2320**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi (Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um innanlandsflug um flugvelli á íslensku yfirráðasvæði.
  - b) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.
  - c) Reglugerð þessi kemur til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2005 á þeim héraðsflugvöllum í Noregi sem um getur í 8. viðbæti við XIII. viðauka, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
    - i) Ekkert reglulegt millilandaflug sé stundað frá flugvöllum.
    - ii) Á þeim flugvöllum í Noregi þar sem reglugerðin hefur komið til framkvæmda að fullu séu gerðar nauðsynlegar mótvægisráðstafanir vegna flugs frá sérhverjum þessara héraðsflugvalla – til að mynda með aðskilnaði brottfararfarþega, sem hafa farið í gegnum öryggisefirlit, og komufarþega sem hafa ekki farið í gegnum öryggisefirlit samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, og með því að endurtaka efirlit með farþegum og farangri – til þess að tryggja að öryggi sé ekki ábótavant.“
2. Fyrirsögnin „**8. VIÐBÆTIR**“ bætist við í lok XIII. viðauka.
  3. Texti viðaukans við ákvörðun þessa bætist við sem texti 8. viðbætis við XIII. viðauka.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2320/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.



*Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal II.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2320/2002**

frá 16. desember 2002

**um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum**

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af niðurstöðum samgönguráðsins frá 16. október 2001, einkum 9. mgr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>, á grundvelli sameiginlegs texta sáttmálanefndarinnar frá 15. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hið glæpsamlega athæfi, sem framið var í New York og Washington 11. september 2001, sýnir að hryðjuverkastarfsemi er ein helsta ógnunin við lýðræðis-hugsjónina og þau gildi frelsis og friðar sem er sjálfur hugmyndagrunnur Evrópusambandsins.
- 2) Ávallt skal tryggja vernd borgaranna í almenningflugum innan Evrópubandalagsins með fyrirbyggjandi aðgerðum gegn ólöglegum aðgerðum.
- 3) Með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna, er varða þjóðaröruggi og ráðstafanir, sem eru gerðar á grundvelli VI. bóls sáttmálans um Evrópusambandið, ber að ná slíkum markmiðum með því að samþykkja viðeigandi stefnumarkandi ákvæði varðandi flugsamgöngur þar sem ákveðnar eru sameiginlegar grunnkröfur, byggðar á gildandi tilmælum Evrópusambands

flugmálastjórna (ECAC), í skjali nr. 30. Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdavald svo að hún geti samþykkt framkvæmdaráðstafanir í einstökum atriðum þar að lútandi. Til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að sumar þessara ráðstafana séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.

- 4) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 5) Ekki er vist að sams konar ógnun sé yfirvofandi í öllum tegundum almenningflugum. Þess vegna er nauðsynlegt að laga framkvæmdaráðstafanirnar í einstökum atriðum að sérstökum aðstæðum við hverja starfsemi og því hve viðkvæmar tilteknar ráðstafanir eru.
- 6) Á litlum flugvöllum kann sameiginlegum grunnkröfum að vera beitt í röngum hlutföllum eða það kann að vera ómögulegt að uppfylla þær af hlutlægum hagkvæmnisáætlunum. Í slíkum tilvikum skulu viðeigandi yfirvöld aðildarríkjanna eiga þess kost að beita öðrum ráðstöfunum sem veita viðunandi vernd. Framkvæmdastjórninni ber að rannsaka hvort þessar ráðstafanir séu réttlætunarlegar af hlutlægum hagkvæmnisáætlunum og hvort þær veiti viðunandi vernd.
- 7) Í samþykktinni um alþjóðaflugmál, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningnum), er kveðið á um lágmarkskröfur til að tryggja vernd í almenningflugum.
- 8) Til að ná markmiðunum með þessari reglugerð skal hvert aðildarríki samþykkja innlenda flugverndaráætlun í almenningflugum og einnig samsvarandi áætlun um gæðaeftirlit og áætlun um þjálfun.
- 9) Í ljósi þess hve margir ólíkir aðilar koma að framkvæmd flugverndaráðstafana á innlendum vettvangi er nauðsynlegt að hvert aðildarríki tilnefni eitt viðeigandi yfirvald sem ber ábyrgð á samhæfingu og hefur eftirlit með framkvæmd flugverndaráætlana.
- 10) Aðildarríki skulu eiga möguleika á því að beita strangari ráðstöfunum.

<sup>(1)</sup> Stjótið, EB C 51 E, 26.2.2002, bls. 221.

<sup>(2)</sup> Stjótið, EB C 48, 21.2.2002, bls. 70.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 29. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtiðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. janúar 2002 (Stjótið, EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtiðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 9. desember 2002.

- 11) Til að unnt sé að hafa eftirlit með flugverndar-ráðstöfunum er nauðsynlegt að setja upp viðeigandi gæðaeftirlitskerfi innanlands og koma á skipulagi fyrir skoðun undir yfirumsjón framkvæmdastjórnarinnar til að sannprófa skilvirkni hvers landskerfis.
- 12) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(1)</sup>.
- 13) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggia landanna en þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.
- 14) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar nægilega vel, þ.e. að setja og beita viðeigandi ákvæðum varðandi stefnumótun í loftflutningum, og auðveldara er að ná þessum markmiðum á vettvangi Bandalagsins vegna þess að þessi reglugerð nær til allrar Evrópu, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðis-regluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, takmarkast ákvæði þessarar reglugerðar við sameiginlegar grunnkröfur, sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðum um flugvernd, og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Markmið

1. Meginmarkmið þessarar reglugerðar er að koma á og framkvæma viðeigandi ráðstafanir Bandalagsins til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir sem beinast gegn almenningsflugi.
2. Annað markmið er að kveða á um grunn fyrir sameiginlega tilkun á samsvarandi ákvæðum Chicago-samningsins, einkum 17. viðauka hans.
3. Leiðir til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 1. og 2. mgr., skulu vera:
  - a) að setja sameiginlegar grunnkröfur um flugverndar-ráðstafanir,
  - b) að setja upp viðeigandi kerfi til að fylgjast með því að reglum sé fylgt.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 184, 17.1.1999, bls. 23.

##### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugvöllur“: svæði í aðildarríki sem er opið fyrir starfsemi í tengslum við flutningaflug,
2. „Chicago-samningurinn“: samþykktin um alþjóðaflugmál, ásamt viðaukum, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944,
3. „flugvernd“: sambland af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólöglegum aðgerðum.

##### 3. gr.

#### Gildissvið

1. Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gilda um alla flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn gildir um.
2. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvöllum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.
3. Beitingu þessarar reglugerðar gagnvart flugvöllum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

##### 4. gr.

#### Sameiginlegar kröfur

1. Sameiginlegu grunnkröfum um flugverndarráðstafanir eru byggðar á gildandi tilmælum Evrópusambands flugmálastjórna, skjali nr. 30, og mælt er fyrir um þær í viðaukanum.
2. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd og tæknilega aðlögun þessara sameiginlegu grunnkröfna, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til hinna ýmsu tegunda starfsemi og þess hve vandmeðfarnar þær ráðstafanir eru sem varða:
  - a) nothæfisviðmiðanir og samþykktarprófanir búnaðar,

b) nákvæma málsmeðferð þar sem farið er með viðkvæmar upplýsingar.

c) nákvæmar viðmiðanir fyrir undanþágu frá flugverndar-ráðstöfunum.

3. Á grundvelli mats á staðbundinni áhættu, og ef beiting flugverndarráðstafananna, sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð, er misjöfn eða ef ekki er hægt að beita þeim af hlutlægum hagkvæmnisástæðum, geta viðeigandi yfirvöld í aðildarríki samþykkt innlendir verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd á flugvöllum:

a) þar sem tvær flugferðir í atvinnuskyni á dag eru árlegt meðaltal, eða

b) þar sem einungis er um að ræða almannaflug, eða

c) þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti,

að teknu tilliti til sérkenna slíkra, litilla flugvalla.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þessum ráðstöfunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal athuga hvort ráðstafanirnar, sem aðildarríki samþykkir í samræmi við 3. mgr., séu réttlætanagerlegar af hlutlægum og hagnýtum ástæðum og hvort þær veiti viðunandi flugvernd. Ef ráðstafanirnar eru ekki í samræmi við þessar viðmiðanir skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr.; þegar svo háttar til skal aðildarríkið afturkalla eða aðlaga þær.

5. gr.

#### Innlend flugverndaráætlun í almenningssflugi

1. Innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hvert aðildarríki samþykkja innlenda flugverndaráætlun í almenningssflugi með það fyrir augum að tryggja að almennu kröfurnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og ráðstafanirnar, sem eru samþykktar í samræmi við 2. mgr. 4. gr., gildi frá og með þeim degi sem er tilgreindur í þessum ráðstöfunum.

2. Enda þótt ein eða fleiri stofnanir eða aðilar í aðildarríki kunni að standa að flugvernd skal hvert aðildarríki tilnefna viðeigandi yfirvald sem ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd innlestrar flugverndaráætlunar í almenningssflugi.

3. Innan 6 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hvert aðildarríki krefjast þess að viðeigandi yfirvald sjái til þess að innlend áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi sé samin og framkvæmd til að tryggja skilvirgni eigin áætlunar um flugvernd.

4. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að flugvellir þess og flugfélög, sem veita þjónustu í því ríki, komi upp, starfræki og viðhaldi flugverndaráætlunum fyrir flugvelli og flugfélög sem eru til þess fallnar að uppfylla kröfur innlestrar flugverndaráætlunar í almenningssflugi. Þessar áætlanir skulu lagðar fram til samþykkis og vera undir eftirliti viðeigandi yfirvalds.

5. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að viðeigandi yfirvald sjái til þess að innlend þjálfunaráætlun um flugvernd í almenningssflugi sé samin og framkvæmd.

6. gr.

Aðildarríkin geta gert strangari ráðstafanir en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við lög Bandalagsins. Eins fljótt og unnt er eftir að þær ráðstafanir taka gildi skulu aðildarríkin greina framkvæmdastjórninni frá því hvers eðlis þær eru.

7. gr.

#### Eftirlit með því að reglum sé fylgt

1. Samþykkja skal forskriftir fyrir innlenda áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi, sem aðildarríkin eiga að framkvæma, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Sú áætlun skal byggjast á bestu starfsvenjum og gera það kleift að uppgötva fljótt misbrestir og leiðrétta þá. Í hverri áætlun skal kveðið á um að allir flugvellir í viðkomandi aðildarríki skuli skoðaðir reglulega og skal það vera á ábyrgð viðeigandi yfirvalds sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Við slíka úttekt skal beita sameiginlegri aðferðafræði og skulu skoðunarmenn, sem eru hæfir til þess, annast hana og fara eftir sameiginlegum viðmiðunum.

2. Sex mánuðum frá gildistöku ákvæða þessarar reglugerðar í samræmi við 12. gr. skal framkvæmdastjórnin hefja skoðun, í samvinnu við viðeigandi yfirvald sem um getur í 2. mgr. 5. gr., þ.m.t. skoðun á heppilegu úrtaki flugvalla, til að fylgjast með því hvernig aðildarríkin beita þessari reglugerð. Í þeirri skoðun skal taka tillit til upplýsinga úr innlendum áætlunum um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningssflugi, einkum úttektarskýrslum. Aðferðir við framkvæmd slíkrar skoðunar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

3. Embættismennirnir, sem fá umboð framkvæmdastjórnarinnar til að annast skoðun í samræmi við 2. mgr., skulu, þegar þeir gegna skyldustörfum sínum, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur skoðunarinnar, svo og hvaða dag skoðun hefst. Ekki ber að tilkynna um skoðun á flugvelli. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi aðildarríki um skoðun með góðum fyrirvara.

Viðkomandi aðildarríki skal undirgangast slíka skoðun og sjá til þess að viðkomandi aðilar eða einstaklingar geri það einnig.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda skoðunarskýrslurnar til viðkomandi aðildarríkis sem skal, innan þriggja mánaða frá tilkynningu, gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til að ráða bót á þeim ágöllum sem kunna að hafa komið fram. Senda skal skýrsluna og svar viðkomandi yfirvalds, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., til nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 9. gr.

8. gr.

#### Miðlun upplýsinga

1. Með fyrirvara um almennan rétt til aðgangs að skjölum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1049/2001 frá 30. maí 2001 varðandi almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar<sup>(1)</sup>, skulu,

a) ráðstafanir varðandi

- i) nothæfisviðmiðanir og samþykktarprófanir búnaðar,
- ii) nákvæma málsmeðferð þar sem farið er með viðkvæmar upplýsingar,
- iii) nákvæmar viðmiðanir fyrir undanþágu frá flugverndarráðstöfunum,

sem um getur í 2. mgr. 4. gr.,

b) forskriftirnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr., og

c) skoðunarskýrslurnar og svör aðildarríkjanna, sem um getur í 4. mgr. 7. gr.,

vera leynilegar og ekki birtar. Þær skulu einungis vera aðgengilegar yfirvöldunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og þau skulu aðeins afhenda þær aðilum sem málið varðar og þurfa að fá vitneskju um þær í samræmi við gildandi innlendar reglur um miðlun viðkvæmra upplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er og í samræmi við gildandi landslög, fara með upplýsingar úr skoðunarskýrslum og svör aðildarríkjanna sem trúnaðarmál þegar þau varða önnur aðildarríki.

3. Ef ekki liggur ljóst fyrir hvort afhenda megi skoðunarskýrslu og svör eða ekki skulu aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkið sem á í hlut.

9. gr.

#### Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda 6. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

#### Þriðju lönd

Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna varðandi áhættumat og flugverndarskilmála í samningunum um almenningsflug skal framkvæmdastjórnin athuga, með aðstoð flugverndarnefndarinnar og ásamt Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Evrópusambandi flugmálastjórna, möguleikann á því að koma upp kerfi til að meta hvort flug frá flugvöllum í þriðja landi, uppfylli grundvallarkröfur um flugvernd.

11. gr.

#### Birting upplýsinga

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1049/2001, skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu ár hvert um framkvæmd þessarar reglugerðar og um ástand mála að því er varðar flugvernd í Bandalaginu þar sem niðurstöður skoðunarskýrslna eru lagðar til grundvallar.

<sup>(1)</sup> Sjátið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

12. gr.

**Viðurlög**

Viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

13. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* nema að því

er varðar eftirfarandi ákvæði viðaukans:

— ákvæði um skimun í lestarfarangri (liður 5.2),

— ákvæði um farm, og boðsendinga- og hraðsendingapakka (6. hluti), og

— ákvæði um póst (7. hluti),

sem öðlast gildi 31. desember 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. FISCHER BOEL

*forseti.*

## VIÐAUKI

## 1. SKILGREININGAR

1. „Lestarfارانgur sem fylgir farþega“: farangur sem er tekinn til flutnings í lest loftfars og farþeginn, sem innritaði hann, er um borð í því.
2. „Flugsvæði“: athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.
3. „Flugverndarathugun á loftfari“: skoðun á loftfarinu innanverðu, þar sem farþegar geta haft aðgang, og skoðun á lestinni með það fyrir augum að finna bannaða hluti.
4. „Flugverndarleit í loftfari“: nákvæm skoðun á loftfarinu að utan og innan með það fyrir augum að finna bannaða hluti.
5. „Athugun á bakgrunni“: athugun á því hver einstaklingurinn er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki, sem liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar.
6. „Handfarangur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í farþegarymi loftfars.
7. „Atvinnuflug“: áætlunarflug eða óreglubundið flug eða flugstarfsemi sem er til leigu fyrir almenning eða hópa fólks gegn gjaldi.
8. „Rekstrarvörur (Co-Mat)“: rekstrarvörur flugfélags sem eru fluttar á stöðvaneti þess.
9. „Fyrirtækispostur (Co-Mail)“: fyrirtækispostur flugfélags sem er fluttur á milli stöðva þess.
10. „Stöðugar úrtakskannanir“: kannanir sem eru gerðar af handahófi allan starfstímann.
11. „Almannaflyg“: áætlunarflug eða óreglubundið flug sem stendur ekki til boða eða er ekki aðgengilegt almenningi.
12. „EDS“: greiningarkerfi fyrir sprengiefni (Explosive Detection System). Kerfi eða sambland af mismunandi tækni til að finna sprengiefni í farangri og gefa það til kynna með viðvörðunarkerki, óháð því úr hvaða efni taskan er.
13. „EDDS“: greiningarkerfi fyrir sprengibúnað (Explosive Device Detection System). Kerfi eða sambland af mismunandi tækni til að finna sprengibúnað og gefa það til kynna með viðvörðunarkerki með því að finna einn eða fleiri íhluti slíks búnaðar í farangri, óháð því úr hvaða efni taskan er.
14. „Lestarfارانgur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í lest loftfars.
15. „Þekktur sendandi“:
  - a) farms: sendandi farms til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkennan umboðsaðila eða flugfélag á grundvelli viðmiðana sem eru nánar tilgreindar í þessum viðauka,
  - b) pósts: sendandi pósts til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkennð póstyfirvöld eða póststjórn.
16. „Almenningssvæði“: sá hluti flugvallar sem er ekki flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.
17. „Póstur“: sendingar bréfa og annarra hluta sem hafa verið afhentir og eru ætlaðir til afhendingar hjá póststjórnunum. Aðildarríkin skilgreina hvað átt er við með hugtakinu póstyfirvöld eða póststjórn.
18. „Bannaður hlutur“: hlutur sem nota má til að fremja ólöglegt athæfi og sem hvorki hefur verið gerð grein fyrir á viðeigandi hátt né hann meðhöndlaður samkvæmt lögum og reglum. Viðmiðunarskrá yfir bannaða hluti af því tagi er að finna í viðbætinum.

19. „PEDS“: frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni (Primary Explosive Detection System). Kerfi eða blönduð tækni til að finna sprengiefni í farangri og gefa það til kynna með viðvörðunarkerki, óháð því úr hvaða efni taskan er.
20. „Viðurkenndur umboðsaðili“: umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og hefur með höndum flugverndarefirlit sem víðeigandi yfirvald viðurkennir eða krefst þegar um er að ræða farm, boðsendingar og hraðsendingar eða póst.
21. „Haftasvæði flugverndar“: flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningssvæði. Þessi svæði ná að jafnaði m.a. yfir öll brottfararsvæði farþega á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, pósthöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.
22. „Flugverndarefirlit“: aðgerðir til að koma í veg fyrir aðflutning bannaðra hluta.
23. „Skimun“: beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.
24. „Lestarfurangur sem fylgir ekki farþega“: furangur sem er tekinn til flutnings í lest loftfars þar sem farþeginn, sem innritaði hann, er ekki um borð.
25. „Flugstöð“: aðalbygging eða byggingar þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.
26. „TIP“: hættuhermimynd (Threat Image Projection), hugbúnaður sem hægt er að koma fyrir í sérstökum röntgen-tækjum. Forritið endurvarpar sýndarmyndum af hættulegum hlutum (t.d. byssu, hníf, heimatilbúnum sprengibúnaði) í röntgenmynd af venjulegri tösku sem verið er að skoda og veitir notanda röntgentækisins strax svörin við því hvort möguleiki sé á því að sjá slíkar myndir.
27. „Sneflgreiningartæki“ (Trace Detection Equipment): Tæknikerfi eða blönduð tækni sem gerir mögulegt að finna mjög lítið magn (1 milljarðasta úr grammi) af sprengiefni í farangri, eða aðra hluti sem setja þarf í greiningu, og gefa það til kynna með viðvörðunarkerki.

## 2. FLUGVERND Á FLUGVÖLLUM

### 2.1. Kröfur við skipulagningu flugvallar

Við hönnun eða útfærslu flugvallar, farþegamiðstöðva og vörufgreiðslna og annarra bygginga, þar sem beinn aðgangur er að flugsvæði, verður að taka tillit til grundvallarkrafna um:

- a) flugverndarefirlit sem beint er að farþegum, farangri, farmi, boðsendingum eða hraðsendingum, pósti og flugvistum og birgðum flugfélags,
- b) vernd og eftirlit með aðgangi að flugsvæði, haftasvæðum flugverndar og öðrum viðkvæmum svæðum og aðstöðu á flugvöllum,
- c) skilvirka notkun flugverndarþúnaðar.

#### 2.1.1. Mörk flugsvæðis og almenningssvæðis

Setja skal mörk milli almenningssvæðis og flugsvæðis á flugvöllum.

#### 2.1.2. Haftasvæði flugverndar

Koma skal upp haftasvæðum flugverndar á öllum flugvöllum.

### 2.2. Eftirlit með aðgangi

#### 2.2.1. Haftasvæði flugverndar og önnur flugsvæði

- i) Aðgangur að haftasvæðum flugverndar og öðrum flugsvæðum skal ávallt vera undir eftirliti til að tryggja að enginn óviðkomandi fari inn á þessi svæði og að engir bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar eða inn í loftfar.



- ii) Athuga skal, a.m.k. 5 ár aftur í tímann, bakgrunn alls starfsfólks sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.
- iii) Allt starfsfólk, sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skal einnig fá reglulega þjálfun í flugvernd (sjá lið 12.3), þ.m.t. að því er varðar hættu á ólöglegu athæfi gegn flugvernd, og hafa fyrirmæli um að tilkynna viðkomandi yfirvaldi um hvern þann atburð sem getur ógnað flugvernd.
- iv) Gefa skal út aðgangskort að flugvellinum til allra starfsmanna sem vinna á flugvellinum eða koma þangað oft (þ.m.t. starfsmanna flugvallarins og flugfélaga og starfsmanna annarra fyrirtækja). Á aðgangskorti að flugvelli skal vera nafn korthafa og mynd af honum. Það skal einungis gilda í takmarkaðan tíma. Viðkomandi yfirvald skal ákvarða hvenær varanlegt aðgangskort að flugvelli er gefið út til þeirra sem koma þangað oft.
- v) Aðgangskort flugvallar skal jafnan bera þannig að það sé vel sýnilegt þegar handhafi þess er við störf.
- vi) Ökutæki, sem þarf að nota á flugsvæði, skulu höfð innan flugsvæðis eftir því sem við verður komið.
- vii) Ökutæki, sem þarf að færa á milli almenningssvæðis og flugsvæðis, skulu vera útbúin með sérstöku aðgangsspjaldi fyrir ökutækið sem er fest á það á vel sýnilegum stað. Önnur ökutæki, sem þurfa að fá aðgang að flugsvæði, skulu ekki fá aðgang fyrr en þau hafa verið skoðuð og fengið aðgangsspjald til bráðabirgða. Veita má undanþágu frá þessari kröfu fyrir ökutæki sem notuð eru í erindum í neyðartilvikum.
- viii) Aðgangskort að flugvöllum og aðgangsspjöld ökutækja skulu skoðuð á öllum gátstöðum flugvallar og haftasvæða flugverndar.

#### 2.2.2. *Flugstöðvarsvæði*

Hafa skal eftirlit með öllum svæðum flugstöðva sem eru aðgengileg almenningi. Vaktmenn skulu vera á flugstöðvum og farþegar og aðrir aðilar skulu vera undir eftirliti flugverndarstarfsfólks.

#### 2.2.3. *Önnur almenn svæði*

Aðferðir við að stýra aðgangi að almennum svæðum nálægt umferðarsvæðum loftfara (útsýnisþöllum, flugvallarhótelum og bílastæðum) skulu vera fyrir hendi. Önnur almenn svæði, sem hafa þarf eftirlit með, eru m.a. aðstaða, sem er alltaf komið fyrir á almenningssvæðum, þ.m.t. bifreiðastæði viðskiptamanna og önnur almenn bifreiðastæði, aðleiðir að flugstöðvum og almennar aðleiðir, aðstaða fyrir bifreiðaleigur, biðstöðvar fyrir leigubifreiðar og landflutningatæki og öll hótelaðstaða á flugvellinum.

Einnig skal gera ráðstafanir til að tryggja að hægt sé að loka slíkum almennum svæðum með litlum fyrirvara ef hætta eykst. Flugverndarstarfsfólk skal vakta þessi svæði þegar þau eru opin almenningi.

#### 2.3. **Skimun á starfsfólki, hlutum sem það ber á sér og ökutækjum**

- a) Allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhöfn, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að haftasvæði flugverndar. Ef ekki er hægt að koma þessu við skal stöðugt fara fram úrtaksskimun á einstaklingum og hlutum svo oft sem sagt er fyrir um í áhættumati, sem lögbært yfirvald í hverju aðildarríki um sig annast; úrtaksskimun skal ná til allra hluta sem þjónustuaðilar fara með um borð í loftfar, þ.m.t. þeir sem annast ræstingar og tollfrjálsa verslun og aðrir sem hafa aðgang að loftföllum.

Einu ári frá gildistöku þessarar reglugerðar skal allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhöfn, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skimað áður en það fær aðgang að viðkvæmstu hlutum haftasvæða flugverndar eins og lögbært yfirvald í hverju aðildarríki ákveður.

Fyrir 1. júlí 2004 skal framkvæmdastjórnin samþykka viðeigandi framkvæmdarráðstafanir fyrir sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmstu hlutum haftasvæða í samræmi við 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Beita skal slíkum ráðstöfunum að fullu eigi síðar en fimm árum eftir að framkvæmdastjórnin samþykkir þær, sbr. þó 6. gr. þessarar reglugerðar.

Skimunin skal tryggja að enginn hafi bannaða hluti meðferðis og aðferðirnar, sem eru notaðar, skulu vera þær sömu og við skimun farþega og handfarangurs.

- b) Ökutæki og birgðir, sem verið er að flytja til á flugsvæði eða til annarra haftasvæða flugverndar, skulu skoðuð öðru hvoru.

#### 2.4. Vernd og vöktun mannvirkja

- a) Hlöð og önnur stæði skulu vera nægilega vel lýst og lýsingin skal umfram allt ná til berskjaldaðra svæða á flugvellinum.
- b) Verja skal tækni- og viðhaldssvæði með girðingum, vörðum og vaktmönnum og stjórna skal aðgangi að þessum svæðum með aðgangskortum að flugvellinum og aðgangsspjöldum ökutækja. Gera skal svipaðar ráðstafanir til að vernda ytri mörk flugvallarsvæðisins og mannvirki sem standa þar, s.s. orkugjafa, rafveitustöðvar, leiðsögustöðvar, flugturna og aðrar byggingar sem flugumferðarþjónustan notar, svo og eldsneytis- og fjarskiptastöðvar. Gera skal sérstakar varúðarráðstafanir gegn tilraunum til að vinna skemmdarverki á eldsneytis- og fjarskiptastöðvum.
- c) Hafa skal eftirlit með girðingunni umhverfis flugvöllinn og svæðum sem liggja að haftasvæðum flugverndar, öðrum flugsvæðum utan þessarar girðingar og svæðum í næsta nágrenni við flugbrautarenda og akbrautir með því að hafa þar vaktmenn, samtengd sjónvarpstæki eða aðra vöktun. Beita skal strangri málsmeðferð gagnvart einstaklingum sem sýna ekki aðgangskort að flugvelli svo og þeim sem fara inn á svæði í leyfisleysi.
- d) Aðgangur að flugsvæðum og haftasvæðum flugverndar um flugvallarskrifstofur, verkstæði, farmstöðvar og aðrar stöðvar- og þjónustubyggingar skal vera í lágmarki.

### 3. FLUGVERND LOFTFARA

#### 3.1. Leit og athugun á loftfari

1. Leita skal í öllum loftförum sem hér segir:

- a) „flugverndarleit í loftfari“ skal gerð í loftförum, sem eru ekki í notkun, strax áður en eða strax eftir að farið er með þau inn á haftasvæði flugverndar; leita má í loftförum á öðrum tíma en rétt áður en þau eru tekin inn á haftasvæði flugverndar en þau skulu vernduð eða þeirra gætt frá því að leit hefst og fram að brottför; fari leit hins vegar fram eftir að þau eru flutt inn á haftasvæði flugverndar skulu þau vernduð eða þeirra gætt frá því að leit hefst og fram að brottför.
- b) „flugverndarathugun á loftfari“ skal gerð á loftfari í notkun, sem hefur viðdvöl áður en það snýr til baka eða heldur áfram, strax og farþegar eru farnir frá borði eða eins stuttu áður en farþegar fara um borð og/eða farangur eða farmur er settur um borð og mögulegt er, eftir því sem við á.

2. Öll flugverndarleit og -athugun á loftfari skal fara fram þegar allir þjónustuaðilar (þeir sem sjá um flugvistir, ræstingar, verslun með tollfrjalsan varning og annað), aðrir en þeir sem annast flugvernd, hafa yfirgefið loftfarið sem skal þá haldast öruggt þar til og á meðan farið er um borð og brottför undirbúin.

#### 3.2. Vernd loftfara

1. Ákveða skal hver ber ábyrgð á eftirliti með aðgangi að loftfari á stæði og skal eftirlitið fara fram sem hér segir:

- a) þegar um er að ræða loftfar í notkun skal hafa eftirlit með aðgangi að loftfarinu frá því að flugverndarathugun hefst og fram að brottför til að viðhalda áreiðanleika athugunarinnar,
- b) þegar um er að ræða loftfar, sem er ekki í notkun og hefur verið skoðað og það flutt inn á haftasvæði flugverndar, skal hafa eftirlit með aðgangi að loftfarinu frá því að skoðun hefst og fram að brottför til að viðhalda áreiðanleika skoðunarinnar.

2. Öll loftför í notkun skulu vera undir eftirliti sem nægir til að koma upp um óleyfilegan aðgang.

3. Aðgangi að loftfari, sem er ekki í notkun, skal stjórnað sem hér segir:

- a) útidyr farþegaklefa skulu vera lokaðar,
- b) landgangar og/eða farþegastigar skulu vera tryggilega frágengnir, dregnir inn eða felldir niður eftir því sem við á, eða

- c) igildi innsiglið komið fyrir á dyrum loftfarsins.
4. Ef starfsmenn eru ekki allir skimaðir áður en þeir fara inn á haftasvæði flugverndar skal gangandi eða akandi vaktmaður vitja um hvert loftfar a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum; að öðrum kosti skal vera þar nægilegt eftirlit til að uppgötva aðgang óviðkomandi aðila.
5. Þegar unnt er skal leggja loftfari á vel upplýstu svæði fjarri flugvallargirðingum eða öðrum hindrunum sem auðvelt er að komast í gegnum.

#### 4. FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

##### 4.1. Skimun farþega

1. Að frátöldum þeim sem eru tilgreindir í 3. lið hér á eftir skulu allir brottfararfarþegar skimaðir (þ.e. farþegar sem hefja ferð og flugskiptaforþegar, nema þeir sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka), til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftför. Farþegar skulu skimaðir með eftirfarandi aðferðum:
- a) handleit, eða
- b) skimun í málmleitarhliði. Þegar málmleitarhlið er notað skal einnig stöðugt leitað með handleit á slembiúrtaki þeirra farþega sem eru skimaðir. Þessi handleit skal ná til allra farþega sem framkalla viðvörðun frá tækinu og einnig skal stöðugt leitað á slembiúrtaki þeirra farþega sem framkalla ekki viðvörðun frá tækinu, og ef:
- i) viðvörðun fer í gang skal einstaklingurinn skimaður aftur í málmleitarhliðinu, eða
- ii) með handleit þar sem nota má handvirkt málmleitaræki.
2. Þegar málmleitarhlið er notað skal það stillt þannig að það eigi að vera öruggt að smærri málmhlutir finnast.
3. Viðeigandi yfirlit geta skipt einstaklingum í flokka eftir því hvort þeir skuli sæta sérstakri skimunar meðferð eða vera undanþegnir henni.
4. Setja skal verndarákvæði vegna hugsanlegra ólátarfarþega.

##### 4.2. Aðskilnaður farþega

Skimaðir brottfararfarþegar skulu ekki blandast komufarþegum sem hafa hugsanlega ekki verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka. Ef ekki er hægt að koma því við að aðskilja farþegana skal flugverndarmarkmiðum náð með beitingu annarra ráðstafana sem eru í samræmi við mat lögbærs yfirvalds á áhættunni.

##### 4.3. Skimun handfarangurs

1. Handfarangur brottfararfarþega (þ.e. farþega sem hefja ferð og flugskiptaforþega nema þeirra sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka) skal skimaður áður en leyft er að flytja hann inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar. Leggja skal hald á alla bannaða hluti í förum farþega eða, eftir því sem við á, farþeganum meinaður aðgangur að haftasvæði flugverndar eða loftfarinu. Handfarangur skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum:
- a) nákvæmri handleit í hverri tösku og taskan rannsökuð með tilliti til grunsamlegra einkenna eins og óeðlilegrar þyngdar o.s.frv., eða
- b) skimun með hefðbundnu röntgentæki ásamt stöðugri handleit í slembiúrtaki af skimuðum töskum þar sem hlutfall einstaklinga, sem fara gegnum slíka leit, er ekki minna en 10% og eru þá með taldir þeir sem stjórnandi telur grunsamlega, eða
- c) skimun með háskerpu-röntgentæki þar sem hættuhermimynd (TIP) er uppsett og notuð. Einungis þarf að skoða með handleit þær töskur sem stjórnandi telur grunsamlegar en til stuðnings handleitinna má nota snefilgreiningartækið (TDE).

2. Setja má handfarangur þeirra sem eru tilgreindir í 3. lið liðar 4.1 í sérstaka skimunar meðferð eða undanþigga hann skimun.

#### 4.4. Skimun stjórnarereindreka

Með fyrirvara um ákvæði Vínarsamningsins um stjórmmálasamband skal skima stjórnarereindreka og aðra einstaklinga sem njóta sérréttinda og einkafarangur þeirra, að frátöldum „stjórnarpósti“, af flugverndar-áæðum. Starfsfólk flugfélaga, sem ber ábyrgð á því að taka á móti stjórnarpósti, skal fullvissa sig um að hann hafi í reynd verið sendur af réttilega útnefndum embættismönnum á viðkomandi sendiskrifstofu. Stjórnarpóstberar eru ekki undanþegnir skimun né heldur persónulegur farangur þeirra.

### 5. LESTARFARANGUR

#### 5.1. Tengslin milli lestarfarangurs og farþega

1. Ekki skal setja lestarfarangur um borð í loftfár nema eftirfarandi ráðstafanir séu gerðar:
  - a) lestarfarangur skal vera greinilega merktur að utanverðu svo að hægt sé að tengja hann tilteknum farþega, og
  - b) farþeginn, sem slíkur farangur tilheyrir, skal vera innritaður í það flug sem flytja á farangurinn með, og
  - c) fyrir lestun skal lestarfarangur hafður á svæði á flugvællinum þar sem aðgangur er aðeins leyfður þeim sem hafa til þess heimild, og
  - d) bera skal kennsl á allan farangur sem flugfélag hefur tekið í vörslu til flutnings í lest loftfars með tilliti til þess hvort hann fylgir farþega eða ekki. Ferlið við að bera kennsl á farangur skal annaðhvort vera handvirkt eða sjálfvirkt.
2. Ef farþegi, sem er innritaður í flug og hefur sett farangur í vörslu flugfélags, er ekki um borð í loftfarinu skal gera ráðstafanir til að tryggja að sá lestarfarangur sé fjarlægður úr loftfarinu og skal ekki flytja hann með því flugi.
3. Koma skal upp farmskrá yfir lestarfarangur eða annars konar staðfestingu á því að borin hafi verið kennsl á lestarfarangur, sem fylgir ekki farþega, og hann skimaður.

#### 5.2. Skimun lestarfarangurs

1. Lestarfarangur sem fylgir farþega. Allur lestarfarangur, sem fylgir farþega (bæði farangur í upphafi ferðar og flugskiptafarangur, nema farangurinn hafi áður verið skimaður samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka), skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum áður en hann er lestaður um borð í loftfár:
  - a) handleit, eða
  - b) venjulegu röntgentæki þar sem einnig skal rannsaka a.m.k. 10% af skimuðum farangri, annaðhvort:
    - i) með handleit, eða
    - ii) með greiningarkerfi fyrir sprengiefni, greiningarkerfi fyrir sprengibúnað eða frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða
    - iii) með venjulegu röntgentæki þar sem hver taska er skoðuð frá tveimur mismunandi sjónarhornum af sama starfsmanni á sama skimunarstað, eða
  - c) venjulegu röntgentæki þar sem hættuhermimynd er uppsett og notuð, eða
  - d) greiningarkerfi fyrir sprengiefni eða greiningarkerfi fyrir sprengibúnað, eða
  - e) frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða
  - f) með snefilgreiningartækinu á opnum töskum.

2. Lestarfarangur sem fylgir ekki farþega. Allur farangur, sem fylgir ekki farþega, bæði farangur í upphafi ferðar og flugskiptafarangur, skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum áður en hann er lestaður um borð í loftfar:

- a) greiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða
- b) stigskiptu frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni þar sem starfsmenn skoða myndir af öllum töskum á öðru stigi leitarinnar, eða
- c) venjulegu röntgentæki þar sem hver taska er skoðuð frá tveimur mismunandi sjónarhornum af sama starfsmanni á sama skimunarstað, eða
- d) handleit auk þess sem snefilgreiningartækinu er beitt á opnar töskur,

nema farangur, sem fylgir ekki farþega og hefur áður verið skimaður samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka, hafi verið aðskilinn frá farþega af ástæðum sem hann ræður ekki við og farangurinn hafi verið í umsjá flugfélagsins.

### 5.3. Vernd lestarfarangurs

1. Lestarfarangur, sem flytja á í loftfari, skal varinn fyrir óheimilum aðgangi frá því að tekið er við honum í umsjá flugfélagsins og fram að brottför loftfarsins sem á að flytja hann. Gera skal eftirfarandi ráðstafanir til að vernda lestarfarangur:
  - a) Fyrir lestun skal lestarfarangur hafður á flokkunarsvæði fyrir farangur eða öðru geymslusvæði á flugvellingum þar sem einungis þeir sem hafa heimild fá aðgang.
  - b) Hver sá einstaklingur, sem fer í leyfisleysi inn á flokkunarsvæði eða geymslusvæði fyrir farangur, skal stöðvaður og honum fylgt út af svæðinu.
  - c) Ekki má hafa upphaflegan lestarfarangur eða flugskiptafarangur eftirlitslausan á hlaði eða við loftfar áður en hann er lestaður um borð í loftfarið.
  - d) Ekki má hafa flugskiptafarangur, sem er fluttur milli loftfara, eftirlitslausan á hlaði eða við loftfar áður en hann er lestaður.
  - e) Takmarka skal aðgang að stöðvum fyrir óskilamuni í flugstöðinni til að koma í veg fyrir ólöglegan aðgang að farangri og vörum.

## 6. FARMUR, BOÐSENDINGAR OG HRAÐSENDINGAR

### 6.1. Framkvæmd

Allur farmur, svo og boðsendingar og hraðsendingar sem flytja á í farþega- eða vöruloftförum, skal vera undir flugverndareftirliti sem er lýst hér á eftir áður en hann er settur um borð í loftfarið.

### 6.2. Hæfi viðurkennds umboðsaðila

Viðurkenndur umboðsaðili skal:

- a) tilnefndur, samþykktur eða skráður af viðeigandi yfirvaldi,
- b) taka á sig sérstakar skuldbindingar sem viðeigandi yfirvald skilgreinir.

### 6.3. Flugverndareftirlit

1. Ekki má flytja farm, boðsendingar og hraðsendingar loftleiðis nema eftirfarandi flugverndareftirliti hafi verið beitt:
  - a) móttaka, meðhöndlun og meðferð farms skal vera í höndum starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfsins á réttan hátt,

- b) farmur skal:
  - i) skoðaður með handleit eða þreifaður, eða
  - ii) skimaður með röntgentæki, eða
  - iii) settur í hermiklefa, eða
  - iv) athugaður á annan hátt, bæði tæknilega og líffræðilega, (t.d. með leitarhundum, sneflgreiningartækjum, sprengjuleitarhundum o.s.frv.)

svo að tryggt sé eins og hægt er að í honum sé enginn bannaður hlutur eins og tilgreint er í iv- og v-lið í viðbætinum, nema hann hafi verið tilkynntur og tryggilega séð um að gildandi öryggisráðstafanir nái til hans.

Ef ekki er hægt að nota neina af framangreindum leiðum og aðferðum við flugverndareftirlit vegna þess hvers eðlis vörusendingin er getur viðeigandi yfirvald ákveðið tiltekinn geymslutíma.

2. Þegar flugverndareftirlit er komið til framkvæmda, þ.m.t. eftirlit með farni frá þekktum vörusendingum, hvort heldur er á flugvallarsvæðinu eða utan þess, skal verja sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi þar til þær eru settar um borð í loftfar og fram að brottför loftfarsins.
3. Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem er lýst í 1. lið þegar um er að ræða:
  - a) farm sem er tekið á móti frá þekktum sendanda,
  - b) umskipaðan farm,
  - c) farm sem tryggt er, vegna uppruna og meðhöndlunar, að ógni ekki öryggi,
  - d) farm sem fellur undir lögbundnar kröfur þar sem kveðið er á um viðeigandi flugverndarstig.

#### 6.4. Viðmiðanir fyrir þekktan sendanda

1. Viðurkenndur umboðsaðili eða flugfélag getur aðeins viðurkennt sendanda sem þekktan sendanda með því að:
  - a) staðfesta og skrá nafn og heimilisfang sendandans og þeirra umboðsmanna sem hafa heimild til að annast afhendingu fyrir hans hönd, og
  - b) krefjast þess að sendandinn lýsi því yfir að hann:
    - i) undirbúi sendingar á öruggum stað, og
    - ii) hafi áreiðanlegt fólk í vinnu við að undirbúa sendingarnar, og
    - iii) verji sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi meðan á undirbúningi, geymslu og flutningi stendur, og
  - c) krefjast þess að sendandinn:
    - i) votti skriflega að sendingin innihaldi ekki neina bannaða hluti sem taldir eru upp í iv- og v-lið í viðbætinum, og
    - ii) samþykki að rannsaka megi pakka og innihald sendingarinnar af flugverndarástæðum.

#### 6.5. Flutningur með vöruloftfari

Þegar unnt er að slá því föstu að sending skuli einungis flutt með vöruloftfari þarf ekki að beita viðmiðunum sem er lýst í lið 6.4, að því tilskildu að þekktur sendandi:

- a) hafi staðfest og áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækis, og
- b) hafi áður notað flutningsþjónustu viðurkennda umboðsaðilans eða flugfélagsins, og

- c) sé í föstu viðskiptasambandi við viðurkennda umboðsaðilann eða flugfélagið, og
- d) tryggi að allar sendingar séu varðar gegn óheimilum aðgangi þar til flugfélagið tekur þær í sína umsjá.

#### 6.6. Umskipaður farmur

Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem lýst er í 1. lið liðar 6.3 þegar um er að ræða umskipunarfarm sem kemur með flugi, að því tilskildu að hann sé varinn gegn óheimilum aðgangi á áningarstað. Annar umskipunarfarmur, t.d. farmur sem er fluttur með landflutningum, þ.m.t. járnbrautarlestum, sem hefur ekki verið undir flugverndareftirliti við brottför eða á leiðinni, skal skimaður í samræmi við b-lið 1. liðar í lið 6.3 og varinn fyrir óheimilum aðgangi.

### 7. PÓSTUR

#### 7.1. Framkvæmd

Póstur, sem er fluttur með farþegaflugi, vöruflugi eða pósthugi, skal sæta flugverndareftirliti áður en hann er settur um borð í loftfar.

#### 7.2. Hæfi viðurkennds póstyfirvalds eða pósthjórnar

7.2.1. Viðurkennt póstyfirvald eða pósthjóm, sem afhendir póst til flutnings hjá flugfélagi, skal standast eftirfarandi lágmarksviðmiðanir:

- a) að vera tilnefnt, samþykkt eða skráð hjá viðeigandi yfirvaldi,
- b) að uppfylla þær skyldur gagnvart flugfélögum að sinna tilskildu flugverndareftirliti,
- c) að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem er ráðið og hjálfað á réttan hátt, og
- d) að verja póst fyrir óheimilum aðgangi á meðan hann er í vörslu þess.

#### 7.3. Flugverndareftirlit

1. Hraðpóstur. Einungis skal flytja hraðpóst (þ.e. póst sem á að afhenda innan 48 klukkustunda) með flugi ef eftirfarandi flugverndareftirlit hefur farið fram:

- a) móttaka, vinnsla og meðferð pósts skal unnin af starfsfólki sem er ráðið og hjálfað á réttan hátt,
- b) póstur skal:
  - i) skoðaður með handleit eða þreifaður,
  - ii) skimaður með röntgentæki,
  - iii) settur í hermiklefa, eða
  - iv) athugaður á annan hátt, með öðrum aðferðum, annarri tækni eða líffræðilegum aðferðum, (t.d. leitarhundum, sneflgreiningartækjum, sprengjuleitarhundum o.s.frv.),

til að ganga úr skugga um að í póstinum séu ekki neinir bannaðir hlutir, og

c) upplýsingar um flug og áætlun loftfara, sem póstur er fluttur með, skal vera trúnaðarmál.

2. Annar póstur. Flytja má póst, sem er ekki hraðpóstur, með flugi, að því tilskildu að ráðstafanirnar, sem lýst er í a- og b-lið 1. liðar, hafi verið gerðar. Flugverndareftirlitinu, sem er lýst í b-lið 1. liðar, þarf einungis að beita á slembiúrtak úr póstinum.

3. Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem er lýst í b-lið 1. liðar þegar um er að ræða:

- a) póst sem kemur frá þekktum sendanda,
- b) bréf undir tiltekinni þyngd eða þykkt,

- c) áreiðanlegar sendingar á vörum til að bjarga mannlífum,
- d) verðmætar vörur sem hafa verið verndaðar á þann hátt að það jafngildi a.m.k. kröfunum sem er lýst í b-lið 1. liðar,
- e) póstur sem er fluttur með pósthugi milli flugvalla í Bandalaginu,
- f) umskipunarpóstur.

#### 7.4. Viðmiðanir um þekktan sendanda

Viðurkennt póstyfirvald eða pósthjóm getur aðeins viðurkennt sendanda sem þekktan sendanda með því að:

- a) staðfesta og skrá nafn og heimilisfang sendandans og þeirra umboðsmanna sem hafa heimild til að annast afhendingu fyrir hans hönd,
- b) krefjast þess að sendandinn lýsi því yfir að hann verji sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi meðan á undirbúningi, geymslu og flutningi stendur, og
- c) krefjast þess að sendandinn:
  - i) votti skriflega að sendingin innihaldi ekki neina bannaða hluti sem taldir eru upp í iv. og v. lið viðbætisins, og
  - ii) samþykki að póstsendingarpakka og innihald þeirra megi setja í flugverndareftirlit samkvæmt því sem lýst er í lið 7.3.

#### 7.5. Umskipunarpóstur.

Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem lýst er í lið 7.3 í 1. mgr. þegar um er að ræða umskipunarpóst sem kemur með flugi að því tilskildu að hann sé varinn fyrir óheimilum aðgangi á áningarstað. Annar umskipunarpóstur, t.d. póstur sem er fluttur í landflutningum, þ.m.t. með járnbrautarlestum, sem hefur ekki sætt flugverndareftirliti við brottför eða á leiðinni, skal skimaður í samræmi við 1. lið liðar 7.3 og varinn fyrir óheimilum aðgangi.

### 8. PÓSTUR OG REKSTRARVÖRUR FLUGFÉLAGS

#### 8.1. Framkvæmd

Fyrirtækispóstur og rekstrarvörur flugfélags, sem er flutt með þess eigin loftfari, skal seta flugverndareftirliti áður en það er sett um borð í loftfar.

#### 8.2. Skilgreiningar

Með fyrirtækispósti og rekstrarvörum er átt við sendingar á pósti og vörum innan fyrirtækisins, svo sem, en ekki eingöngu, skjölum, birgðum, viðhalds- og varahlutum, vistum og ræstingavörum og öðrum hlutum, sem afhentir eru innan fyrirtækisins eða til samningsbundins fyrirtækis til að nota í starfsemi flugfélagsins.

#### 8.3. Flugverndareftirlit

Um allar sendingar flugfélags á fyrirtækispósti eða rekstrarvörum gildir eftirfarandi:

- a) þær skulu skoðaðar og skimaðar til að tryggja að engum bönnuðum hlutum hafi verið komið fyrir í sendingu fyrirtækisins, og
- b) þær skulu ekki skildar eftir eftirlitslausar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

Flugfélög skulu tryggja að allar aðrar sendingar á fyrirtækispósti eða rekstrarvörum, sem samningsfyrirtæki sendir fyrir hönd fyrirtækisins, svo sem flugvistabúnaði og flugvistabirgðum, ræstingavörum og öðrum varningi sem samningsbundnir þjónustuveitendur nota, séu skimaðar áður en þær eru settar um borð í loftfar.



## 9. FLUGVISTIR OG BIRGÐIR FLUGFÉLAGS

## 9.1. Framkvæmd

Flugvistir, birgðir og önnur aðföng flugfélags um borð í loftfari skulu sæta flugverndareftirliti til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir um borð í loftfar.

## 9.2. Flugverndareftirlit

1. Birgjar fyrir flugvistir og aðföng flugfélags skulu sjá um flugverndareftirlit til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í vistir og birgðir sem flytja á um borð í loftfar. Gera skal eftirfarandi ráðstafanir:
  - a) öryggisfulltrúi, sem ber ábyrgð á að framkvæma og hafa yfirumsjón með flugvernd í fyrirtækinu, skal tilnefndur,
  - b) miklar kröfur skulu gerðar um áreiðanleika þegar fólk er ráðið til starfa,
  - c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast kröfur í athugun á bakgrunni og skulu þeir fara að fyrirmælum um flugvernd sem flugvallaryfirvald setur,
  - d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum og birgðum,
  - e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu allar birgðir fluttar til loftfarsins í læstum eða innsigliuðum ökutækjum, og
  - f) meðferð og meðhöndlun vista og birgða skal framkvæmd af starfsfólki sem er ráðið og þjálfað á réttan hátt.
2. Eftir afhendingu skulu vistir og birgðir skimaðar af handahófi.
3. Vistir og birgðir frá fyrirtæki, sem hefur ekki látið gera ráðstafanirnar sem er lýst í 1. lið, skulu ekki teknar um borð í loftfar.

## 10. RÆSTINGAVÓRUR FLUGFÉLAGS

## 10.1. Framkvæmd og markmið

Flugfélög og ræstingafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem gætu teft öryggi loftfarsins í tvísýnu, séu í ræstingavörum sem farið er með um borð.

## 10.2. Flugverndareftirlit

1. Birgjar ræstingafyrirtækja flugfélaga skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur sem flytja á um borð.

Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:

  - a) öryggisfulltrúi, sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu, skal tilnefndur,
  - b) miklar kröfur skulu gerðar um áreiðanleika þegar fólk er ráðið til starfa,
  - c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að svæðum þar sem aðgangur er takmarkaður, skulu standast kröfur í athugun á bakgrunni og skulu þeir fara að fyrirmælum sem flugvallaryfirvald setur,
  - d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,
  - e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að loftfarinu í læstum eða innsigliuðum ökutækjum, og
  - f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt, og
  - g) ræstingavörur skulu skimaðar áður en þær eru sendar með fyrirtækisþósti til annarra ákvörðunarstaða.

2. Eftir afhendingu skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi,
3. Vörur frá fyrirtæki, sem gerir ekki verndarráðstafanirnar sem er lýst í 1. lið, skulu ekki teknar um borð í loftfár.

#### 11. ALMANNAFLUG

##### 11.1. Flugverndareftirlit

1. Ekki skal leggja loftförum í almannaflugi á flugvöllum í næsta nágrenni við loftför sem eru notuð í atvinnuflugi til að komast hjá því að brjóta gegn flugverndarráðstöfunum sem eru gerðar vegna þeirra og vegna farangurs, fárms og pósts sem flytja á um borð.
2. Framfylgja skal ákvæðum um að aðskilja skimaða farþega loftfara í atvinnuflugi frá þeim sem fljúga með loftfari í almannaflugi á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:
  - a) á stórum flugvöllum skal gera ráðstafanir með hindrunum og/eða flugverndareftirliti til að koma í veg fyrir að þeir sem koma eða fara með loftfari í almannaflugi blandist farþegum sem þegar hafa verið skimaðir,
  - b) ef mögulegt er skulu þeir sem koma og fara með loftfari í almannaflugi fara um sérstaka flugstöð fyrir almannaflug og, þegar farið er um borð eða frá borði á hlaði, skal þeim annaðhvort haldið frá farþegum sem hafa verið skimaðir eða þeir fluttir í sérstakri hópþreifð eða bifþreifð eða hafðir undir stöðugu eftirliti,
  - c) ef sérstök flugstöð er ekki fyrir hendi skulu þeir sem fljúga í almannaflugi annaðhvort:
    - i) fara í gegnum sérstakan hluta flugstöðvarbyggingarinnar og fá fylgd eða vera fluttir með hópþreifð eða bifþreifð til og frá loftfarinu,
    - ii) settir í skimun áður en þeir fara inn á haftasvæði flugverndar ef óhjákvæmilegt er að þeir fari um flugstöðina, eða
    - iii) fara í annars konar flugverndareftirlit sem skilar sama árangri, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

#### 12. RÁÐNING OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS

##### 12.1. Innlend þjálfunaráætlun um flugvernd

Viðeigandi yfirvald skal semja og framkvæma innlenda þjálfunaráætlun um flugvernd til að gera flugáhöfn og starfsfólki á jörðu niðri kleift að uppfylla kröfur um flugvernd og bregðast við ólöglegum aðgerðum í flugi.

##### 12.2. Flugverndarstarfsmenn

1. Innlend þjálfunaráætlun um flugvernd skal fela í sér val, hæfni, þjálfun, starfsréttindi og hvatningu fyrir flugverndarstarfsmenn. Fólk, sem er ráðið til að taka að sér flugverndarstörf í fullu starfi eða að hluta, skal uppfylla eftirfarandi kröfur sem viðeigandi yfirvald ákveður:
  - a) stjórnendur, sem skipuleggja og framkvæma þjálfun fyrir flugverndarstarfsmenn, starfsmenn flugfélaga og flugvallarstarfsfólk, skulu hafa nauðsynleg starfsréttindi, þekkingu og reynslu sem skal að lágmarki fela í sér:
    - i) umfangsmikla reynslu í flugverndaraðgerðum,
    - ii) starfsréttindi, samþykkt af viðeigandi, innlendu yfirvaldi eða annað, jafngilt samþykki sem innlenda yfirvaldið gefur út, og
    - iii) þekkingu á eftirfarandi sviðum:
      1. flugverndarkerfum og aðgangsstjórn,
      2. flugvernd á jörðu niðri og í flugi,

3. skimun áður en gengið er um borð,
  4. flugvernd farangurs og farms,
  5. flugvernd loftfara og leit í þeim,
  6. vopnum og bönnuðum hlutum,
  7. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og
  8. öðrum sviðum og aðgerðum sem tengjast flugvernd sem teljast viðeigandi til að auka flugverndarvitund.
- b) yfirmenn og leiðbeinendur, sem taka þátt í og eru ábyrgir fyrir þjálfun flugverndarstarfsmanna og flugvallarstarfsfólks, skulu fá reglubundna, árlega þjálfun í flugvernd og nýjustu framförum á því sviði.
2. Þjálfun flugverndarstarfsmanna

Flugverndarstarfsmenn skulu hjálfaðir til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin; slík þjálfun skal fela í sér, en þó ekki takmarkast við, eftirfarandi flugverndarsvið:

1. skimunartækni og -aðferðir,
2. skimunaraðgerðir á gátstöðum,
3. aðferðir við leit í handfarangri og lestarfarangri,
4. flugverndarkerfi og aðgangsstjórn,
5. skimun áður en gengið er um borð,
6. flugvernd farangurs og farms,
7. flugvernd loftfara og leit í þeim,
8. vopn og hluti sem eru háðir takmörkunum,
9. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og
10. önnur svið sem tengjast flugvernd þar sem talið er að auka þurfi flugverndarvitund.

Heimilt er að auka þjálfun í samræmi við þarfir að því er varðar flugvernd og tækniþróun. Upphaflegur þjálfunartími fyrir starfsmenn, sem framkvæma skimun, skal ekki vera styttri en tilgreint er í tilmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

3. Starfsréttindi flugverndarstarfsmanna

Starfsmenn, sem hafa skimun með höndum, skulu hafa samþykki eða starfsréttindi frá viðeigandi, innlendu yfirvaldi.

4. Hvatning flugverndarstarfsmanna

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að flugverndarstarfsmenn fái mikla hvatningu svo að þeir vinni störf sín af áhuga og skilvirkni.

12.3. **Aðrir starfsmenn**

Áætlun um flugverndarþjálfun og þjálfun til að auka flugverndarvitund flugáhafna og flugvallarstarfsmanna skal miðast við bæði grunn- og framhaldsþjálfun fyrir alla starfsmenn flugfélaga og flugvalla bæði í lofti og á jörðu niðri. Þjálfunin skal stuðla að aukinni flugverndarvitund og einnig umbótum á þeim flugverndarkerfum sem eru í notkun. Hún skal ná yfir eftirfarandi:

1. flugverndarkerfi og aðgangsstjórnun,
2. flugvernd á jörðu niðri og í flugi,

3. skimun áður en gengið er um borð,
4. flugvernd farangurs og farms,
5. flugvernd loftfara og leit í þeim,
6. vopn og bannaða hluti,
7. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og
8. önnur svið og ráðstafanir sem tengjast flugvernd þar sem talið er rétt að auka flugverndarvitund.

Námskeið í flugverndarþjálfun fyrir alla flugvallarstarfsmenn og starfsmenn flugfélags á jörðu niðri, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu skipulögð þannig að þau séu a.m.k. þriggja klukkustunda bóklegt nám og ein klukkustund á vettvangi.

### 13. VIÐMIÐUNARREGLUR UM BÚNAÐ

Búnað, sem er notaður til að stuðla að flugvernd, skal viðeigandi yfirvald samþykka í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru settar fram í þessum þætti.

#### 13.1. Málmeitartæki

##### 1. Málmeitarhlíð

Málmeitarhlíð, sem er notað við skimun farþega á flugvöllum, skal standast eftirfarandi kröfur:

##### a) Öryggi

- i) búnaðurinn skal geta fundið litla hluti úr margs konar málum og vera sérstaklega næmur á hluti sem innihalda einhvers konar járnblöndur við allar fyrirsjáanlegar aðstæður,
- ii) búnaðurinn skal geta fundið málmluti óháð því hvernig þeir snúa og hvar í ramma leitartækisins þeir eru,
- iii) næmi búnaðarins skal vera svo jafnt sem unnt er um allan rammann og skal haldast stöðugt og kannað reglulega.

##### b) Notkunarkröfur

Umhverfið skal ekki hafa áhrif á starfsemi búnaðarins.

##### c) Viðvörunarmerki

Ef málmur finnst skal það gefið til kynna á sjálfvirknan hátt þannig að leitarmaður þurfi ekki að ákvarða slíkt (hleypa í gegn/stöðva-kerfi):

##### d) Eftirlit

- i) Búnaðurinn skal vera stillanlegur til að uppfylla allar tilgreindar kröfur um fundvísir og einnig skal styrkur hljóðmerkis vera stillanlegur.
- ii) Stýring á stillingu fyrir fundvísir skal þannig gerð að komið sé í veg fyrir óheimilan aðgang. Stillingar skulu gefnar til kynna á skýran hátt.

##### e) Kvörðun

Kvörðunaraðferðir skulu ekki vera aðgengilegar óviðkomandi aðilum.

##### 2. Handmálmeitartæki

Handmálmeitartæki, sem er notað við skimun farþega, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) Búnaðurinn skal við allar fyrirsjáanlegar aðstæður geta fundið litið magn af málm í þess að vera í beinni snertingu við hlutinn.
- b) Búnaðurinn skal geta fundið hluti bæði úr járn og öðrum málum.
- c) Leitarspólan skal vera þannig gerð að hún staðsetji auðveldlega málmlut sem finnst.
- d) Á búnaðinum skulu vera heyrnleg og/eða sýnileg viðvörunarmerki.

13.2. **Staðlar og prófunaraðferðir fyrir röntgentæki**1. *Gildissvið*

## a) Búnaður

Þessar kröfur og viðmiðunarreglur fyrir röntgenbúnað skulu gilda um allan skimunarbúnað, byggðan á röntgentækni sem kallar fram myndir sem notandi þarf að lesa úr. Þetta á við um venjulega röntgengeisla, svo og greiningarkerfi fyrir sprengiefni eða sprengibúnað, notuð í myndbirtiham.

## b) Hlutir

Á sama hátt gilda þessar kröfur og viðmiðunarreglur fyrir röntgenbúnað um alla hluti sem eru skimaðir, af hvaða gerð eða stærð sem þeir eru. Skima verður alla hluti, sem fara um borð í loftfar, sem þarf að skima, samkvæmt þeim kröfum sem koma fram í þessum viðauka.

2. *Kröfur um nothæfi*

## a) Vernd

Röntgentækið skal, að því er varðar upplausn, smygni og sundurgreiningu, gera kleift að finna bannaða hluti og tryggja að þeir séu ekki fluttir um borð í loftfar.

## b) Prófanir

Meta skal nothæfi með viðeigandi prófunaraðferðum.

## c) Kröfur um notkun

Röntgentækið skal sýna fullgerða mynd af öllum hlutum sem rúmast í gegnumlýsingargöngunum. Sjást verður út í öll horn.

Halda skal í lágmarki bjögun á hlutum sem er sýndur.

Á belti vélarinnar skulu vera merki sem sýna hvar setja á farangur á beltidi til að sem bestar myndir náist.

Birtumunur: röntgentækið skal geta birt hópa af grátónum (skannað þrengra svið).

Mynd af hverjum hluta farangursins, sem er skimaður, skal sjást á skjánum í a.m.k. 5 sekúndur. Auk þess skal notandinn geta stöðvað beltidi og, ef þörf krefur, látið það ganga til baka þegar frekari rannsókn er nauðsynleg.

Skjástærð: skjárinn skal vera nægilega stór til að notandinn eigi auðvelt með að skoða myndina (venjulega 14 tommur eða meira).

Eiginleikar skjásins: skjárinn skal vera laus við flökt og vera með a.m.k. 800 línum (venjulega 1024 × 1024 myndeiningar, þ.e. skjár með hágæðaupplausn).

Ef notaðir eru tvöfaldir skjáir skal annar aðeins sýna svart-hvita mynd.

Röntgentækið skal sýna útlit hluta sem það getur ekki gegnumlýst.

Röntgentækið skal hafa þá virkni að geta aðgreint lífræn og ólífræn efni (með litum).

Kerfin skulu geta fundið sjálfvirkt hættulega hluti til að auðvelda notandanum leitina.

3. *Viðhald*

Ekki skal gera neinar breytingar sem eru ekki leyfðar, þ.m.t. viðhald eða viðgerðir. Ekki má gera neinar breytingar á vélbúnaði eða hugbúnaði tækisins nema sannreynt hafi verið að það hafi ekki slæm áhrif á myndbirtingu.

Ekki skal skipta um efni í beltinu nema sannreynt hafi verið að það valdi engum breytingum á myndbirtingu.

Ef mótaldr er fyrir viðhald eða uppfærslu skal hafa eftirlit með aðgangi og vakta hann.

*Viðbætur***Viðmiðunarreglur um flokkun bannaðra hluta**

Hér á eftir eru settar fram leiðbeiningar varðandi mögulega lögun vopna og hluta sem eru háðir takmörkunum en þó ber að láta heilbrigða skynsemi ráða við mat á því hvort hægt sé að nota hlut sem vopn.

- i) Skotvopn: öll vopn sem hægt er að hleypa skoti af með sprengikrafti eða samanþjöppuðu lofti eða gasi, þ.m.t. ræsibyssur og byssur til að skjóta blysum.
- ii) Hnífar og skurðarverkfæri: þ.m.t. höggsvörð, sverð, pappahnífar, veidihnífar, hnífar sem eru minjagripir, tæki til bardagaiþrótta, iðnaðarverkfæri og aðrir hnífar með 6 cm löngum blöðum eða meira og/eða hnífar sem teljast ólöglegir samkvæmt landslögum.
- iii) Barefli: vasakylfur, kylfur, hafnaboltakylfur og svipuð áhöld.
- iv) Sprengiefni/skotfæri/eldfimir vökvar/ætandi efni: öll sprengiefni eða ikveikjuefni sem geta, ein eða ásamt öðrum efnum, valdið sprengingu eða eldsvoða. Þetta eru m.a. sprengiefni, hvellhettur, flugeldar, bensín, aðrir eldfimir vökvar, skotfæri o.s.frv. eða samsetning þessara hluta. Það sama gildir um öll ætandi efni og eiturefni, þ.m.t. gastegundir, hvort sem þær eru undir þrýstingi eða ekki.
- v) Hlutir sem gera menn óvirka: táragas hvers konar og svipaðir efnavökvar og lofttegundir, hvort heldur sem er í byssu, hylki eða öðru ílátí, og önnur tæki sem gera menn óvirka, s.s. tæki til að gefa raflost.
- vi) Aðrir hlutir: hlutir eins og ísaxir, broddstafir, rakhnífar og löng skæri sem hægt er að nota sem vopn þótt ekki sé almennt litið á þau sem banvæn eða hættuleg vopn, þ.m.t. leikföng sem eru eftirlíkingar af vopnum og handsprengjum.
- vii) Ýmiss konar hlutir sem geta vakið eðlilegar grunsemdir um að nota megi hlutinn til að líkja eftir lífshættulegu vopni; þetta geta t.d. verið hlutir sem líkjast sprengibúnaði eða vopnum eða líta út fyrir að vera hættulegir.
- viii) Efnafraeðileg eða líffraeðileg vopn og efni:

Möguleikinn á efnafraeðilegum og líffraeðilegum árasum felur í sér notkun efnafraeðilegra eða líffraeðilegra áhrifavalda til að fremja ólöglegar aðgerðir. Slik efnafraeðileg og líffraeðileg efni, sem eru háð takmörkunum, geta m.a. verið, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi: sinnepsgas, vx., klór, sarín, vetnissýaníð, miltisbrand, bótulisma, kúabólu, hérasótt og veirublóðsjúkdóm.

Tilkynna skal þegar í stað til flugvallaryfirvalda, lögreglu, hers eða annarra yfirvalda um hluti ef merki sjást um að þeir innihaldi efnafraeðileg eða líffraeðileg efni eða grunur vaknar um slíkt og skulu þeir einangraðir frá almennum flugstöðvarsvæðum.

**Fylgiskjal III.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 62/2004****2004/EES/43/27****frá 26. apríl 2004****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

*1. gr.*

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

„66i. **32003 R 0622:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9).“

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir einstök ríki.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 622/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***P. Westertlund***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal IV.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2003**

frá 4. apríl 2003

**um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð er best til þess fallin.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.
- 3) Í þessu skyni er nauðsynlegt að heimila að gerður sé greinarmunur á flugvöllum með hliðsjón af mati á staðbundinni áhættu. Því ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flugvelli sem taldir eru vera í litilli hættu.
- 4) Heimila ber einnig að beita megi mismunandi framkvæmdaráðstöfunum eftir því um hvers konar flugstarfsemi er að ræða. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um það ef öðrum ráðstöfunum er beitt til að tryggja jafngilda flugvernd.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Markmið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til framfylgdar og tæknilegrar aðlögunar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, sem taka ber upp í innlendar flugverndaráætlanir í almenningssflugi.

2. gr.

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „Innlend flugverndaráætlun í almenningssflugi“: reglur, starfsvenjur og málsmeðferð sem aðildarríkin samþykkja skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að tryggja flugvernd í almenningssflugi á yfirráðasvæði sínu.
- „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefni skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að bera ábyrgð á samræmingu á og eftirliti með framkvæmd flugverndaráætlunar þess ríkis í almenningssflugi.

3. gr.

**Trúnaðarkvöð**

Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í viðaukanum.

Ráðstafanirnar skulu vera leynilegar og ekki birtar opinberlega. Einungis þeir sem til þess hafa tilskilið umboð aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hafa aðgang að þeim.

4. gr.

**Tilkynning**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um þá flugvelli þar sem þau hafa nýtt sér kostinn sem heimilaður er skv. a- eða c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

5. gr.

**Aðrar ráðstafanir**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um aðrar ráðstafanir sem beitt er í samræmi við lið 4.2 í viðauka við reglugerð (EB) 2320/2002.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. apríl 2003.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Loyola DE PALACIO

*varaforseti.*

—

*VIDAUKI*

**ÍTARLEGAR FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR**

Í samræmi við 3. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fylgiskjal V.ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 109/2004

2004/EES/65/19

frá 9. júlí 2004

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

1. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

Eftirfarandi bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssvæði <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ásamt aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

- **32004 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 (Stjtið. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 68/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kjartan Jóhannsson**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, p. 12.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal VI.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2004**

frá 15. janúar 2004

**um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd <sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.
- 2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 3) Engu að síður er þörf á samræmdri skrá, sem almenningur hefur aðgang að, þar sem taldir eru upp þeir hlutir, sem farþegum er bannað að bera inn á haftasvæði og inn í farþegarými loftfars, og þeir hlutir sem bannað er að hafa í farangri sem geymdur er í lest loftfarsins.
- 4) Vitað er að slík skrá getur aldrei verið tæmandi. Viðeigandi yfirvald ætti því að hafa heimild til að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem eru í skránni.

Rétt er að tilkynna farþegum á skýran hátt, fyrir og við innskráningu, hvaða hlutir eru bannaðir.

- 5) Einnig skulu vera samræmdar reglur um starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, og rétt starfsfólks til að flytja með sér hluti sem eru nauðsynlegir til að það geti sinnt starfi sínu en eru bannaðir farþegum.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglu eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Markmið**

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórntíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. febrúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

VIDAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórntíðindum Evrópusambandsins*.<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjóð. EB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

**Fylgiskjal VII.****ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 155/2004****frá 29. október 2004****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004 frá 24. september 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi <sup>(2)</sup> var felld inn í samninginn, með aðlögunar-ákvæðum fyrir einstök lönd, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi <sup>(3)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, skal felld inn í samninginn.

**ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:***1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0849:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 849/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 55 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Fylgiskjal VIII.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 849/2004**

frá 29. apríl 2004

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugli**

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 2320/2002 til samræmis við þetta.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*I. gr.*með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2320/2002:

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

1) Eftirfarandi skilgreining bætist við 2. gr.:

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

„4) „aðgreint svæði“: svæði sem er aðgreint frá öðrum haftasvæðum flugverndar á flugvelli með aðgangseftirliti.“

1) Í reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(3)</sup> eru settar samræmdar reglur á sviði flugverndar í almenningflugli.

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

2) Beiting reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 hefur sýnt að þörf er á tæknilegum breytingum. Þessar breytingar miða hvorki að því að breyta gildissviði reglugerðarinnar né heldur hafa þær á neinn hátt áhrif á vernd farþega í almenningflugli.

– eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002 er leyft að önnur, en þó fullnægjandi, flugverndarstig verði ákveðin fyrir minnstu flugvöllina. Í samræmi við það er leyft að sama, fullnægjandi flugverndarstig gildi bæði á flugtaks- og lendingarstað.

„3. Á grundvelli mats á staðbundinni áhættu, og ef beiting flugverndarráðstafananna, sem eru tilgreindar í viðaukanum, er misjöfn eða ef ekki er hægt að beita þeim af hlutlægum hagkvæmnisástæðum, geta viðeigandi yfirvöld í aðildarríki samþykkt innlendar verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd á flugvöllum:

a) þar sem tvær flugferðir í atvinnuskyni á dag eru árlegt meðaltal að hámarki eða

<sup>(1)</sup> Álit var skilað 28. janúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 29. apríl 2004.<sup>(3)</sup> Stjóttíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

b) þar sem einungis er um að ræða almannaflug eða

c) Þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti,

að teknu tilliti til sérkenna slíkra, litilla flugvalla.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þessum ráðstöfunum.“

– eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a) Ákvæði 3. mgr. geta einnig gilt um aðgreind svæði flugvalla:

a) Þar sem einungis er um að ræða almannaflyg eða

b) Þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti.

Tilgreina skal aðgreint svæði í flugverndaráætlun flugvallarins.

Tilkynna skal um þetta til ákvörðunarflugvallarins, að því er varðar hvert flug frá aðgreindu svæði flugvallar, fyrir komutíma flugsins.“

3) Í 7. gr. koma orðin „undir eftirliti“, „samræmis eftirlit“, „eftirlitsmenn“ og „samræmis eftirlitsskýrslur“ í stað

orðanna „skoðaðir“, „úttekt“, „skoðunarmenn“ og „úttektarskýrslur“.

4) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

– eftirfarandi málsgrein bætist við í lið 5.2.:

„3. Undanþágur

Setja má lestarfarangur þeirra sem eru tilgreindir í 3. lið liðar 4.1 í sérstaka skimunarmeðferð eða undanþiggja hann skimun.“

– eftirfarandi komi í stað lokasetningarinnar í b-lið 1. liðar í lið 7.3:

„svo að tryggt sé eins og hægt er að í honum sé enginn bannaður hlutur eins og tilgreint er í iv- og v-lið í viðbætinum, nema tilkynnt hafi verið um hann og tryggilega séð um að gildandi öryggisráðstafanir nái til hans og“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. McDOWELL

*forseti.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Dimmuhvarf 14. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. janúar 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 14 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að norðvestan núverandi íbúðarhúss er bætt við byggingarreit fyrir vinnustofu á 1. hæð, að hámarki 112,5 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Funahvarf 2. Grunnskóli. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 21. október 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Funahvarf. Í breytingunni felst að lóð stækkar, fyrirkomulag bílastæða breytist og þeim fjölgar og afmörkun byggingarreitar breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bláfjöll. Skíðasvæði. Deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 3. febrúar 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Í tillögunni felst afmörkun skíðasvæðis, skíðabrekku og svæðis fyrir skíðagöngu. Þar eru jafnframt skilgreindir byggingarreitir fyrir skíðalyftur, þjónustuhús, skála-byggingar og viðbyggingar við núverandi skála og skemmur. Gert er ráð fyrir stækkun núverandi bílastæða sem og nýjum bílastæðum í tengslum við nýbyggingar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 5. apríl 2005.*

**Birgir H. Sigurðsson** skipulagsstjóri.





